

ÍÐUNN ANTONSDÓTTIR

Riddarateppið góða miðja heimilisins

heimili  
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBYLI

Skyggst í skúffur hjá matreiðslumeistara

Sérblað um hibyli og eldhús  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FASTEIGNIR

Einbýli með tveimur auka íbúðum í kjallara

Sérblað um fasteignir  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júní 2008 – 169. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Áhyggjur af Hrafseyri

Hemma Gunn er mjög umhugað um safn Jóns Sigurðssonar á Hrafseyri enda var hann þar safnstjóri í tvö sumur.

FÓLK 21



### Listasafn Einars Jónssonar 85 ára

Fyrsta listasafnið opnað almenníngi á Íslandi.

TÍMAMÓT 18

### Framtíð Glanna óráðin

Ekki er víst að Stefán Karl muni skarta hökunnri risavöxnu aftur í bráð.

FÓLK 30

### Hólmar Örn er bestur

Hólmar Örn Rúnarsson er besti leikmaðfyrsta þriðjungs Landsbankadeildar karla sem gerður er upp í dag.

ÍPRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG



**MILT VEDUR** Í dag verður víða hæg norðvestlæg átt. Bjart fyrir norðan og austan en skýjað eða skýjað með köflum annars staðar. Skúrir á víð og dreif fyrir sunnan og vestan. Hiti 10-15 stig.

VEDUR 4

## ÚTVARPSHLUSTUN



Helstu hlustun á landinu 26. maí - 1. júní 2008

RÚV

TAKK FYRIR AÐ HLUSTA

# Sjö af tíu vilja Baugsrannsókn

Mikill meirihluti telur rétt að hafin verði rannsókn á því hvort Baugsmálið eigi sér pólitískar rætur, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Afgerandi stuðningur kjósenda allra flokka, utan Sjálfstæðisflokks.

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjötíu prósent segja rétt að rannsaka hvort Baugsmálið eigi sér pólitískar rætur, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 30,0 prósent segja ekki rétt að hefja slíka rannsókn.

Hæstiréttur staðfesti hinn 5. maí dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um þriggja mánaða fangelsi yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, skilorðsbundið fyrir bókhaldsbrot, en að Jón yrði sýknaður af öðrum ákærum. Þá var Jón Gerald Sullenberger einnig dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að útbúa rangan reikning og Tryggvi Jónsson var dæmdur í tólf mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að draga að sér fé frá Baugi

og rangfæra bókhald. Sex ár voru þá liðin frá því að rannsókn Baugsmálsins hófst.

Konur eru því frekar fylgjandi að rannsókn verði hafin á Baugsmálinu en karlar. Af konum telja 73,5 prósent rétt að hefja rannsókn á upphafi málsins, en 66,6 prósent karla. Þá eru kjósendur búsettir á landsbyggðinni frekar fylgjandi rannsókn en kjósendur á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni vilja 77,3 prósent kjósenda að rannsókn verði hafin, en 65,1 prósent kjósenda á höfuðborgarsvæðinu.

Ef litið er til stuðnings á rannsókn eftir fylgi við stjórnmalaflokka segist meirihluti kjósenda allra flokka vilja hefja rannsókn á

**TELUR ÞÚ RÉTT AÐ RANNSAKA HVORT BAUGSMALIÐ HAFI ÁTT SÉR PÓLÍTIÐSKAR RÆTUR?**



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 21.06

upphafi málsins. Stuðningurinn er þó minnstur meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks, 55,0 prósent. Stuðningurinn er mestur meðal kjósenda

Samfylkingar, 86,9 prósent. Þá segjast 82,9 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins, 78,4 prósent kjósenda Vinstri grænna, 69,8 prósent kjósenda Framsóknarflokks og 64,8 prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk telja rétt að rannsókn hefjist á rót Baugsmálsins.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 21. júní og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Telur þú rétt að rannsaka hvort Baugsmálið hafi átt sér pólitískar rætur? Tóku 89,5 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar.

- ss / sjá síðu 6



Á KAFI Stormurinn á laugardag hafði áhrif um allar Filippseyjar. Óveðrið olli flóðum, aurskriðum og rafmagnsleysi. Að minnsta kosti 137 manns fórust í óveðrinu, fyrir utan þá sem hurfu í skipsskaðanum.

## Ferju hvolfdi við Filippseyjar: 700 farþegar hurfu sporlaust

**FILIPPSEYJAR, AP** Björgunarsveitir hafa fundið fá ummerki um rúmlega 700 farþega ferju sem hvolfdi í óveðri undan strönd Filippseyja á laugardag. Aðeins tíu manns hafa fundist á lífi og sex látnum hefur skolað upp á strönd.

„Ég held að þau séu öll dáin,“ sagði Reynato Lanoria, sem var einn þeirra fáu sem björguðust. Hann sagði að meirihluti fólksins hefði setið fast inni í sökkvandi skipinu. Björgunarsveitamenn köfuðu niður að skipinu, en fengu engin viðbrögð þegar þeir börðu í skipsskrokkinn. Engin merki voru um fólk á lífi í sjónum þar sem skipið sökk. Hætta varð leit í gærkvöld vegna veðurs, en hún heldur áfram í dag.

Forseti Filippseyja, Gloria Arroyo, hefur krafist svara um af hverju ferjan fékk að leggja úr höfn, þrátt fyrir viðvaranir um yfirvofandi storm.

- sgi

Icelandair Group fækkar ferðum, sker niður kostnað og segir upp starfsfólki:

## Þrjú hundruð manns missa vinnuna

**VINNUMARKAÐUR** Um 300 starfsmenn Icelandair Group, móðurfélags flugfélagsins Icelandair, fá uppsagnarbref í dag og næstu daga í kjölfar þess að stjórnendur félagsins ákváðu að ráðast í umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir í ljósi erfiðleika í rekstri, meðal annars vegna síhækkandi eldsneytisverðs.

Boðað hefur verið til fundar með starfsfólki á morgun. Uppsagnirn-

ar taka til flestra þátta í starfsemi félagsins, en snerta einkum flugmenn, flugliða og starfsfólk í fyrirtækjum sem þjónusta flugvélar Icelandair á Keflavíkurflugvelli.

Meðal annarra atriða í þeim aðhaldsaðgerðum, sem ákveðnar hafa verið, eru fækkun ferða á ýmsa áfangastaði auk þess sem til skoðunar er að hætta flugi á tiltekna borgir vegna aukins kostnaðar.

Icelandair hefur í gegnum tíðina oft brugðist við árstíðabundnum sveiflum með uppsögnum starfsfólks, en þær uppsagnir sem nú hafa verið ákveðnar eru með þeim umfangsmestu í sögu flugrekstrar hér á landi. Helst er að finna samjöfnuð frá haustinu 2001, þegar hrun varð í alþjóðaflugi í kjölfar hryðjuverkanna í New York og Washington 11. september það ár.

- bih



**HVUTTINN GUS** Veikindi hafa tekið sinn toll á útliti Gus. NORDICPHOTOS/AFP

Hundurinn Gus:

## Ljótastur í heimi

**BANDARÍKIN, AP** Hundurinn Gus, sem er með þrífættur, eineygður og hárlaus, var krýndur ljótasti hundur heims á hátíð í Bandaríkjunum á laugardag.

Gus er af tegundinni Chinese crested, en slíkir hundar eru oft sigursælir í þessari árlegu keppni. Gus hefur barist við húðkrabbamein og missti fótlegg vegna veikindanna. Augað missti hann í slagsmálum við kött.

Verðlaunaféð hyggst eigandinn nota til að greiða geislameðferð hundsins.

- sgi

18. - 24. júní allir 12 tommu bátar á... **600 kr.** **Stjörnuvika** **SUBWAY**

## SPURNING DAGSINS



Sigurður, hlakkar þér ekki ýkt til þegar liðið verður orðið ókei að skrifa og allt þannig, eða hvað?

„Málfarið er þannig að ég skil ekki spurninguna.“

Sigurður Lindal lagaprófessor segir vankunnáttu háskólanema í íslensku valda kennurum auknu álagi.

Knattspyrnugóð í hættu:

## Pelé rændur af byssumönnum

**BRASÍLÍA, AP** Gengi ungra byssumanna rændi brasilíska fótbolta-hetjuna Pelé fyrir utan borgina Santos í Brasilíu.



Bófarnir hirtu gullhálsmen, farsíma og úrið hans og ógnuðu honum með byssum og hnífum. Pelé lét lögreglu ekki vita af ráninu, sem átti sér stað 13. júní síðastliðinn. Ræningjarnir voru á annan tug og stöðvuðu bifreið knattspyrnugóðsins í fátækrahverfi. Pelé sagði drengjunum hver hann væri, en þeir rændu hann engu að síður.

Pelé varð þrisvar sinnum heimsmeistari með landsliði Brasilíu. Ríkisstjórnin gaf honum titilinn „þjóðargarsemi“ árið 1999 og hann var valinn íþróttamaður aldarinnar af Ólympíunefndum þjóða heimsins.

- sgj

Könnun á bílnotkun:

## Tæp 87 prósent keyra minna

**KÖNNUN** Tæp 87 prósent landsmanna hafa dregið úr akstri eftir nýlegar hækkningar á eldsneyti, samkvæmt nýrri könnun sem Capacent gerði fyrir Stöð 2 og birt var í gærkvöldi.

Í könnuninni kom fram að 52,5 prósent karla sögðust hafa dregið mikið eða nokkuð úr notkun á bílunum, en öllu fleiri konur, eða 62,2 prósent. Þá kom fram að þeir sem hæstar tekjur hafa eru ólíklegastir til að draga úr bílnotkun.

Könnunin var gerð dagana 12. til 16. júní. Úrtakið var tæplega 1.140 manns á aldrinum 16 til 75 ára. Svarhlutfall var 51 prósent.

- kg

Meðalökumaðurinn getur sparað rúmar 20 þúsund krónur á ári með vistakstri:

## Fimm aksturshermar væntanlegir

**STJÓRNMÁL** Fimm aksturshermar verða fluttir til landsins síðsumars en í þeim verður fólki kenndur svonefndur vistakstur.

Í vistakstri felst að nýta vélarafl bílsins sem best með því að halda vélinni á réttum snúningi og vera í réttum gír.

Ríkisstjórnin ákvað í síðustu viku að styrkja Evrópuverkefni í vistaksturskennslu um þrjár milljónir króna. Er sú ákvörðun tekin í kjölfar þjóðhátíðarræðu forsætisráðherra en í henni sagði hann nauðsynlegt að efla fræðslu um vistakstur.

Auk ríkisins eru Toyota á Íslandi og VÍS bakhjarlar verkefnisins

en Landvernd annast framkvæmd þess í samstarfi við Orkusetrið.

Stefnt er að því að kenna um tíu þúsund ökuómönnum vistakstur á tölfrá mánuðum. Að auki verða hermarnir notaðir á viðburðum og kynningum þar sem fólk fær að prófa þá.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu er samfélagslegur ávinningur af vistakstri sagður mikill. Felst hann helst í minni mengun, lægri slysatíðni og minni innflutningi á eldsneyti. Segir í tilkynningunni að eyðsla og útblástur þeirra sem tileinka sér vistakstur minnki um fimm til tíu prósent.

- bps



LÆRT AÐ AKA Vistakstur verður kenndur í þar til gerðum ökuhermum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Mannfjöldi í Reykjanesbæ:

## Skorið á hjólbarða bifreiða

**REYKJANESBÆR** Töluverður mannfjöldi var í miðbæ Reykjanesbæjar aðfaranótt sunnudags og erilsamt hjá lögreglu.

Tveir ökumenn voru kærðir fyrir ölvun við akstur og einn fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Einnig voru tveir menn handteknir fyrir óspektir á almannaferi. Annar þeirra hafði fíkniefni í fórum sínum. Þá var einn maður handteknur vegna líkamsárásar í heimahúsi.

Á sunnudagsmorgun barst lögreglunni svo tilkynning um að skorið hefði verið á hjólbarða sjö bifreiða við Háaleiti í Reykjanesbæ.

- kg

# Ómenntaður betri við stýrið en enginn

Enginn sótti um starf sjúkraflutningamanns í Snæfellsbæ þegar starfið var auglýst. Bæjarstjóri biðlar til starfsmanna sinna að taka að sér starfið. Talsmaður sjúkraflutningamanna er ósáttur við að ómenntaðir menn vinni á bílunum.

**SNÆFELLSBÆR** „Við erum ekki sáttir við að ómenntaðir menn séu að vinna á bílunum,“ segir Sveinbjörn Berentsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna, um þann vanda sem nú ríkir í sjúkraflutningamállum í Snæfellsbæ.

„Það er ekki sama hvernig þetta er gert. Auðvitað þarf að mennta mannskapinn,“ segir Sveinbjörn.

Hann segir að svo framfarlega sem hæfir starfsmenn sæki um og uppfylli grunnkröfur sjúkraflutningaskólans um menntunarkröfur sé þetta í lagi.

Heilsugæslan í Snæfellsbæ auglýsti fyrir skemmstu eftir fólki til að gegna starfi sjúkraflutningamanna. Engin umsókn barst.

Forsvarsmenn heilsugæslunnar höfðu þá samband við Snæfellsbæ um hvort bæjarfélagið gæti komið til móts við þá. Bæjarstjóri hélt í kjölfarið fund með starfsmönnum og biðlaði til þeirra að sækja um starfið. „Við erum reiðubúnir að liðka til fyrir heilsugæsluna ef einhverjir starfsmenn bæjarins vilja verða sjúkraflutningamenn,“ segir Kristinn Jónsson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Kristinn segir málið snúast um að manna stöðurnar og að bæjarbúar hafi í langan tíma þrýst á að fleiri sjúkraflutningamenn væru til staðar í bæjarfélaginu. „Ef eitthvað kemur upp á viljum við búa við öryggi. Það er öruggara að hafa einhvern til þess að keyra sjúkrabílinn þótt hann sé ómenntaður,“ segir Kristinn.

Björg Bára Halldórsdóttir,



SLYSSTAÐUR Mikilvægt er að hafa rétt vinnubrögð og kunna vel til verka á vettvangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**HILDIGUNNUR SVAVARSDÓTTIR** Hún segir engan mega vinna við sjúkraflutninga nema hafa til þess menntun.

FRÉTTABLAÐIÐ/KJK

framkvæmdastjóri heilsugæslunnar í Snæfellsbæ, segir nokkra bæjarbúa hafa lýst yfir áhuga. „Þeir byrja í aðlögun með reynd-

um manni og hefja svo nám í skólanum í haust,“ segir Björg Bára.

Til þess að verða sjúkraflutningamaður þarf fólk að sækja 128 tíma námskeið á vegum Sjúkraflutningaskólans á Akureyri.

Í kjölfar námsins er síðan sótt um starfsréttindi til landlæknis. „Það má enginn vinna við sjúkraflutninga nema hafa til þess menntun samkvæmt lögum,“ segir Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans á Akureyri.

Hún segir að þó sé leyfilegt að hafa svokallaða vettvangshjálparliða til að veita fyrstu hjálpu áður en menntaðir sjúkraflutningamenn koma á staðinn. vidirp@frettabladid.is



HVOLPURINN Marinn og dofinn en ekki vannæður.

Eigandi særða hvolpsins:

## Gaf sig fram við lögregluna

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi hvolps sem fannst grafinn undir grjóti við Kúagerði á laugardag virðist vera fundinn. Samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á Suðurnesjum gaf einstaklingur sig fram í gær og kvaðst vera eigandinn.

Málið er enn í rannsókn og engar nánari upplýsingar um það fengust frá lögreglunni sem þó upplýsti að hvolpurinn væri enn á Dýraspítalanum í Víðidal. Að sögn Helga Sigurðssonar dýralæknis er hvolpurinn óðum að ná sér en er þó enn lítillaga dofinn á annarri framloppunni undan farginu sem hann var fastur undir.

- gar

### SAMGÖNGUR

#### Vilja fleiri Hriseyjarferðir

Hriseyjar hafa beðið Kristján L. Möller samgönguráðherra um að ferðum ferjunnar Sævars verði fjölgað um tvær ferðir síðdegis og eina ferð að morgni. Bæjarráð Akureyrar hvetur jafnframt samgönguráðuneytið að endurskoða ferðatíðnina í samráði við eyjaskeggja.

### AKUREYRI

#### Á fjórða tug keyrði of hratt

Lögreglan á Akureyri stöðvaði 34 ökumenn fyrir of hraðan akstur yfir helgina. Þykir það með mesta móti, sé tekið tillit til fremur lítills umferðarpunga miðað við aðstæður.

## Hver vaktar þitt heimili?



### Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds

- Þú prófar í 2 mánuði, engin krafa um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörðun og vatnsviðvörðun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, gríptu tækifærið núna.

Í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

Pantaðu núna á [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)



Skemmdarverk framin á smíðavöllum borgarinnar um helgina:

## Þarf að byrja alveg upp á nýtt

**REYKJAVÍK** „Ég er alls ekki ánægður með þetta og vil að þessum skemmdarvörögum verði náð,“ segir Daði Ómarsson, átta ára nemandi í Háskóla í Grafarvogi. Forlata kofi, sem Daði hefur eytt tveimur vikum í að byggja á smíðavelli á Foldaskólalóðinni, hefur verið lagður í rúst tvær helgar í röð. Einnig hafa fleiri kofar verið skemmdir á löðinni.

Daði var kominn vel á veg með smíði kofans þegar óprúttir aðilar eyðilögðu hann fyrir fyrir tíu dögum. Hann lét það ekki á sig fá og hófst handa við endurbyggingu kofans. Allt gekk eins og í sögu þar til skemmdarvargar létu aftur til sín taka um helgina. „Ég átti bara eftir að klára háaloftið og setja þakið á. Núna verð ég að byrja alveg upp á nýtt,“ segir Daði vonsvikinn. „Ég veit ekki hverjir gera svona. Það eru öryggismyndavélar utan á skólanum, en engin þeirra sér hvað gerist á skólalóðinni.“

Skemmdarverkin á löð Foldaskóla eru ekki einsdæmi. Á laugardagskvöldið þurfti að kalla til slökkvilið þegar kveikt var í kofum á smíðavelli við Árbæjarskóla. Það er vonandi að lát verði á enda illa farið með sumarstörf yngstu þegnanna.

- kg



EYÐILEGGING Kofinn hans Daða hefur verið skemmdur tvær helgar í röð.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Viltu eiga annan af þessum?

Hannaðu þinn  
eigin bol á  
nova.is!

Aðeins **790 kr.**

Fólk sem  
les bolli ætíð  
kannski  
frekar að  
lesa bækur  
770 1313

**Nokia 6120**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



**Sony Ericsson K660i**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímamann  
og honum fylgir 2.000 kr. símnótun á mánuði í 12 mánuði  
– þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann!

DAGUR & STEINI

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	80,21	80,59
Sterlingspund	158,58	159,36
Evra	125,16	125,51
Dönsk króna	16,782	16,88
Norsk króna	15,559	15,651
Sænsk króna	13,317	13,395
Japanskt jen	0,7448	0,7492

SDR	129,98	130,76
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
161,1595  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ABC barnahjálpar fagnar 20 ára afmæli í þessar viku:

# Mörg börn vantar styrktaraðila

**SAMFÉLAGSMÁL** ABC barnahjálpar fagnaði tuttugu ára afmæli sínu á laugardagskvöld með stórtónleikum á Viðistaðatúni í Hafnarfirði. Nokkur þúsund manns mættu á tónleikana, að sögn Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur, formanns ABC barnahjálpar. „Þetta voru æðislegir tónleikar og tuttugu metra afmæliskakan sem við buðum upp á kláraðist nánast,“ segir Guðrún.



**BÖRN Í ÚGANDA** ABC barnahjálpar leitar styrktaraðila fyrir 9.000 börn í Afríku.

ABC stendur nú fyrir dagskrá í tíu kvöld í röð, þar sem eitt land verður kynnt á hverju kvöldi til 29. júní, og eru fulltrúar ABC í hverju landi komnir til Íslands til að sjá um kynningarnar. Pakistan

og Líbería hafa þegar verið kynnt en næstu kvöld verða löndin Kenýa, Senegal, Gínea Bissá, Ind-

land, Rúanda, Filippseyjar, Úganda og Búrúndí Faso kynnt.

„Allar kynningarnar hefjast klukkan 20 í Viðistaðakirkju. Þar verður boðið upp á frábær tónlistaratriði, kaffiveitingar og spjall eftir á,“ segir Guðrún.

Takmark ABC barnahjálpar er að 20.000 börn hafi styrktaraðila í árslok, en nú njóta um 11.000 börn stuðnings ABC. „Það kemur í ljós hvort þetta næst, en okkar helsta markmið er að koma börnum í skóla og heimilislausum í skjól. Það eru um 300 þúsund munaðarlaus börn í Líberíu, þannig að þörfin er gríðarleg,“ segir Guðrún að lokum.

# Sparað með löglegum hraða

**ORKUMÁL** Ökumenn í þjóðvegakstri geta sparað töluvert magn af bensíni með því einu að halda sér á löglegum hraða, segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB). Hann tekur sem dæmi að með því að auka hraðann úr níutíu kílómetrum á klukkustund, algengum löglegum hámarkshraða á þjóðvegum, í 105 kílómetra geti eyðslan aukist um allt að tuttugu prósent.

Runólfur segir það einnig geta tryggt verulegan sparnað að halda jöfnum hraða í innanbæjarakstri.

- ag

- kg



**FRÁ ÞJÓRSÁ** Veiðifélagið fullyrðir að virkjanir muni hafa mikil áhrif á fiskgengd í Kálfá og vill funda með fulltrúum Landsvirkjunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/LOFTMYNDR

Veiðifélag Þjórsár:

## Virkjanir hafa áhrif á laxinn

**UMHVERFISMÁL** Samþykkt var á aðalfundi Kálfárdeildar Veiðifélags Þjórsár að biðja um fund með fulltrúum Landsvirkjunar.

Afar óeðlilegt sé að fyrirtækið stjórn vatnsrensli árinna með hagsmuni netaveiðibænda í lágsveitum að leiðarljósi.

Einnig sé látið sem virkjanir komi landeigendum við Kálfá ekkert við, en þeir telji sig hafa beinna hagsmuna að gæta.

„Virkjanir munu hafa mikil áhrif á fiskgengd í Kálfá, en undanfarn ár hefur verið unnið að því að byggja upp laxastofninn í ánni,“ segir í tilkynningu sem kallast Óánægja landeigenda. - kóp

Rannsóknarsetur HÍ:

## Smáríkjaskóli hefst í dag

**MENNTUN** Um fjörutíu nemendur og kennarar frá sextán löndum taka þátt í alþjóðlegum sumarskóla Rannsóknarseturs um smáríki og Evrópusamrunann, sem hefst í dag við Háskóla Íslands.

Heimsþekktir erlendir fræðimenn á sviði smárikjarannsóknar og Evrópufræða sinna kennslu við skólann. Skólinn er starfræktur til 5. júlí, í samstarfi við elflefu erlenda háskóla.

- kg

# Tsvangirai hættir í skugga ofbeldisöldu

Leiðtogi stjórnarandstöðu Simbabwe hefur dregið framboð sitt til forseta til baka vegna ógnana stjórnarsinna. Robert Mugabe er einn í kjöri á föstudag.

**SIMBABVE, AP** Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabwe, Morgan Tsvangirai, dró í gær til baka forsetaframboð sitt vegna ofbeldis og ógnana, að eigin sögn. Tsvangirai sagði að kúgun ríkisstjórnar Roberts Mugabe ylli því að ekki væri mögulegt að halda sanngjarnar kosningar.

Tsvangirai tilkynnti ákvörðun sína á blaðamannafundi í kjölfar þess að þúsundir stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar réðust á gesti fjöldafundar hans. Að minnsta kosti 85 manns hafa dáði í ofsóknunum undanfarna mánuði, þúsundir særst og enn fleiri verið reknir frá heimilum sínum.

„Við getum ekki beðið almenning um að kjósa, þegar atkvæði fólks geta kostað það lífið,“ sagði Tsvangirai. „Við munum ekki lengur taka þátt í þessum sýndarkosningum. Mugabe hefur lýst yfir stríði og við viljum ekki vera þátttakendur í því.“

Tsvangirai hvatti Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið og aðrar alþjóðastofnanir til að bregðast við ástandinu.

Upplýsingaráðherra Simbabwe, Sikhanyiso Ndllovu, sagði að kosningarnar færu fram á föstudag eins og áætlað væri. Ndllovu kallaði Tsvangirai skræfu og handbendi vestrænna stórvelda og kenndi honum um ofbeldisöldu undanfarnna vikna.

Robert Mugabe, hinn 84 ára gamli forseti Simbabwe, hefur stýrt landinu í 28 ár, allt frá því að það fékk sjálfstæði frá Bretum. Tsvangirai sigraði Mugabe í fyrstu umferð forsetakosninganna, en fékk ekki hreinan meirihluta. Því þarf að kjósa aftur.



**DREGUR FRAMBOÐ SITT TIL BAKA** Morgan Tsvangirai segir ómögulegt að halda kosningar í skugga ógnana og ofbeldis.

NORDICPHOTOS/AFP

„Við getum ekki beðið almenning um að kjósa, þegar atkvæði þeirra getur kostað þá lífið.“

**MORGAN TSVANGIRAI** LEIÐTOGI STJÓRNARANDSTÖÐU SIMBABVE.

Tsvangirai segir að síðan þá hafi verið komið fram við hann eins og ótíndan glæpamann. Lögreglan hafi hindrað ferðir hans um landið og ríkisfjölmiðlar

meinað honum að birta auglýsingar. Tendai Biti, næstráðandi Tsvangirais, var handtekinn fyrir viku og sætir ákæru fyrir landráð.

Bandarísk stjórnvöld hafa fordæmt aðgerðir Mugabe og krafist þess að ofbeldinu linni. Mugabe hefur sætt gagnrýni undanfarn ár fyrir harðstjórn og gríðarlega óstjórn í efnahagsmálum. Verðbólga í landinu er sú mesta í heiminum og mældist í apríl yfir 100.000 prósent

steindor@frettabladid.is

Forsetakosningar vestra:

## Óttast að Barr nái atkvæðum

**ATLANTA, AP** Repúblikanar óttast að fyrrverandi þingmaðurinn Bob Barr muni fá atkvæði sem annars myndu falla í hlut John McCain í forsetakosningum sem fara í Bandaríkjunum í nóvember.

Þó svo að repúblikanar óttist ekki að frjálsbyggjuflokkur Bobs Barr komist til valda vilja



JOHN MCCAIN

stjórnmalasérfræðingar meina að órói harðra íhaldssinna gagnvart John McCain muni koma sér vel fyrir Barr.

Tad Devine, pólitískur ráðgjafi demókrata, segir repúblikana vera þrjálaða ef þeir óttist ekki Barr og telur engan vafa leika á því að öll atkvæðin sem hann muni hljóta komi frá fyrrverandi kjósendum McCains.

- ag

Minnihlutinn á Álftanesi:

## Segja skipulagt fyrir forsetann

**SVEITARSTJÓRNIR** „Tillagan virðist fyrst og fremst gerð með það í huga að taka út löðina Miðskóga 8,“ bókuðu fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks þegar meirihluti Á-lista í skipulagsnefnd Álftaness samþykkti breytingu á deliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis. Sjávarlóðin Miðskógar 8 er framan við einbýlishús forseta bæjarstjórnar.

Fulltrúar meirihlutans segja hina umdeildu löð víkja af mál-efnalegum forsendum og hafna því að verið sé að þjóna persónulegum hagsmunum forseta bæjarstjórnar. Ef með þurfi verði eigna löðarinnar greiddar bætur. Nýrri umsókn hans um byggingarleyfi á löðinni var frestað.

- kg

**STIGAR OG HANDRÍÐ ÚR GLERI OG STÁLI**

**ÚTI SEM INNI**

**ATLANTSKAUP** Upplýsingar á [www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)  
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

**VEÐURSPÁ**

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	18°
Billund	16°
Ósló	18°
Stokkhólmur	20°
Gautaborg	17°
London	17°
Paris	23°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	26°
Berlín	24°
Alicante	27°
Mallorca	25°
Basel	28°
Eindhoven	19°
Las Palmas	22°
New York	30°
Orlando	33°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**Elisabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**HÆGVÍÐRI** Það verður áframhaldandi hægviðri víðast hvar á landinu næstu daga. Búast má við því að það munu skiptast á skín og skúrir sunnan og vestan til. Þurrst að mestu og bjart á austanverðu landinu.

**Á MORGUN** Hæg breytileg átt. Skúrir sunnan og vestan til.

**MÍÐVIKUDAGUR** Hæg breytileg átt. Skúrir á víð og dreif.

# Hágæða eldhústæki

- fyrir nútíma heimili



**KitchenAid**  
FOR THE WAY IT'S MADE.

Mest selda heimilisvél  
veraldar í 65 ár!



KitchenAid blandarinn  
- ímynd hins besta!



Drottning brauðristanna!



*Sérstök  
brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með  
Ísámuðum nöfnum sínum og brúðkaupsdegi



Íslensk matreiðslu- kennslubók í lit ásamt  
alþjóðlegum uppskriftum fylgir.  
Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KJÖLFESTA Á HEIMILUM



ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



Saeco Odeio Giro

## Eigið kaffihús heima!

Lagið alla uppáhalds kaffidrykkina á heimilinu!

Espresso, café latte og cappuccino nákvæmlega eftir eigin smekk.



**Saeco**

PRIMEA cappuccino • Fjölbreytt úrval fylgihluta og bolla • Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi • Bragðefni frá Fabbri



**GAGGIA**

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum  
espresso og cappuccino kaffivélum.



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)

OFNAR • ELDAVÉLAR • HELLUBORÐ • HÁFAR • KAFFIVÉLAR • KÆLISKÁPAR • UPPÞVOTTAVÉLAR

## KJÖRKASSINN



Telur þú að Barack Obama verði sigurvegari forsetakosninganna í Bandaríkjunum?

Já	76,7%
Nei	23,3%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú núverandi ríkisstjórn Íslands?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Veidifélag Varmár og Þorleifslækjar vill að bærinn borgi leiguna eftir klórslysið:

## Vilja 2,3 milljóna leigu bættu

**SVEITARSTJÓRNIR** „Við höfðum veika von um að ríkið myndi gefa eftir sinn hluta,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Hveragerðisbær er krafinn um 2,3 milljónir króna í bætur eftir klórslysið í Varmá í fyrrahaust. Ekkert verður veitt þar á stöng í sumar því klórleikinn sem kom úr sundlauginni í Laugaskarði drap nánast allt kvíkt í ánni neðan laugarinnar. Stangaveidifélag Reykjavíkur sem hefur ána á leigu vill ekki greiða leiguna, sem nemur áðurnefndum 2,3 milljónum króna. Veidirettarhafarnir telja þá eðlilegt að bærinn borgi þá upphæð sem eigandi sundlaugarinnar.



**DRÁPUST ÚR KLÓR** Stangveiðimenn neita að greiða leigu sumarsins í Varmá og veidirettarhafarnir vilja að Hveragerðisbær bæti þeim tjónið.

MYND/VEIDIMÁLASTOFNUN

Ríkið á um fjórðung af veiðirettinum í ánni. Aldís segir

Hveragerðisbæ standa frammi fyrir milljóna kostnaði vegna klórslyssins og þess vegna hafi verið óskað eftir því að ríkið gæfi eftir sinn hluta. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag neitaði fjármálaráðuneytið þeirri beiðni.

„Við erum að ræða þetta allt saman í mjög góðu bróðerni og það stefnir ekki í neinn ágreining. Það hefði létt málið þótt það skipti ekki höfuðmáli í þessu stóra samhengi,“ segir bæjarstjórnin.

Veidirettur ríkisins í Varmá byggir á eignarhaldi á svokallaðri Reykjatorfu. Á því landi er Garðyrkjuskóli ríkisins.

-gar

Íraskir flóttamenn

## Hálft markmið að nást núna

**WASHINGTON, AP** Bandaríkjustjórn nálgast helling markmiðs síns að fá 12.000 flóttamenn frá Írak fyrir lok september.

Fyrri hluta júní hefur fleiri en 1.000 íröskum flóttamönnum verið hleypt inn í landið. „Við höfum nú þegar tekið við yfir 5.800 flóttamönnum á þessu fjárhagsári og tekið viðtöl við nógu marga til að ná 12.000 manna markmiðinu,“ sagði Tom Casey, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins.

Markmiðið er þó mun lægra heldur en annarra landa og hefur Svíþjóð til dæmis tekið við 40.000 flóttamönnum frá árinu 2003. - mfm



## Gróðurækt í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 24. júní verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Kristins H. Þorsteinssonar garðyrkjufræðings. Gróðurfari í Elliðaárdal er að hluta til komið vegna ræktunar mannsins. Skoðaðar verða blóm- og trjáplöntur og hugað að þeim breytingum sem hafa orðið síðustu áratugi. Gangan hefst kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.



• Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæði landsins.

www.oris

# Pólitísk rannsókn á Baugsmáli ólíkleg

Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, segir ekki tilefni til pólitískrar rannsóknar á Baugsmálinu. Jóhannes Jónsson fagnar því að sjó af hverjum tíu í könnun vilja að rannsakað verði hvort málið eigi pólitískar rætur.

**KÖNNUN** „Ef einhverjir telja að þeir hafi sætt einhverju óréttlæti af hálfu ríkisvaldsins í þessu þá eiga þeir að sjálfsögðu eins og aðrir möguleika á því að fara í skaðabótamál og geta þannig fengið niðurstöðu dómstóla um það,“ segir Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, um möguleikann á því að rannsakað verði hvort Baugsmálið hafi átt pólitískar rætur.



BIRGIR ÁRMANNSSON

Aðspurður segir Birgir Ármannsson að hann telji ekki tilefni til að Alþingi skipi nefnd til að skoða málið. Dómsmál eigi að leiða til lykta fyrir dómstólum.

„Ég held að pólitískt skipaðar rannsóknarnefndir hafi harla litlu hlutverki að gegna þegar dómstólaúrstaða er fengin í málum. Þarna er um að ræða mál sem vissulega hefur tekið langan tíma í dómskerfinu og vafalaust margt sem við getum lært af því í sambandi við hvernig okkar réttarkerfi virkar en ég held að svona rannsóknarnefnd sé ekki rétta leiðin til að rannsaka það. Skoðanakannanir eru heldur ekki góð leið til að leysa úr flóknum málum sem koma til kasta dómstóla,“ segir Birgir.



JÓHANNES JÓNSSON Sakborningar í Baugsmáli áttu oft erindi í dómssali. Hér er Jóhannes Jónsson í Héraðsdómi Reykjavíkur í mars 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Jóhannes Jónsson í Bónus segir niðurstöðu könnunarinnar sýna að þjóðin hafi staðið með fjölskyldu hans í þessu máli. „Það hefði ekki verið gaman að upplifa þessi sex ár ef við hefðum ekki fundið þetta vinarþel frá bókstaflega öllu fólki sem við höfum umgengist og hefur átt viðskipti við okkur,“ segir hann.

Að sögn Jóhannesar viðurkenndi Sigurður Kári Kristjánsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, nýlega opinberlega að Baugsmálið ætti sér upphaf innan Sjálfstæðisflokksins. Margir kjörnir fulltrúar flokksins hafi einnig staðfest þetta í einka-

samtölum. „En það kemur á óvart hvað það er lágt hlutfall meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins sem vilja láta kanna málið,“ segir Jóhannes og vísar til skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Jóhannes kveðst fluga málsókn á hendur Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra, Jóni HB Snorrasyni, fyrrverandi yfirmanni efnahagsbrotadeildar, og Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra. „Það getur ekkert bætt okkur þann skaða sem þetta fólk hefur valdið fjölskyldu okkar en það þarf að rannsaka tilurð málsins og embættisfærslur þessara manna.“

gar@frettabladid.is

## Hentugt við grillið

- einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Á tilboði í júní 2008

Einnota diskar, glös, ballar og hnifapör  
20% afsláttur



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



MYND/STU. EGGI/STU. EGGI

Miðaverð í kvikmyndahús svipað hvort sem verslað er við Sambíóin eða Senu:

## Ódýrari bíómiðar á netinu

**NEYTENDUR** Miðaverð í kvikmyndahús er nú þúsund krónur ef miði er keyptur í afgreiðslu bíóanna. Verðið er það sama hvort sem farið er í bíóhús Sambíóanna eða Senu.

„Ég get ekki svarað fyrir aðra en okkar verðhækkunir hinn 1. apríl byggðust fyrst og fremst á launahækkunum starfsfólks,“ segir Jón Eiríkur Jóhannsson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu.

„Flest okkar starfsfólk er á aldrinum 16 til 22 ára og fær sína aldurstengdu launahækkun um áramót. Að auki kom til hækkun lægstu launa um fjórtán prósent hinn 1. febrúar.“

Sambíóin hækkðu einnig verð fyrir skómmu. „Verðið er óbreytt ef miðinn er keyptur á netinu en við leggjum hundrað krónur á miða sem keyptir eru í miðasölu,“ segir Alfreð Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna.

Alfreð segir einnig hækkunina að mestu til komna vegna launahækkana starfsfólks.

Sena veitir fimmtíu króna afslátt ef miði er keyptur á netinu. Í sumar verður að auki boðið upp á lægra miðaverð í Regnboganum, þar sem miðinn mun kosta 650 krónur. Lægra verð er einnig á fyrstu sýningar dagsins í Háskólabíói.



REGNBOGINN Hægt er að fá ódýrari bíómiða í sumar.

Svipað er uppi á teningnum í Sambíóunum; boðið er upp á sparbíó á ákveðnum tímum, hægt er að fá klippikort og tvo fyrir einn á fimmtudögum í Kringlunni.

- ht

# Ímyndaðu þér stað.....



## ...þar sem erfiði dagsins er létt af þér...



**30%**  
afsláttur

af Chiro Collection rúmum  
í júní

## .....hvert einasta kvöld



Chiro Collection  
heilsurúm

### Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

### Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

**Betra**  
**BAK**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Ópið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16

Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566



1 Hvar gekk göngufólk fram á hvolp sem hafði verið grafinn lifandi?

2 Hver er markvörður íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu?

3 Björgvin Halldórsson fékk sér nýjan fararskjóta á dögnum. Hvern?

SVÖR Á Síðu 30

Geysir Green Energy eykur hlutfé og hyggur á enn frekari aukningu:

## Nýtt fé í erlendan jarðvarma

**ORKUMÁL** „Tilfnið er áframhaldandi fjárfestingar í erlendum jarðhitaverkefnum,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri jarðvarmafyrtækisins Geysir Green Energy, um yfirstandandi hlutfjárukningu hjá fyrirtækinu.

Ásgeir segir hlutfjárukninguna nú ekki eyrnamerka sérstökum verkefnum erlendis heldur sé verið að efla félagið. Ekki sé hægt að segja til um það á þessu stigi hversu mikil aukningin verði en að það muni skýrast á næstu örfáu vikum.

„Við erum með 45 milljarða félag. Þetta er ekki hlutfallslega

stór viðbót miðað við það en ég get þó sagt að þetta eru ekki smáaurar,“ segir Ásgeir sem aðspurður játar að enn frekari hlutfjárukningar megi vænta í náinni framtíð. „Ég ætla rétt að vona það. Til þess er leikurinn gerður að horfa til langs tíma og styrkja þessa starfsemi.“

Bæjarráð Reykjanesbæjar sem er meðal hluthafa í Geysir Green Energy ákvað í vikunni að taka ekki þátt í hlutfjárukningunni. „Þótt þetta henti ekki sveitarfélaginu er ljóst að viðbrögðin meðal hluthafa hafa almennt verið mjög góð og jákvæð,“ segir Ásgeir Margeirsson.



ÁSGEIR MARGEIRSSON Forstjóri Geysir Green Energy boðar sókn félagsins í jarðvarmaverkefnum á erlendri grund.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Líknarsjóður gefur fötluðum: Safamýrarskóli fær hjól að gjöf

**LÍKNARMÁL** Líknarsjóður stúkunnar Þórsteins færði Safamýrarskóla á dögnum þjálfunarskólum að gjöf. Safamýrarskóli er sérskóli á grunnskólastigi fyrir nemendur með alvarlega fötlun. Hjólið er mikið þarfapungur því notkun þess viðheldur og eykur hreyfifærni nemenda með hreyfihömlun.

Þetta er í annað sinn sem stúkan færir Safamýrarskóla hjól. Það fyrra fékk skólinn árið 2003 en það var öllu stærra og hentaði því aðeins eldri nemendum.

Nú hafa hins vegar allir nemendur skólans aðgang að hjóli sem hentar þörfum þeirra. - hbj

Ný handhæg karókívef:

## Karóki á ferð

**JAPAN** Japanska leikfangafyrirtækið Takara Tomy hefur framleitt nýja karókívef sem hægt er að taka með sér hvert sem er. Tækið ber nafnið Hi-Kara, er sjö sentimetrar að stærð og vegur innan við tvö kíló.

Astæða þess að tækið er sett á markað er sú, að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins, að unglingar yngri en 18 ára í Japan mega ekki vera á skemmtistöðum lengur en til ellefu.

Tækið kemur á markað í Japan í október og mun kosta um það bil það sem svarar 7.500 krónum. - vsp



**UNDIRRITUN** Helgi Ágústsson sendiherra og Nagy Saleh, vararáðuneytisstjóri flugmálaráðuneytis Egyptalands, undirrita samninginn.

Undirritun samnings:

## Flugsamningur við Egyptaland

**FLUG** Loftferðasamningur milli Íslands og Egyptalands var undirritaður í Kaíró í síðustu viku. Er þetta fyrsti samningur þess eðlis milli ríkjanna.

Í tilkynningu frá samgönguráðuneytinu segir að í samningnum felist grunn-flugréttindi fyrir flugrekendur ríkjanna. Einnig að samningurinn taki til áætlunarflugs milli ríkjanna án takmarka á flutningsmagni.

Takmarkanir eru á tíðni flugs til tiltekinna áfangastaða í Egyptalandi, en tíðnin er ótakmörkuð á vinsæla ferðamanna- staði.

- kg



**ÓSÁTT** „Hér höfðum við ætlað dætrum okkar að fylla út í skreytinguna. Í staðinn er kominn þessi ógeðslegi grái litur,“ segir Helga Völundardóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Borgin lét mála yfir listaverk í einkaeigu

Starfsmenn á vegum borgarinnar máluðu yfir veggskreytingar á húsi í einkaeigu. Brot á meðalhófi segir formaður húseigendafélagsins. Eigandinn ósáttur.

**REYKJAVÍK** „Við höfum leyft strákum sem við þökkjum að mála á vegginn, enda finnst okkur það skreyta hann mjög,“ segir Helga Völundardóttir, íbúi að Bergstaðastræti 10 C í Reykjavík. Hún vaknaði einn morguninn upp við það að borgarstarfsmenn höfðu málað vegginn á húsi móður hennar gráan.

„Maðurinn minn er myndlistarmaður og hann hafði gert útlínur á vegginn. Við höfðum svo séð fyrir okkur að dætur okkar gætu fyllt inn í, eða hann sjálfur ef svo bæri undir. Svo hafa þeir komið í skjóli nætur og málað vegginn gráan.“ Jakob Frímánn Magnússon mið-



JAKOB FRÍMÁNN MAGNÚSSON

SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON

borgarstjóri, segir að breytingar á ytra borði húsa séu leyfisskyldar. „Auðvitað skil ég að mönnum sé sárt um að missa listaverk. Ég hvet fólk til að sækja um leyfi, þó eftir á sé.“

Helga sér mjög eftir listaverkinu. „Þarna var meðal annars blýantsteikning sem mér fannst ofboðslega falleg og var búin að leggja blátt bann við að málað yrði yfir. Allir hafa virt það bann nema hreinsunarher Jakobs Frímáns. Ég vitna nú bara í gamla íslenska sjónvarpsmynd: „Það er ekki friður í helvíti fyrir góðverkunum ykkar!“ segir Helga ósátt.

„Að mála yfir vegg í einkaeigu án þess að hafa samband við eiganda er klárt brot á meðalhófi og jafnræðisreglunni,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, lögmaður og formaður Húseigendafélagsins.

kolbeinn@frettabladid.is

Umhverfisráð Breiðholts:

## Útsýnisskilti við Höfðabakka

**UMHVERFISMÁL** Nýtt útsýnisskilti við Höfðabakka fyrir neðan Hólahverfið í Breiðholti var afhjúpað á laugardag.

„Breiðholtið er einstakur útsýnisstaður þar sem sést vel yfir alla borgina og nágrannabyggðarlögin,“ segir meðal annars í tilkynningu frá Hverfisráði Breiðholts. Skiltið er hannað af Árna Tryggvasyni og gert að frumkvæði Menningar sviðs Reykjavíkurborgar.

- gar



**JÓNSMESSA** Sérstök kvöldopnun verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í kvöld og aðgangur ókeypis.

Afsturlunarte í Húsdýragarði:

## Jónsmessunni fagnað í nótt

**SKEMMTUN** Jónsmessunótt verður haldin hátíðleg líkt og undanfarin ár í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Garðurinn verður opin í kvöld frá 23 til 1 eftir miðnætti. Ýmsar furðuverur verða á sveimi og kveikt verður í brennu í Þjófadöllum.


Veitingarnar í kaffihúsi garðsins verða með sérstöku sniði, en þar verður í boði kúmenkaffi og ástarpungar og hægt verður að bragða á svokölluðu afsturlunartei og gengisseiði, sem seiðmeistarar garðsins telja að muni sefa áhyggjur landsmanna vegna gengis íslensku krónunnar. Allir eru velkomnir í garðinn og það kostar ekkert inn.

- ag

**-2 krónur**  
í Klettagörðum  
í dag!

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 171,6 kr. á 95 okt. bensini og 188,1 kr. á dísel.

M.v. verð 23. júní 2008.



**Sparaðu** hjá **Orkunni** í dag!



SPÁÐU Í HVAD ÞÚ SPARAR!



Afmælisútgáfa

# 35 ÁRA

## VEGA HANDBÓKIN

Ferðahandbókin þín!



Nýjung! Handhægt Íslandskort fylgir með



Verð aðeins 3.990 kr.  
bók og kort

*Hafsjór af fróðleik  
um land og þjóð*



Handhægt ferðakort fylgir í tilefni  
af 35 ára afmæli bókarinnar.

Á baksíðu kortsins eru upplýsingar um  
afþreyingu um allt land.

*Farið með svarið í ferðalagið*

Komdu með gömlu vegahandbókina og þú færð **1.000 kr.** afslátt af þeirri nýju!  
Tilboðið gildir í bókabúðum og mörgum söluskálum um land allt

Vegahandbókin sími: 562 2600



**MISJÖFN ERU FARARTÆKIN** Íraskir og bandarískir hermenn herja nú gegn uppreisnarmönnum sja í suðurhluta landsins. Í borginni Amara mátti líta misjafnlega búið fólk á götum borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## RÚSSLAND

## Ræða samruna landanna

Forseti Rússlands, Dmitri Medvedev, ræddi í gær við Alexander Lukashjenkó, forseta Hvíta-Rússlands, um mögulegan samruna landanna í eitt ríki. Samkomulag frá 1996 segir til um nán tengsl ríkjanna og hvetur til sameiningar þeirra í framtíðinni.

## LÖGREGLUMÁL

## Sluppu vel úr bílveltu

Bífreið valt við Hólbrú, skammt frá Akranesi, um tvöleytið í gær. Mildri þykir að ökumaður og tveir farþegar hafi sloppið án teljandi meiðsla. Ökutækid er mikið skemmt.



## Hressing í bolla frá Knorr



Sveiflur í alþjóðlegu skuldtryggingaálagi vegna áhættufælni:

# Álagið eykst á ríkið og bankana

**VIÐSKIPTI** „Skuldtryggingaálagið hér er í takti við erlenda þróun,“ segir Auðbjörg Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Glitnis. Skuldtryggingaálag bæði íslenska ríkisins og viðskiptabankanna þriggja hækkaði á föstudag.

Áhættufælni skýrir sveiflurnar að hluta. Þá benti greiningardeild Kaupþings á að snörp gengislækkun krónunnar í vikunni kynni að skýra hækkunina nú.


Itrixx-vísitalan, vísitala skuldtryggingaálags evrópska fyrirtækja, fór lægst í 54,5 stig í byrjun maí. Álag bæði banka og ríkis fylgdi þróuninni. Þegar vísitalan hækkaði stökk álagið hér upp.

Itrixx-vísitalan stóð um fjögurleytið á föstudag í 81,5 stigi, sem er tæplega fimmtíu prósent hækkun síðan í maí.

Álag bankanna hefur hækkað hlutfallslega meira. Álag á Kaupþing hefur hækkað mest, um tæp 77 prósent, en minnst hjá Landsbankanum. Það hefur hækkað um tæp 67 prósent. Á sama tíma hefur álagið á íslenska ríkið hækkað um tæp 58 prósent síðan í maí.

Auðbjörg segir of snemmt að meta hvort breytingar á útlánum Íbúðalánasjóðs muni lækka álagið í brád. „Það kemur í ljós í næstu viku.“

## PRÓUN SKULDTRYGGINGAÁLGS



- jab

## Einn af hverjum fimmtíu í nefnd

Um þriðjungur nefndarmanna eru konur. Lægsta hlutfall kvenna er í samgönguráðuneytinu eða um 17 prósent. Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins segir ráðuneytið sitt vinna markvisst að því að skipa jafnt konur sem karla.

**STJÓRNÝSLA** Aðalnefndarmenn eru 3.525 í nefndum á vegum ráðuneytanna. Þá eru ótaldir varanefndarmenn nefndanna.

Konur eru einungis 36 prósent nefndarmanna. Lægsta hlutfall kvenna í nefndum er í samgönguráðuneytinu þar sem konur eru rétt um 17 prósent.

„Við erum mjög meðvitúð um að það halli á konur í ráðuneytinu,“ segir Róbert Marshall aðstoðarmaður samgönguráðherra.

Hann segir að þetta hafi verið skoðað þegar Kristján Möller tók við í fyrravor.

„Þetta hefur stórlagast síðan hann tók við samgönguráðuneytinu. Það er jafnréttissinnað pólitískt yfirvald í ráðuneytinu og þetta ætti auðvitað ekki að vera svona karllægur málaflökur,“ segir Róbert.

Hæsta hlutfall kvenna er hins vegar í heilbrigðisráðuneytinu en þar eru 48 prósent af nefndarmönnum konur.

„Við erum ánægð að heyra þetta,“ segir Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins um hlutfall kvenna í nefndum ráðuneytisins.

„Við vinnum markvisst að því að skipa jafnt konur sem karla.“

Hún segir að í þeim tilvikum þegar fagaðilar, aðrir en ráðuneytið skipi í nefndirnar sé reynt að beina þeim fyrirmælum til þeirra um að fylgja jafnræði milli kynja í skipun nefndarsæta.

„Í þau skipti sem við skipum alfarið í nefndirnar sjálf höfum við alltaf jafnrétti að leiðarljósi,“ segir Berglind.

Hún segir að mikið sé af bæði konum og körlum í heilbrigðisgeiranum og það væri á skjön við raunveruleikann ef ekki væri fullkomið jafnvægi á kynjahlutföllum í nefndum ráðuneytisins.

„Ráðherra heilbrigðismála vill að þetta sé skoðað hverju sinni. Það þarf samt alltaf að vakta þetta og vera á varðbergi.“

Hún bætir við að lokum að allir þrjú sviðsstjórar ráðuneytisins sem og ráðuneytisstjóri og aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra séu konur.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á dögum eru nefndir ráðuneyta 725 talsins. Þetta þýðir að einn af hverjum fimmtíu á Íslandi á aldrinum 18-67 ára gæti verið aðalnefndarmaður í nefnd á vegum ráðuneytanna.

vidirp@frettabladid.is



**LÆKNAR** Væri ekki í takt við raunveruleikann að fleiri karlar en konur væru í nefndum á vegum heilbrigðisráðuneytisins að sögn ráðuneytisstjóra.

## NEFNDARMOLAR

- Í Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í sjávarútvegi sitja 12 karlar en engin kona.
- Í Almannaávarnaráði sitja 11 karlar en engin kona.
- Í nefnd um endurskoðun laga um leikskóla sitja engir karlar en 6 konur.
- Konur eiga enga fulltrúa í 186 nefndum af 725 en karlar eiga enga fulltrúa í 30 nefndum af 725. Það þýðir að engar konur eru í um fjórðungi nefnda.
- Stærsta nefndin ber heitið Vaxtarsamningur við Austurland 2007-2009 en í þeirri nefnd sitja 55 fulltrúar. Sú nefnd tilheyrir iðnaðarráðuneytinu.
- Í nefndum sitja 3.525 aðalnefndarfulltrúar. Þetta þýðir að um það bil einn af hverjum fimmtíu á Íslandi á aldrinum 18-67 ára er aðalnefndarmaður í nefnd á vegum ráðuneytanna.

## KYNJAHLUTFALL NEFNDARMANNA

Ráðuneyti	konur %	karlar %
Dómsmálaráðuneyti	33	67
Forsætisráðuneyti	31	69
Félagsmálaráðuneyti	46	54
Fjármálaráðuneyti	35	65
Heilbrigðisráðuneyti	48	52
Iðnaðarráðuneyti	28	72
Menntamálaráðuneyti	42	58
Samgönguráðuneyti	17	83
Sjávarútvegsráðuneyti	21	79
Umhverfisráðuneyti	36	64
Utánríkisráðuneyti	19	81
Viðskiptaráðuneyti	22	77

Barack Obama:

## Mun berjast í öllum 50 ríkjum

**BANDARÍKIN** Ákvörðun Barack Obama, forsetaframbjóðanda demókrata, um að þiggja ekki almannaþé til kosningabaráttu sinnar gefur honum færi á að reka öflugra kosningabaráttu í öllum fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna.

John McCain, frambjóðandi repúblikana, mun þiggja almannaþé og þarf því að takmarka eyðslu sína við 84,1 milljón Bandaríkjadala. Obama gæti hins vegar haft yfir 300 milljónir til ráðstöfunar, samkvæmt New York Times.

Peningana mun Obama nota til að kynna sig í ríkjum sem McCain er líklegur til að sigra í.



BARACK OBAMA

Kona sprengir sig í loft upp:

## Mannskæð sjálfsmorðsárás

**IRAK, AP** Að minnsta kosti fimmtán manns létu lífið og fjörutíu særðust þegar kona framdi sjálfsmorðsárás í borginni Baqouba norðaustur af Bagdad í gær. Kona sprengdi sig í loft upp klukkan eitt að hádegis í nálægð við dóms húsið, pósthúsið og skrifstofu ríkisstjórans.

Kona faldi belt með sprengiefnum undir hefðbundnum svörtum kjól og segir lögreglan að konan hafi verið að miða á lögreglumenn sem voru í um 200 metra fjarlægð. Mikil löggæsla er á svæðinu, en sjö af þeim fimmtán sem létust voru lögreglumenn.

- ag

## LANDHELGISGÆSLAN

## Engir ísbirnir sáust úr þyrlu

Ekki varð vart við ísbirni þegar þyrla Landhelgisgæslunnar flaug yfir svæði frá Aðalvík að Sauðárkróki í gær.

glofiish

VARA VIKUNNAR

2 gb micro SD minniskort fylgir frítt með



GLOFIISH X650  
LÓFATÖLVUSÍMI

56.490 KR.

- 2.8" TFT snertiskjár (480x640)
- Microsoft Windows Mobile 6 Professional
- Aðgangur að tölvupósti, dagatali og tengiliðum
- 2 Mega Pixla myndavél með sjálfvirkum fókusi
- Polyphonic og Mp3 hringitónar
- Innbyggð útvarp / Mp3 spilari / Video spilari
- Wi-Fi OG Bluetooth
- Mjög lítil og nettur
- Þyngd: 136 grömm

NÝ VARA

EJS

Það er til lausn á öllu

Grensásvegi 10, 108 Reykjavík // Sími 563 3000  
Tryggvabraut 10, 600 Akureyri // Sími 463 3000 // www.ejs.is

# Ha, útsala?

**Já, 10 daga útsala  
á eldri stangaveiðibúnaði  
í Sportbúðinni,  
Krókhálsi 5 hefst í dag.**

**30 til 60% afsláttur**

**Öndunarvöðlur á hálfvirði  
Veiðijakkar á hálfvirði  
Kaststangir á hálfvirði  
Flugustangir á hálfvirði  
Kasthjól á hálfvirði  
Fluguhjól á hálfvirði**

**Misstir þú af síðustu útsölu Sportbúðarinnar?  
Þessari sem allir eru að tala um.  
Ætlarðu líka að missa af þessari?  
Renndu við og gerðu góðan díl í sumarbyrjun  
Takmarkað magn og aðeins í 10 daga!**



**SPORTBÚÐIN**

**Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is**



**NOSTRAD VIÐ FRAMREIÐSLUNA**  
Kaffibarbjónar frá öllum heimshornum eru í Kaupmannahöfn þar sem heimsmeistaramót kaffibarbjóna fer fram. Hín norska Ana Braaten vandaði sig mikið.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Deildarforseti félagsvísindadeildar segir gagnrýni prófessors hafa komið á óvart: Ekki vanhæfur til að fjalla um Hannes

**MENNTUN** Ólafur Þ. Harðarson, forseti félagsvísindadeildar HI, viðurkennir að „mjög óþægilegt“ sé fyrir skólann að hafa dæmdan prófessor í starfsliðinu.

Hins vegar gildi lög sem verndi opinbera starfsmenn. Því sé erfitt að ganga lengra en rektor gerði þegar hún næstum því áminnti Hannes Hólmstein Gissurarson prófessor.

Hannes var í mars dæmdur fyrir brot á höfundarrétti vegna bókar um Halldór Laxness.

Svanur Kristjánsson prófessor ritaði greinar í Fréttablaðið í vikunni og fór hörðum orðum um skólafyrirvöld og Ólaf. Rifjaði hann



HANNES H. GISSURARSON

ÓLAFUR Þ. HARÐARSON

upp að Ólafur hefði lýst sig vanhæfan til að fjalla um Hannesar-málið. Því hlyti hann einnig að vera vanhæfur til að vera yfirmaður Hannesar.

Gagnrýni Svans kemur Ólafi á óvart. Hann skýrir orð sín um van-

hæfi með því að hann hafi setið í nefnd sem dæmdi bók Hannesar á sínum tíma. Þegar málið komst í háamæli hafi hann leitað álits hjá lagaprófessorum, sem ráðlögðu honum að sinna ekki því tiltekna máli, það væri óheppilegt.

„En almennt séð er ég alls ekki vanhæfur til að fjalla um Hannes.“

Hannes Hólmsteinn muni enn sem fyrr kenna nemendum meðferð heimilda. Öðruvísi sé ekki hægt að kenna neitt í háskóla. Starf hans verði óbreytt.

„Og ég sé ekki hvað í ósköpunum væri hægt að gera. Það hefur enginn lagt neitt til, ekki heldur Svanur.“

- kóp

## Bæjarstjórn Vestmannaeyja: Vilja afnema húsmæðraorlof

**VESTMANNAEYJAR** Bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á Alþingi að afnema lög frá 1972 um orlof húsmæðra. Lögin séu ekki í anda jafnréttis því þau taki eingöngu til kvenna.

„Lög um að orlofsnefndir skipuleggi orlof húsmæðra hver í sínu umdæmi og sjái um rekstur orlofsheimila á kostnað bæjarins þykja tímaskekkja,“ segir bæjarstjórnin, sem vill frekar nota peningana sem nú er varið í orlofsferðirnar í jafnréttismál í Vestmannaeyjum. Þess má geta að eingöngu konur sátu bæjarstjórnarfund þegar áskorunin var samþykkt.

- gar

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...  
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Engar framkvæmdir hjá Byggingafélagi námsmanna:

## Beðið niðurstöðu lögreglurannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Framkvæmdir Byggingafélags námsmanna við byggingu stúdentaþúða á byggingareit Einholts - Þverholts liggja enn niðri vegna yfirstandandi rannsóknar efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Efnahagsbrotadeildin rannsakir tiltekna þætti í rekstri byggingafélagsins eftir að núverandi forráðamenn félagsins lögðu fram kærnu til RLS. Rannsóknin beinist meðal annars að umsvifum fyrrum stjórnarformanns, svo og framkvæmdastjóra BN.

Sigurður Páll Harðarson, framkvæmdastjóri Byggingafélags námsmanna, staðfesti við Fréttablaðið að fyrirsjáanlega verði tölfa

verkinu. Hann kveðst ekki vilja tjá sig um ástæður þess að svo komnu máli, né um annað varðandi BN.

Fyrrum starfsmenn eru grunaðir um að hafa hagnast verulega á byggingafélaginu, meðal annars með því að semja við þá sem önnuðust framkvæmdir án útbóðs, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Grunur leikur á að tilteknir einstaklingar í byggingariðnaði séu með í ráðum. Jafnframt að BN hafi keypt þjónustu þeirra á of háu verði. Enn fremur leikur grunur á því að fyrrum stjórnendurnir hafi notað eigin fyrirtæki til að flytja inn ýmis konar búnað í stúdenta-garða BN og selt þá á of háu verði.

- jss



ÓLAFUR SIGURJÓNSSON í Flögum í Hafnarfirði er Fréttablaðið tætt niður og síðan sent í pökkum til fyrirtækisins Sáningar sem notar pappírinn í landgræðslustörf.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fréttablaðið til uppgræðslu

Niðurtætt Fréttablöð eru nú notuð til bindingar á fræjum sem sáð er við uppgræðslustörf. Miklu betra en að flytja pappírinn úr landi segir framleiðandi.

**UMHVERFISMÁL** „Það er miklu betra að nota dagablaðapappírinn til að græða upp landið okkar heldur en að senda hann til útlanda,“ segir Ólafur Sigurjónsson, eigandi Flaga ehf.

Ólafur hefur síðan í vor tætt niður Fréttablöð og selt fyrirtækinu Sáningu sem annast uppgræðslu á ýmsum svæðum. „Þeir blanda Fréttablaðinu saman við áburð, vatn og fræ og setja blönduna á tankbíla sem dreifir yfir svæði sem þarf að græða upp. Með þessu lagi klessist allt saman og fær miklu betri viðloðun þannig að hvorki fræin né jarðvegurinn fýkur burt,“ útskýrir Ólafur.

Hraefnið í framleiðsluna fær Ólafur hjá Pósthúsinu sem annast dreifingu Fréttablaðsins. „Ég fæ að hirða afganga hjá þeim. Þannig að í staðinn fyrir að þetta sé tætt í einhvern gám og sent út þá er þetta

notað til að græða landið okkar,“ segir hann.

Vélin, sem notuð er til að tæta Fréttablaðið, keypti Ólafur reyndar til að rífa bylgjupappa niður í undirburð fyrir hesta. „Þessi kögglar hafa alltaf verið fluttir inn og bara hækka og hækka í verði en nú ætla ég að framleiða þetta hér heima og selja það ódýrar,“ boðar Ólafur.

Örn Jóhannsson, deildarstjóri aksturs og pökkunar, segir að strax hafi verið tekið vel í málaleitan Ólafs. Öllum blöðum sem safnað sé til baka frá lesendum og umframblöðum, hafi þar til nú verið ekið aftur í Ísafoldarprentsmiðju þar sem þau séu tætt niður til útflutnings. Nú fari hluti þessa magns til uppgræðslu. „Allt er vænt sem vel er grænt og mér list mjög vel á þetta eins og Ólafur hefur lýst því,“ segir Örn.

gar@frettabladid.is



## OLÍUVERÐSHÆKKUNIN: BÓLA SEM SPRINGUR?

**COMMERZBANK** CORPORATES & MARKETS

Saga Capital Fjárfestingarbanki heldur morgunverðarfund með Eugen Weinberg, helsta hrávörusérfræðingi Commerzbank, fimmtudaginn 26. júní, frá kl. 8:30-10:00 á Hilton Reykjavík Nordica hóteli.

Weinberg, sem stýrir rannsóknum og greiningu á hrávörum hjá Commerzbank, er eftirsóttur fyrirlesari á ráðstefnum víða um heim og tíður fréttaskýrandi t.d. hjá Bloomberg, CNBC og Financial Times.

Olíuverð hefur aldrei verið hærra en nú og þetta háa verð hefur bein áhrif á rekstur fjölmargra fyrirtækja, svo sem samgöngufyrirtækja og sjávarútvegsfyrirtækja. Heimili landsins finna líka fyrir hækkanði eldsneytisverði og þessi verðhækkun hefur m.a. áhrif á verðbólgu og verðtryggingu húsnæðislána.

**Er olíuverðshækkunin komin til að vera eða er þetta bóla sem springur? Hvar liggja fjárfestingartækifæri framtíðarinnar?**

Weinberg mun í fyrirlestri sínum svara þessum spurningum ásamt því að fjalla almennt um hrávörumarkaði og þá kosti og galla sem fylgja fjárfestingum í hrávöru. Weinberg mun að auki fjalla um markaði með landbúnaðarvörur sem margir spá að muni fylgja í kjölfarið á olíunni og öðrum hrávörum og hækka á næstunni.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir þriðjudaginn 24. júní með því að senda tölvupóst á netfangið sagacapital@sagacapital.is eða hringja í síma 545 2600.

**Saga Capital**

Próunarsamvinnustofnun styrkir háskólastúdenta:

## Veita fimm styrki vegna mikils áhuga

**MENNTUN** Stjórn Próunarsamvinnustofnunar Íslands hefur ákveðið að veita þrjá styrki til doktorsverkefna og tvo til meistrarverkefna vegna mikillar grósku og áhuga á þróunarsamstarfi, en vanalega eru styrkirnir fjórir talsins. Alls bærust tuttugu umsóknir.

Doktorsstyrkina, að upphæð 1,4 milljónir króna, hlutu Sigríður Björk Þormar, Kristinn Hermannsson og Pétur Waldorff, en meistarastyrkina að upphæð 700 þúsund hlutu Þórður Örn Hjálmarsson og Jakob Hafþór Björns-



**PRÓUNARSTARF** Tveir af styrkþegum Próunarsamvinnustofnunar munu vinna verkefni sín að hluta til í Malaví.

son. Auk þess hljóta þau öll ferðastyrk.

- ag

# EM TILBOÐ



## VELDU PHILIPS BREIÐTJALD

**TILBOÐ**

**Afsláttur**

### PIXEL PLUS MYNDTÆKNI

**TILBOÐ**

32PFL5322 **kr. 114.995** *kr. 20.000*

32" LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Skerpa: 4.000:1, 2 x 20w Nicam Stereó, Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS ofl.

**32"**

**TILBOÐ**

37PFL5322 **kr. 149.995** *kr. 25.000*

37" LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Skerpa: 5.000:1, 2 x 30w Nicam Stereó, Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS ofl.

**37"**

**TILBOÐ**

42PFL7662D **kr. 199.995** *kr. 70.000*

42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, Progressive Scan, Skerpa: 5.000:1, Innb. digital DVB-T móttakari, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó, Incredible Surround ofl.

**42"**

**TILBOÐ**

**Afsláttur**

### TOPPURINN FRÁ PHILIPS

**TILBOÐ**

37PFL9732D **kr. 299.995** *kr. 80.000*

37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Surround, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD, 32w Nicam Stereó með wOOx bassa, innb. DVB-T mótt., 2 Scart, 3 HDMI ofl.

**37"**

**TILBOÐ**

42PFL9900D **kr. 429.995** *kr. 170.000*

42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight Spectra - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu

**42"**

**TILBOÐ**

47PFL9732D **kr. 449.995** *kr. 150.000*

47" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 p. uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Surround, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD, 32w Nicam Stereó, wOOx bassi, innb. DVB-T mótt., 2 Scart, 3 HDMI, EISA verðlaunatæki

**47"**

### AMBILIGHT BAKLÝSING

**TILBOÐ**

32PFL7962D **kr. 149.995** *kr. 40.000*

32" LCD HD Pixel Plus 2 BREIÐTJALD, 1366x768 punkta upplausn, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion, Progressive Scan, Skerpa: 7.500:1, innb. DVB-T mótt., 2 x 20w Nicam Stereó ofl.

**32"**

**TILBOÐ**

37PFL9632D **kr. 279.995** *kr. 70.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu

**37"**

**TILBOÐ**

42PFL7962D **kr. 249.995** *kr. 60.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 7.500:1

**42"**

### RISATÆKI - 47-52" SKJÁIR

**TILBOÐ**

47PFL5522D **kr. 239.995** *kr. 40.000*

47" HD LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, Anti-Reflection, Progressive Scan, Innbyggður digital DVB-T móttakari, Skerpa: 5.000:1, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI ofl.

**47"**

**TILBOÐ**

52PFL7762D **kr. 399.995** *kr. 100.000*

52" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, Skerpa: 12.000:1, Ljósmyndari og Active Control, Innb. digital DVB-T móttakari, 40w Nicam Stereó ofl.

**52"**

**TILBOÐ**

52PFL9632D **kr. 479.995** *kr. 200.000*

52" LCD Perfect Pixel HD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2, HD Natural Motion og Progressive Scan, Skerpa: 10.000:1, Ljósmyndari og Active Control, Innb. digital DVB-T mótt., 32w Nicam Stereó, USB ofl.

**52"**



**Allt að 200.000 kr. afsláttur**

**PHILIPS**

Hágæða mynd- og hljómgæði



**Heimilistæki**

www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS  
SUDURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARDARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21  
SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700

# Virðisaukaskatturinn af - og meira til!

Brimborg afnemur meira en ígildi virðisaukaskattsins af völdum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði: virðisaukaskatturinn af - og meira til í Brimborg í dag.

Komdu í kaffi og kleinur

Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg í dag

# Allur v Skattur

## Í dag. Dæmi um tilboð Brimborgar

### Tilboðsverð 1.730.000 kr.

Ford Transit Connect  
1,8 dísil 5 gíra 6 dyra  
Fast númer TX506  
Skrd. 11/2006.  
Ek. 25.000 km.  
Verð áður 2.190.000 kr.



### Tilboðsverð 3.290.000 kr.

Lexus RX300  
3,0 sjálfskiptur 5 dyra  
Fast númer JF225  
Skrd. 2/2004.  
Ek. 61.000 km.  
Verð áður 4.230.000 kr.



### Tilboðsverð 2.090.000 kr.

Toyota Avensis  
1,8 sjálfskiptur 4 dyra  
Fast númer OH715  
Skrd. 03/2006.  
Ek. 41.000 km.  
Verð áður 2.740.000 kr.



### Tilboðsverð 2.290.000 kr.

Ssangyong Actyon  
2,0 sjálfskiptur 5 dyra  
Fast númer PK013  
Skrd. 06/2007.  
Ek. 8.000 km.  
Verð áður 2.950.000 kr.



### Tilboðsverð 2.790.000 kr.

Volvo S40  
2,4 sjálfskiptur 4 dyra  
Fast númer MM968  
Skrd. 1/2007.  
Ek. 29.000 km.  
Verð áður 3.540.000 kr.



### Tilboðsverð 1.690.000 kr.

Ford Escape XLT  
3,0 sjálfskiptur 5 dyra  
Fast númer KV930  
Skrd. 01/2005.  
Ek. 66.000 km.  
Verð áður 2.250.000 kr.



Fjöldi annarra bíla í boði - Hringdu núna í síma 515-7000

*Opið í dag  
frá kl. 9 til 18*

**Í dag** Brimborg  
afnemur meira en ígildi  
vasksins af völdum  
notuðum bílum  
til kl. 18 í dag

# Virðisauka- rinn af **og meira til**

**á notuðum bílum:**

**Tilboðsverð 990.000 kr.**

Ford Focus Ambiente  
1,6 5 gíra 5 dyra  
Fast númer UH789  
Skrd. 12/2004.  
Ek. 39.000 km.  
Verð áður 1.310.000 kr.



**Tilboðsverð 990.000 kr.**

Chevrolet Lacetti  
1,8 sjálfskiptur station  
Fast númer YZ544  
Skrd. 7/2005.  
Ek. 47.000 km.  
Verð áður 1.380.000 kr.



**Tilboðsverð 3.790.000 kr.**

Volvo C70 SE  
2,4i sjálfskiptur 2 dyra  
Fast númer RR976  
Skrd. 09/2006.  
Ek. 11.000 km.  
Verð áður 4.950.000 kr.



**Tilboðsverð 4.290.000 kr.**

Volvo S80 SE+  
2,4 dísil sjálfskiptur 4 dyra  
Fast númer LT326  
Skrd. 05/2007.  
Ek. 18.000 km.  
Verð áður 5.590.000 kr.



➤ **Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu  
nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og  
sannreynðu tilboð dagsins í dag.  
Komdu í Brimborg**

**Virðisaukaskatturinn af - og meira til hjá Brimborg**



Öruggur staður til að vera á

Alþingi og Þingvellir:

## Verðug hugmynd

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Trúin á málstað Jóns Sigurðssonar er svo rík í mörgum að þeim finnst jafngilda svikum að nota ekki gleraugu nítjándu aldar til þess að horfa á viðfangsefni tuttugustu og fyrstu aldar. Svo er komið að jafnvel heiðarlegar hugmyndir um framkvæmdir til að heiðra minningu þessa mikla frelsisforingja eru einnegin skotnar niður með sömu trúarrökum. Ekkert má aðhafast ef það er ekki eins og menn sáu hlutina áður en tuttugasta öldin gekk í garð.

Á vordögum fyrir ári ákvað Alþingi að rétt væri að minnst þess árið 2011 að þá verða liðnar tvær aldir frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Alþingi fól forsætisráðherra að koma þessum vilja í framkvæmd. Sólveig Pétursdóttir, fyrrum forseti Alþingis, var valin til að hafa forystu þar um.

Hún hélt á dögumum ræðu á þjóðhátíð á Hrafnseyri. Þar lýsti hún viðhorfi sínu til eins áleitins viðfangsefnis af þessu tilefni með þessum orðum: „Þó svo að endurreistu Alþingi hafi verið valinn staður í Reykjavík þá eru Þingvellir samt sem áður einn helgasti staður í hjarta þjóðarinnar. Þar höfum við fagnað flestum merkisatburðum í sögu þjóðarinnar. Það er því mín skoðun að Alþingi Íslendinga eigi að hafa aðstöðu á Þingvöllum þar sem hægt sé að hafa þingfundir innandyra, taka á móti gestum og halda upp á merkisatburði.“

Að sönnu er þetta ekki í fyrsta sinn sem þessari hugmynd er hreyft. Hún er aukheldur ekki útfærð í einstökum atriðum. Eigi að síður eru hún vel þess virði að hljóta umræðu og nána skoðun. Tilefnið er verðugt. Við sérhvert skref sem þjóðin stígar fram á við til þess að takast á við viðfangsefni nýrra tíma er jafn mikilvægt að rækta þá arfleifð sem hefur gert okkur að þeirri þjóð sem við erum.

Hver skyldu þá hafa verið fyrstu viðbrögðin við þessari hugmynd fyrrverandi forseta Alþingis og formanns tvöundruð ára afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar? Rétt þótti á einum stað að gera að henni góðlátlegt grín með því að vitna í baráttu Jóns Sigurðssonar sjálfs fyrir því að endurreist Alþingi sæti í Reykjavík og láta að því liggja að fyrir þá sök væri hugmyndin út í hött.

Það verður vissulega ekki einfalt að reisa hús á Þingvöllum í þessum tilgangi. En sú rétttrúnaðarstefna að ýta hugmynd af þessu tagi og af þessu tilefni út af borðinu með þeim hagkvæmni-rökum sem bjuggu að baki þeirri ákvörðun á sinni tíð að Alþingi og stjórnvöldin skyldi vera í Reykjavík er í besta falli bernskuleg.

Sumir rétttrúnaðarmenn um Jón Sigurðsson mættu að ósekju lesa oftar og betur sumt af því sem hann skrifaði. Lítil varningsbók handa bændum og búmönnum á Íslandi hefst til að mynda með þessum orðum hans: „Hver tími hefur sínar þarfir og sitt ætlunarverk og það er hinn sanni gæfuvegur, eins þjóðanna eins og hinna einstöku manna, að kunna skýrt að sjá hvað fyrir hendi liggur á sérhverjum tíma og hafa manndóð og samtök til að fylgja því fram.“

Hugmyndir fyrrverandi forseta Alþingis um hvernig minnst megi með verðugum hætti tveggja alda afmælis Jóns forseta eru í góðu samræmi við þessa opnu og skýru hugsun. Hún gæti gert hvort tveggja í senn að mæta á hagkvæman hátt nýjum þörfum löggjafarsamkomunnar og verið ný áminning um afrek þess sem merkastur er þeirra sem þar hafa setið. Að baki býr sú einfalda staðreynd að Alþingi og Þingvellir eru hluti af sama vefnaði.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson  
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir  
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).  
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Armannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

## Annarleg sjónarmið

Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, hefur vakið nokkra athygli að undanförunu vegna skrifa hans í Fréttablaðið um höfundarréttarbrot og meinta pólitíska ráðningu kollega síns, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra bregst ekki flokksbróður sínum og ver hann á heimasíðu sinni. Hann segir Svan „ófrægja“ Hannes, að skrif hans byggist á „annarlegum sjónarmiðum“ og að á bak við þau búi „óvenjulegur illvilji“. Segir ráðherra einnig að þau fræðaskrif eftir Svan sem hann hefur lesið nái ekki máli og byggji á þessum sömu „annarlegu sjónarmiðum“.

## Allir eru að því

Andrés Magnússon blaðamaður fjallar einnig um greinar Svans á bloggi sínu. Hann bendir á að Svanur sé yfirlýstur Samfylkingarmaður og hafi á árdögum flokksins ihugað framboð til formanns. Skrifin hljóti því að byggja á annarlegum sjónarmiðum. Andrés skýrir einnig frá því að fleiri starfsmenn skólans en Hannes hafi verið viðriðir lögbrot á vegum háskólans. Niðurstaða Andrésar er líklega sú að fyrst allir séu að því, þá megi ekki benda á neinn.

## Hrútleiðinlegur Kommi

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, svarar málflytningu

ingi andstæðinga Svans á bloggi sínu og segir hann „dæmigerðan“. Hann segir að pólitískar ráðningar Sjálfstæðisflokksins á héraðsdómurum, hæstaréttardómurum og Hanesi í kennarastöðu við HÍ séu til þess fallnar að tryggja völd flokksins í samfélaginu. „En sumum finnst nægilegt að svara þessum ábendingum með því einu að Svanur sé einhver Kommi, hrútleiðinlegur og fleira í þeim dúr,“ bætir Guðmundur við. Slíkt er í rökræðinni kallað ignoratio elenchi - þegar spurningu er svarað með staðhæfingu sem er kannski rétt, en er þó ekki svar við spurningunni sjálfri.

steindor@frettabladid.is

## Átök skynsemi og trúar

Í síðustu Lesbók birtist grein Eftir Björgu Hjartardóttur kynjafræðing þar sem hún skrifar í nokkrum umvöndunartóni um Hirsi Ali, sómalska rithöfundinn sem skorið hefur upp herör gegn kvennakúgun í trúræðissamfélögum íslams. Tilefni greinarinnar eru verðlaun sem hún deildi nýlega með Taslimu Nasreen frá Bangla Desh og kennd eru við Simone de Beauvoir. Björg segir að sér kæmi ekki á óvart að Simone hafi snúið sér við í gröfni yfir þessum verðlaunaveitingum, sem er nokkuð fast að orði kveðið um konu sem hætt hefur lífi sínu til að berjast gegn nauðungarhjáðningum barnunga stúlkna, umskurði stúlkubarna og öðrum ósiðum sem fylgja trúræði og feðravelði. Verðlaunin eru að sögn Bjargar veitt „þeim einstaklingum sem lagt hafa sitt á vogarskálarnar í baráttunni fyrir frelsi kvenna víða um heim“. Björg virðist ekki telja að Hirsi Ali – eða Taslima – uppfylli þau skilyrði.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Hirsi Ali og Islam

tilhneigingu sem Hirsi Ali hefur til að gefa í skyn að sumar konur, í þessu tilfelli múslimskar konur, væru betur settar ef menning sú sem þær fæddust inn í myndi nánast leggjast af.“

Eigum við þá að draga þá ályktun að þær séu betur settar undir trúræði og feðravelði?

Virðing fyrir menningu annarra er vissulega dyggð og hæfileikinn til að setja sig í spor annarra með mikilsverðustu mannlegu eiginleikum ásamt forvitni og löngun til að skilja aðra. En öllu má ofgera. Og það ómerkir ekki málflytning Hirsi Ali hverjir taka undir hann. Okkur ber að hlusta á hana sjálfa.

## Mannréttindi eru algild

Sé það satt sem Björg segir að „femínískar fræðikonur“ virðist ekki í hópi öflugustu stuðningsmanna hennar sætir það furðu því að þó hún tali tæpitungulaust þá berst hún fyrir algildum kvenréttindum og mannréttindum – réttindum sem eru jafn mikilsverð í Afríku og í Hollandi. Og þegar hún heldur því fram að hlutskipti kvenna sé betra á vesturlöndum en víða annars staðar þá hefur hún sithvað til síns máls, þó að aldrei skuli alhæfa og hver og ein fjölskylda sé sértök. Og þar kemur til kastanna enn eitt lykilorðið sem Björg sneiðir hjá. Sekúlarismi. Við erum svo lánsöm hér að gamla testamentið er ekki lagt til

grundvallar nokkrum hlut nema hjá stöku trúffli. Það er ekki vegna yfirburða okkar heldur eru þetta harðsött réttindi sem margir hafa látið lífið fyrir.

Taslima Nasreen sem deilir verðlauninum með Hirsi Ali er landflótta og dæmd til dauða vegna skrifa sinna um hlutskipti kvenna í Bangla Desh en áður en hún lagði ritstjórn fyrir sig starfaði hún sem kvensjúkdómalæknir í landi sínu. Björg telur ef til vill að Simone de Beauvoir snúist annan hring í gröfni vegna þess að í sínu nafni sé slík kona heiðruð – það er ekki gott að segja, henni þykir ekki taka því að ræða um hana. En Taslima hefur skrifað á heimasíðu sína, og kann að vera fróðlegt fyrir Björgu:

„Mannkynið stendur frammi fyrir óvissu og líkur á nýjum deilum og átökum grúfa yfir okkur. Átökin eru milli tveggja ólíkra meginhugmynda, sekúlarisma og bókstafstrúar. Ég er ekki sammála þeim sem telja að átökin standi milli tvenns konar trúarbragða, það er að segja kristindóms og íslams, eða gyðingdóms og íslams. Það eru nefnilega bókstafstrúarmenn í öllum trúarsamfélögum. Ég er ekki sammála því fólk sem telur að krossferðir miðalda verði senn endurteknar. Né held ég að þetta séu átök Austurs og Vesturs. Fyrir mér eru þessi átök milli nútímalægrar, skynsamlegrar rökhugsunar og óskynsamlegrar og blindrar trúar. Fyrir mér eru þetta átök milli þeirra sem aðhyllast nútímann og þeirra sem eru andvígir nútímanum. Sumir vilja ganga áfram en aðrir afturábak. Þetta eru átök milli framtíðarinnar og fortíðarinnar, milli frumleika og hefðar, milli þeirra sem frelsinu unna og hinna sem það gera ekki.“

Ég held að Simone sé alveg róleg í gröfni ...

## Dæmalaus atburðarás

## UMRÆÐAN

Óskar Bergsson skrifar um borgarmál

Í framhaldi af ákvörðun stjórnar OR um að selja jarðirnar Hvamm og Hvammsvík í Hvalfirði vakna upp spurningar um fasteigna- og fjárfestingarstefnu Sjálfstæðisflokks og F-lista.

Fyrsta verk þessara flokka var að kaupa húsinn við Laugaveg 4-6 og Skólavörðustíg 1A fyrir 580 milljónir króna. Annað verk þessara flokka á sviði fasteignaviðskipta var að selja Fríkirkjuveg 11 fyrir nánast sömu upphæð. Þriðja verk meirihlutans á fasteignamarkaði var að kaupa rústir húsanna við Lækjargötu 2 og í þeim viðskiptum sannaðist að fasteignaverð á gömlum húsum í miðborg Reykjavíkur hafði margfaldast þegar borin voru saman kaupin við Austurstræti 22 sem áttu sér stað fáum mánuðum áður en kaupin á Laugavegi 4-6 fóru fram.

Þegar þessi atburðarás er skoðuð veldur það áhyggjum þegar meirihlutinn leggur nú enn af stað í viðskiptaleiðangur með almannafé uppá vasann og núna til þess að selja eina af náttúruperlum og vinsælt útivistarsvæði Reykjavíkinga. Engar



ÓSKAR BERGSSON

skýringar hafa verið gefnar á því hvort frumkvæðið að sölu komi frá Orkuveitunni sjálfri eða þá hvort einhver tiltekinn aðili hafi haft frumkvæði að þessum viðskiptum. Í tíð Reykjavíkurlistans, undir forystu Framsóknarflokksins, keypti Orkuveitan margar jarðir vegna jarðhitanýtingar og mótaði þá stefnu að landið gæti nýst til útivistar fyrir almenning, samhliða orkuvinnslunni. Sú stefnumótun hefur reynst farsæl. Sem dæmi um jarðir og svæði sem Orkuveitan á eða hefur umsjón með og nýttist bæði til orkuvinnslu og til útivistar fyrir almenning má nefna Nesjavelli, Urriðavatn, Úlfliótsvatn, stóran hluta Hellisheiðar, Heiðmörk og Öskjuhlíð.

Ef Hvammsvík er til sölu núna, hvað verður þá til sölu næst? Verður það Heiðmörkin eða kannski Öskjuhlíðin? Hver er tilgangurinn með sölu Hvammsvíkur? Ef þessi sala gengur eftir þá hefur orðið stefnubreyting um eignarhald almennings á útivistarsvæðum í nágrenni Reykjavíkur. Ákvörðun sem breytir stöðugleika í óstöðugleika, rétt eins og önnur fasteignaviðskipti þessa meirihluta.

Höfundur er borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki






**Barnaherbergið** skiptir litlu börnin miklu. Stærð barnaherbergja skiptir ekki meginmáli, heldur hvernig rýmið er nýtt. Ef herbergið er lítið er hægt að hafa upphækkaða kofu þannig að plássíð undir rúminu nýtist. Ekki er gott að hafa of mikið af leikföngum. Betra er að hafa færri en vandaðri hluti.



**Epal** hefur opnað verslun á Laugavegi 7 ásamt Liborius. Í nýju búðinni verður seld gjafavara, nýttahlutir og skrautmunir fyrir heimilið. Liborius býður upp á hátískufatnað fyrir dömur og herra frá þekktum hönnuðum eins og Christian Dior. Einnig fást í versluninni sérvalin ilmvötn og ýmiss konar fylgihlutir.

**Borðstofustólar** eru inni á hverju heimili. Vel þarf að vanda valið á borðstofuhúsgögnum. Þau þurfa bæði að vera þægileg og falleg. Fátt er verra en að fara í matarboð og sitja í óþægilegum stólum. Það tekur alla ánægjuna frá boðinu.



**Myndavélar, mikið úrval kynntu þér verðin á fotoval.is**



Myndavéla-  
viðgerðir  
Skiptihóli 50B  
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

## Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hággæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: [gluggar@vortex.is](mailto:gluggar@vortex.is)



**Ekkert viðhald**

**Kjarnagluggar**

Skemmuvegji 46 • 200 Kópavogi  
sími 564 4714 • Fax 564 4713

[www.kjarnagluggar.is](http://www.kjarnagluggar.is)

**5125050**  
Auglýsingastími



Iðunn er yfir sig ánægð með teppið á veggnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Óvænt gjöf og íslensk

Í Kópavoginum er útsaumað riddarateppi miðja hússins.

Þegar Iðunn Antonsdóttir, nýráðinn forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, er innt eftir því hver sé sá hlutur á heimilinu sem henni þyki vænst um finnst henni úr vöndu að ráða. „Ég lenti í svolitlum vandræðum þegar ég var að reyna að velja,“ segir Iðunn og bætir við að dóttir hennar hafi minnt hana á fallegt teppi á heimilinu. „Þetta er riddarateppi. Fyrirmynd þessa teppis er á Þjóðminjasafninu. Það er saumað með gamla íslenska sauminum,“ upplýsir Iðunn og segir að þetta sé stórt og mikið teppi.

Iðunn segist hafa fengið teppið að gjöf. „Þetta var óvænt gjöf. Það var þannig að móðir vinkonu minn-

ar, fullorðin kona sem heitir Guðríður Torfadóttir, hringdi í mig þegar hún hafði lokið við að sauma þetta teppi,“ segir Iðunn og fullyrðir að Guðríður hafi setið við saumaskapinn um fjóra tíma á dag í heilan vetur. „Þannig að þetta var mikil gjöf. Guðríður vissi að mér þótti teppið fallegt,“ segir Iðunn. „Af sínum mannkærleik og löngun til að gleðja ákvað Guðríður að gefa mér teppið. Hún hafði líka mjög gaman af því að sauma út. Hún gat þarna sameinað þetta tvennt.“

„Frá því að ég fékk teppið hefur það verið eins og miðja hússins. Það er það ennþá þótt það sé komið í annað hús. Ég veit ekki hvort það var meðvitað eða ómeðvitað en það er enn fyrir miðju húsi.“

*martaf@frettabladid.is*



*Þjóddu henni út að borða*



weber Q  
XEINN JG 5x10

**weber** – gasgrill í úti-leguna!

Söluastaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni  
Útilegumaðurinn · Motor Max · Everest · Seglagerðin Ægir · [www.weber.is](http://www.weber.is)



## Meindýr sumarsins

Oft fylgir böggull skammri og með hækkandi sól og syngjandi fuglum koma stundum óboðnir gestir.

Flugur og flær ýmiss konar færast í aukana þegar hitna tekur í veðri og má verjast þeim með því að bera á sig áburð, verða sér úti um flugnet eða fá sér flugnagildir. Hins vegar dugir það ekki alltaf til og þá er stundum þörf á að kalla á meindýraeyði.

„Á sumrin hefur fólk oft einna mestar áhyggjur af því að vera stungið og þá er fyrst og fremst verið að hugsa um geitungana. Þó svo þeir séu hluti af náttúrunni og geri gagn með því meðal annars að éta sitkalús og blaðlús þá vilja menn síður hafa geitungabú í nálægð við sig og skynsamlegt er að losa sig við þau úr garðinum,“ segir Smári Sveinsson meindýraeyðir hjá Vörnum og eftirliti.

„Það er ekki sniðugt að fólk sé að vesenast í þessu sjálft. Búið er ekki vandamálið heldur er það drottningarflugan og þá er gott að fá meindýraeyði til að fjarlægja búið og eitra. Hins vegar getur fólk búið til geitungagildir sjálft úr gosflöskum,“ útskýrir Smári og bætir við: „Býflugan getur líka

Býflugan getur stungið en er að mestu meinlaus.



Smári segir að um þessar mundir sé mikið að gera í sambandi við starann en honum fylgja hvítleiðar fuglaflær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stungið en húsflugur og þess háttar er best að veiða bara með límspjöldum sem hengd eru hér og þar.“

Starinn er einn af þeim fuglum sem áberandi eru á sumrin en honum fylgja fremur óskemmtilegar fuglaflær. „Það er mjög mikið af stara í ár og mikið um flóabít,“ segir Smári en starafloín getur verið vandamál í allt að tvö ár. „Þá þarf að fá meindýraeyði til að losa sig við þær en svona fuglaflær geta einnig fylgt skógarþröstum. Ef fólk fær flóabít eða verður vart við að starinn er í húsinu hjá þeim þá er ástæða til að kalla á meindýraeyði,“

útskýrir Smári en Varnir og eftirlit sinna allri fánunni eins og hún leggur sig og eyða hvers konar meindýrum sem skjóta upp kollinum. „Nú erum við á fullu í staranum og erum í því að eitra og ganga frá hreiðrum en starinn er friðaður þannig að við lokum hann bara úti og leyfum ungunum að fara. Síðan byrjuðum við í geitungunum 25. maí en þess má til gamans geta að við byrjuðum á nákvæmlega sama tíma í fyrra,“ segir Smári kíminn og heldur áfram að aðstoða fólk við að losa sig við litla vágesti.

hrefna@frettabladid.is

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



### Allt er fertugum fært TAMTAM Á AFMÆLI

Uppbot og átök fylgdu víða um heim því sögulega ári 1968. Hvort það tengist þessum umbrotum skal ósagt látið en í hönnun verða ákveðin þáttaskil milli hins klassíska og nýrrar hönnunar. Hinn heimsþekkti kollur TamTam er eitt af sköpunarverkum '68 og var hannaður af Henry Massonnet. Þessi hönnun ber merki nýstárlegs stíls árána þegar öllu átti að breyta og tískan var mótuð af sterkum framúrstefnulegum línunum og munstri. TamTam-kollurinn féll því vel að þeim nýja innanhússtíl þegar línurnar áttu að vera nýtiskulegar og allt úr harðplasti og formica. Kollurinn hefur í gegnum tíðina verið framleiddur í öllum hugsanlegum litum og munstrum, til dæmis með loðnu áklæði eða gylltu. Í tilefni af fjörutíu ára afmælinu hefur húsgagnaframleiðandinn Branex Design framleitt svart/hvítan TamTam í austurlensku jafnvægi yin og yang og annan, iTamTam með innstungu fyrir iPod eða iPhone. TamTam á því líklega önnur fjörutíu ár fram undan. - beb

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“

Þvær á 15 mínútum!

Krakkarnir komast strax í uppáhaldsbuxurnar sínar.

**SIEMENS**



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is

# Sprungunet á glerungni

Halla Ásgeirsdóttir leirlistakona opnaði nýverið sýningu hjá Handverki og hönnun.

„Ég vinn með brennslu sem kallast raku-brennsla en þetta er aldagömul japönsk aðferð, frá því um 1600. Aðferðin varð hins vegar vinsæl í Bandaríkjunum í kringum 1960,“ útskýrir Halla.

„Þetta fer þannig fram að maður snögghitar hlutinn í þúsund gráður í ofni og slekkur síðan á ofninum og opnar hann. Kalda loftið sem streymir inn í ofninn kællir þá hlutinn og sprengir glerunginn.“ Því næst dregur Halla hlutinn úr ofninum og stingur honum ofan í tunnu sem hún hefur fyllt af laufi eða rifnum dagblöðum. „Þá kviknar í þeim og ég loka tunnunni og kæfi eldinn. Þá smýgur reykurinn sem myndast inn í sprungurnar á glerungnum,“ segir Halla. Það verður því samspil milli hitans og reyksins í tunnunni og myndast sprungunet á hvítum glerungnum. „Ég hef unnið á þennan máta frá því árið 1992 en ég lærði í Bandaríkjunum og vinn nú eingöngu með þessari aðferð,“ segir Halla ákveðin.

Fyrir tveimur mánuðum var Halla stödd á eyjunni Santorini og varð þar fyrir áhrifum af jarðfræðisögu eyjunnar. Þau áhrif birtast í verkum hennar. „Ég kalla sýninguna Farandsteina og eru þetta svona



Halla vinnur með raku-brennslu sem er aldagömul japönsk aðferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

kúlur inni í skálunum. Þetta eru aðallega skrautmunir eins og vasar og skálar sem eru á þessari sýningu en ég hef líka gert skúlptúra,“ segir Halla áhugasöm.

Verk Höllu fást víða og má þar nefna Kraum, Gallerí List, Listasafn Íslands og Listfléttuna norður á Akureyri. „Síðan rek ég vinnustofu ásamt fjórum öðrum leirlistakönnum, málurum og tréskurðarmeisturum í Kópavogi og kallast hún Skruggusteinn,“ segir Halla. Sýningin er sölusýning og er hún á skörinni hjá Handverki og hönnun, Aðalstræti 10. Hún er opin alla daga og stendur yfir til 15. júlí.

hrefna@frettabladid.is



Glæsileg hnifapör  
þola uppþvottavei

munið brúðargjafalistann

opíð: má-fö. 11-18, lau.11-16  
Dalvegi 16a, Kóp. 201  
rauðu múrsteinshúsunum  
www.nora.is

Nóra

Lúxus pottar  
júnítilboð!

Gríptu tækifærið og fáðu  
þér heitan pott á aðeins kr. 390.000,-

www.luxuspottar.is  
Símar: 849 9977 & 868 0516

Lúxus pottar

# Lokað í dag

## Útsalan hefst á morgun

### 40-70% afsláttur

COSMO

Kringlunni

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8-17

## BÍLAR & FARARTÆKI



### ÚRVAL NÝRRAR ATVINNUBÍLA Á FRÁBÆRU VERÐI!!

Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ án vsk. Nýr Renault Master. 7 manna með palli. Verð kr : 2.538þ án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ án vsk. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax!

**Sparibíll ehf**  
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)



CHRYSLER 300C SRT8 árg 2006, ek 29þ km, 6.1L Hemi vél, 450 Hestöfl, 4,6 sek 0-100 km, Sjálfstjór, Navigation Skjár, 6 Díska magasin, Topplúga, Allt rafdrif, Leður, Tölvukubbur, Aksturstalva, Filmur, Kraftpúst, Verð 5.990þ Áhv 5.150þ

**Arnarbilar ehf**  
Gylfafiöt 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
[www.arnarbilar.is](http://www.arnarbilar.is)



VW Transporter pick-up árg 2002 dísel, TDI, ekinn 130 þús., nýleg tímareim, sk.'09, 100% lánað. Verð kr. 1.280.000,- m.vsk. S. 821 6292.

## TIL SÖLU

2300 TB

Innanmál: 301x153x40 cm  
Heildarþyngd: 2000 kg  
Burdagseta: 1622 kg  
Dekk: 13"

Verð:  
350.000,-



Lyfta.is - 421 4037 - [www.thuletrailers.is](http://www.thuletrailers.is) - [thule@thuletrailers.is](mailto:thule@thuletrailers.is)



Ford Transit 110 dísel, árg 2008, nýr, óekinn, vinnuflokkabíll, 7 manna, 4 dyra, verð kr. 3.790.000,- m.vsk. S. 821 6292.



Ford Transit 220D Connect árg 2005, dísel, ekinn 42 þús., háþekja, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.550.000. S. 821 6292.



Ford Econline 250 árg 1995, 6 cyl., extra langur, ekinn aðeins 95 þús.km., 6-9 manna, dráttarkúla, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 650.000. S 821 6292.



Ford Econline Club wagon, dísel, 15 manna, árg 1997, ekinn 85 þús., sk.'09 (sendiráðsbíll) 100% lánað, verð kr. 1.280.000,- S. 821-6292

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

## Bílar til sölu



### Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala

Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á [Netbilar.is](http://Netbilar.is) Gerðu verðsamanburð. Bilasalan Netbilar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300



Fáðu Betra Tilboð!  
10% útborgun - Íslensk ábyrgð  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C250 frá 3700þús. Sími 5522000. [www.islandus.com](http://www.islandus.com)



**BMW 520 TDI Sport STW Megatilboð**  
Árg. '03 sk. '09 Ek. 189 þ. síma, DVD, 16" felg. Listav. 2.5 m. Tilboð 1.390 m. Skipti á ódyrari. S. 844 8606.



Mustang GT 2006, umboðsbíll í ábyrgð, skráður sept.2006 til sölu. Ekinn aðeins 11.300km.eins og nýr. Aukabúnaður: álfelgur, Shaker 1000 hjóðkerfi, 5 girja sjálfstjórning o.fl. Bein sala. Sími 696 6566.



Til sölu Lincon Mark LT árg. 2006 ek. 33.000. Fallegur bíll, svartur með öllum þægindum,leðursæti, topplúga, Webasto miðstöð og dráttarkúla. Umboðsbíll frá Brimborg, einn eigandi. Verð 3.400.000.-kr. Uppl. í s:8977445



Nissan Almera 1,8 bsk. '00 ek. 120 þ. mjög góður bíll. Verð 350 þ. S. 893 2284.



### Santa Fe II

Santa Fe II Dísil sk. 12.07. Með nánast öllu, 19" álfelgur off off. Getur fengið á yfirtöku láns. Skipti ath. Uppl. í s. 898 8228.



Subaru Legacy 2.0, skr 9/2002, ek. aðeins 87þ, sjúk, krókur, litað gler, vetrardekk á álfelgum, V 1.290þ, GLÆSILEGT EINTAK, s: 844-4709



Subaru Forester 1600 árg. 98 til sölu. Ekinn 200 þús. Toppeintak í mjög góðu ástandi. Næsta skoðun árg. '09. Verð 600 þús. Uppl. í síma 659-3616

## 250-499 þús.



VW Passat '99 árg. Ásett verð 500 þús selst á 300 þús stgr. Uppl. í S. 869-0138

## 500-999 þús.



Kia Sportage ek.70þús.nýskr:26.6.2002,beinsk,1998cc,bensín,4x4. Ný dekk,álfelgur.590þús kr.Yfirrtaka(50%Ísk50%Erl.afb.30þús á mánn,19 gr.eftir) eða greiðsla.S:867-2703



Nissan Almera Luxury sjálfs ek 46000 ásett v 790 þús. tilb 650 þús. Uppl 8984990

## 1-2 milljónir



Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á [www.islandus.com](http://www.islandus.com)

## 2 milljónir +



270hp - 7,5L/100km!  
10% útborgun - Íslensk ábyrgð  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á [www.islandus.com](http://www.islandus.com)

## Bílar óskast

Óska eftir Porsche, Jaguar eða sportbíl, er með X5 '03 31 ek 80 + Hyundai Santa Fe '03 2.4l uppl. GSM 8928699

## Jeppar



Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. [www.islandus.com](http://www.islandus.com)



LC120 2005  
GX typra, 35" breyttur, dráttarb. ofl. Mjög gott verð 4990 þ. 100% lán mögulegt. Uppl. í s. 893 5011.



MBenz 1117 árg 1987 25manna ekinn580þúsGóður bíll.Tilboð óskast ýmis skipti koma til greina.Uppl í síma 8936633

## Pallbílar



Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. [www.islandus.com](http://www.islandus.com)

## Sendibílar



**Verktakar, Athafnamenn**  
9 sæta Volkswagen Transporter árg. '2005, 4x4 dísel ekinn 108þkm Ö.K Varahlutir s 696-1050 okspares@sim-net.is



Benz Atego árg 2002 ek 135 þús km verð 2,4 + VSK S: 691-1068

## Hópferðabílar



Benz-Neoplan árg'87, í finu standi,ek 830 þús, 33 sæti, Verð kr. 800 þús, skoða öll skipti. Uppl. 899-1275

## Vörubílar



**Til Sölu**  
Scania 124-420 árg 2000.Ekin 322.000. km Einnig Eurotrailer malarvagn 3.öxla. Upplýsingar í síma 660 8500



MAN TGA 32.410 árg '03, uppl. í síma 690 9199, Bjarni



MAN 33.464 6x6 árg. 10/2000 Dráttarbíll m. færanl. stól. Tvöfalt vökvakerfi m.a. fyrir gámavagn. smurkerfi og olíumiðstöð. 620 þ. km. Getum einnig úttegað fl vinnubíla , vagna og kranabíla. Ö.K.Varahlutir s. 696 1050 & 696 1051.

## Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



# Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.  
Glæsileg og vonduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.  
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)

# fasteignir

23. JUNÍ 2008

## EIGNAMIDLUN Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • fax 586 8081  
[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is), [www.eignamidun.is](http://www.eignamidun.is) • Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali



10 ár  
í Mosfellsbæ

### Glæsilegt heilsárshús á einstakri vatnalóð í Skorradal.



**\*NÝTT Á SKRÁ\*** Vorum að fá í sölu einstakt heilsárshús á stóri VATNALÓÐ í landi Dagverðames í Skorradal. Húsið er finnskt bjálkahús á steiptum sökkli. Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og sjónvarpsstofa. Kjallari er undir öllu húsinu og mikil geymslupláss. Stórar timburverandir eru umhverfis húsið, heitur pottur og möguleiki á bátaskýli. Lóðin er 7.050 m<sup>2</sup> eignarlóð og er þetta ein flottasta lóðin í dalnum. Þetta er einstök eign fyrir stóra og samhenta fjölskyldu sem vill njóta þessa besta sem Skorradalurinn hefur upp á að bjóða. **Verð kr. 58,0 m.**

Húsið er neðst í botnlanga.



## Barnahús og heitur pottur

101 Reykjavík fasteignasala hefur til sölu stórt einbýli með tveimur íbúðum í kjallara sem hægt er að leigja út.

Um er að ræða 380 fermetra einbýli í Breiðholti, neðst í botnlanga. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr og fallegu útsýni.

Forstofan er með flísum á gólfi og innbyggðum skápum. Inni af forstofunni er þvottahús, einnig með flísum og glugga. Gangur er parkettlagður. Þrjú rúmgóð svefnherbergi eru með skápum og parketti á gólfi. Úti af hjónaherberginu er útgengt á svalir og þaðan niður í garð. Baðherbergið er nýlega upp-

gert með flísum á gólfi og veggjum að hluta, baðkari, sturtuadstöðu og glugga.

Eldhúsið er með flísum á gólfi, vidarinnréttingu, tengi fyrir uppþvottavél og borðkrók. Stofa og borðstofa eru báðar með stórum gluggum og parketti á gólfi. Útgengt er á verönd með heitum potti, skjólgrindingu og yfirbyggðu skýli fyrir grill. Lítið hús er í garðinum fyrir börnin ásamt geymsluskúr. Upptekin lofthæð er á efri hæð hússins.

Í kjallara eru tvær íbúðir, tveggja og þriggja herbergja, sem hægt er að leigja út. Aðkoman að kjallaraíbúðum er nýlega hellulögð. Garðurinn er fallegur með pöllum og miklum gróðri.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson sölumaður á 101 Reykjavík fasteignasölu í síma 820-8104.

# EIGNIR ÓSKAST!

Allir þeir sem skrá eignir í sölu hjá okkur eiga möguleika á að vinna flugferð fyrir tvo til Evrópu.

Ekkert skoðunar- og skráningargjald.

Hafðu samband í síma **511 5005** eða á

**[www.husin.is](http://www.husin.is)**

Hlökkum til að heyra frá þér og þjónusta þig.

Dregið verður 3. júlí 2008



Telma Róbertsdóttir  
Löggiltur fasteignasali




HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • [www.husin.is](http://www.husin.is)




# GARÐUR ER BYGGÐA BESTUR

- þar sem ferskir vindar blása og sólsetrið er fagurt.



Íbúð í glæsilegu parhúsi skilast fullbúin að utan sem innan.

Höfum til sölu **135 m<sup>2</sup>** 3. herbergja íbúð í parhúsi í Garði þar af 32,5 m<sup>2</sup> bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan sem innan. Svona hús gæti kostað 44.000.000 kr. á höfuðborgarsvæðinu en þetta hús kostar **25.900.000 kr.** í Garðinum. *Hefurðu efni á að sleppa þessu? Komdu út í Garð!*



**25.900.000 kr.**

HEIÐARBRAUT 1 Í GARÐI

Nánari upplýsingar á [www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)

### Skilalýsing

- Húsið skilast með lárétrri lerki klæðningu og stölluðu stáli á þaki.
- Gólf eru með hita og gólfefnum.
- Parket er á herbergjum, stofu og gangi.
- Allir milliveggir eru tvöfaldir.
- Flísar á forstofu, baðherbergi og þvottahúsi.
- Innréttingar eru í öllum herbergjum, eldhúsi, baði og þvottahúsi.
- Heimilistæki blástursofn, helluborð, háfur og uppþvottavél.
- Bílskúrshurð með rafmagnsopnara.
- Lóð tyrfð og steypt bílastæði með snjóbræðslu.

### Aksturstími frá Garði

- Höfuðborgarsvæðið 35 mín.
- Bláa lónið 20 mín.
- Flugstöð, háskólasvæði, netþjónabú og Tæknigarðar 10 mín.
- Álver, iðnaðar- og atvinnusvæði í Helgúvík 5 mín.



VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · Sími 864-2400

**SIBA**  
ÞAKRENNUKERFI  
á öll hús - allsstaðar  
Úrval lita á lager

Fróm

**Létt í meðförum lang ódýrast**

PL 01 Svart PL 45 Silfur-metallik PL 20 Dökk Grá PL 22 Dökk Rauð PL 56 Dökk brún PL 42 Rauðbrún PL 80 Hvít PL 53 Kopar - metallik Aluzínk Kopar

Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. **SIBA-ÞAKRENNUKERFI** í fjölda lita

**BLIKKÁS - FUNI**  
Smiðjuvegi 74 - 200 Kópavogi - Sími 515 8700  
[www.funi.is](http://www.funi.is) - [www.blikkas.is](http://www.blikkas.is)



### 105 Reykjavík: Bílageymsla og ris

Flókagata 43: Vel staðsett sérhæð

**Fasteignasalan** Eignamiðlun hefur til sölu vel staðsetta sérhæð við Miklatún í Reykjavík ásamt risi og bílageymslu. Eignin er endurnýjuð á mjög smekklegan og vandaðan hátt.

**Lýsing:** Eignin hefur verið mikið endurnýjuð, meðal annars settir nýir gluggar. Komið er inn um séringang í stigahol. Úr stigaholinu er hægt að ganga inn í íbúðina eða beint upp í ris hússins. Frá íbúðinni er einnig hægt að fara upp í risið. Íbúðin er að mestu leyti parkettlögð. Þar má finna tvær stofur, endurnýjað baðherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og eldhús. Í risinu er hol með aðstöðu fyrir tölvu, endurnýjað baðherbergi, stórt herbergi og geymsla. Íbúðinni fylgir einnig sameign og bílageymsla. Sameignin sem er í kjallaranum er nýyfirfarin og nýmáluð. Úr sameigninni er hægt að ganga út á baklóð garðsins. Bílageymslan er 64,8 fermetrar og er sameiginleg með neðri hæð hússins. Frágangur og umgengni í bílageymslunni er mjög snyrtileg. Undir bílskúrnum er góð geymsla sem gengið er niður í úr bílskúr.

**Söluverð:** 57 milljónir.



Hert gler  
...í milliveggi



Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - [www.gler.is](http://www.gler.is)

**AS**  
**FASTEIGNASALA**

Fjarðargötu 17  
 Hafnarfirði  
 Sími 520 2600  
 Fax 520 2601  
 Netfang: as@as.is  
 www.as.is

Opið virka daga  
 kl. 9-17

**NAUSTAHLEIN - LAUS STRAX**



Einnar hæðar 60 fm 2ja herb. RAÐHÚS. Hægt er að fá neyðarbjöllu og ýmsa þjónustu frá Hrafnistu í húsin. **Verð 23,2 millj.** 7519



**DAGGARVELLIR - ALLT AÐ 90% LÁN** Sérlega falleg 128,9 fm EFRI SÉRHÆÐ í nýlegu 4ra íbúða húsi á frábærum stað í HRAUNINU á Völlum. **Verð 32,9 millj.** 7488



**ÁLFHOLT - GLÆSILEGT ÚT-SÝNI** Falleg talsvert endurnýjuð 100,2 fm 4ra herb. ENDAÍBÚÐ á 4. hæð (gluggar á þrjár hlíðar) á frábærum útsýnisstað. SÉRINNGANGUR. **Verð 24,9 millj.** 7037



**HRINGBRAUT - 3JA TIL 4RA Herb.** Falleg talsvert endurnýjuð 80,0 fm 3ja til 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu tví-/fjörbýli á góðum stað í suðurbænum. **Verð 19,9 millj.** 7439



**ÁRNASTÍGUR - LAUST STRAX** GLÆSILEGT 133 fm ENDAÍBÚÐ á einni hæð með BÍLSKÚR, á góðum og rólegum stað í nýlegu hverfi. **Verð 24,9 millj.** 7606

**ELDRÍ BORGARAR**



**HERJÓLFSGATA - GLÆSILEGT ÚTSÝNI** Nýleg 131 fm 3ja til 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í glæsilegu lyftuhúsi. **Verð 46,9 millj.** 7356



**GUNNARSSUND - LAUST STRAX** Fallegt 127 fm einbýli á frábærum stað í miðbæ Hfj. 3 sv. herb. Verönd, svalir og fallegur garður. **Verð 32,4 millj.** 7051



**ÖLDUSLÓÐ - EFRI HÆÐ Í TVÍ-BÝLI** 3ja til 4ra herb. risibúð með falllegu útsýni. Eignin er 72 fm en er mun stærri þar sem tölur er undir súð. **Verð 19,0 millj.** 7397



**STEEKJARBERG** Falleg 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 3. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað neðst í Setberginu. **Verð 24,6 millj.** 7297



**BURKNAVELLIR** - Sérlega falleg 91,7 fm íbúð á 3. hæð á góðum stað. 2 sv. herb. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. **Verð 23,0 millj.** 7100



**HÓLAVELLIR - LAUST STRAX** Fallegt talsvert endurnýjuð 136,1 fm einbýli. Teikn. af 51,5 fm bílskúr fylgja. 4 sv. herb. **Verð 25,5 millj.** 7215

**EINBÝLI**



**NORÐURTÚN - ÁLFTANES** Einstaklega fallegt og mikið endurnýjað einnær hæðar einbýli. Glæsilegur garður og pallar. Eign sem **Verður að skoðast.** **Verð 53,6 millj.** 7670

**RAÐ- OG PARHÚS**



**STEKKJARHVAMMUR** Fallegt og vel byggt 183 fm RAÐHÚS á 2 hæðum. **Verð 43,5 millj.** 7617



**LÆKJARBERG - LAUS STRAX** 121,4 fm neðri hæð í tvíbýli m/bílskúr. 2 sv. herb. Séríng. Verönd. Frábær staðsetning. **Verð 28,9 millj.** Laus við kaupsamning. 7053



**LYNGMÓAR 3 - MEÐ BÍLSKÚR** Falleg 113 fm 4ra til 5 herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi í HJARTA GARÐABÆJAR. Stórar svalir. Góð staðsetning. **Verð 28,7 millj.** 7250



**TUNGUEGUR** Kósý 63,7 fm neðri hæð í tvíbýli. Séríngangur. **Verð 15,5 millj.** 6851



**VÖRÐUSUND 2 - LAUST STRAX** Nýtt og gott 49 fm ENDAÍBÍL, ásamt ca: 15 fm milli lofti, samtals 64 fm í nýju atvinnuhúsnæði á góðum stað við höfnina. **Verð 7,5 millj.** 7607



**LINDARFLÓT - GARÐABÆR** Sérlega gott einnær hæðar einbýli á Flötunum í Garðabæ. Góður bílskúr og stór lóð. **Verð 56,9 millj.** 7662



**STEKKJARHVAMMUR** Fallegt mikið endurnýjað 160 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25 fm innbyggðum bílskúr, samtals 185,2 fm 4 svefnherbergi. **Verð 42,5 millj.** 7496

**4RA TIL 7 HERB.**



**ÖLDUGATA - m/BÍLSKÚR - LAUS STRAX** GÓÐ íbúð á 2. hæð í fjölbýli m/bílskúr, samtals 105,6 fm 3 svefnherbergi. **Verð 23,6 millj.** 7648



**SUÐURBRAUT** Rúmgóð 112,3 fm endaíbúð á 3. hæð. 3 sv. herb. Hús nýlega viðgert að utan. Frábært útsýni. **Verð 24,3 millj.** 7065

**2JA HERB.**



**NORÐURBAKKI** Glæsileg 69,2 fm 2ja herb. íbúð á jaröh. samt. 75,4 fm. Stæði í bilageymslu. **Íbúðin afh. fullb. án gólfefna nema á baðh. og þv.húsi** þar eru flisar. 6643

**VOGAR**



**Herbergi: 4**  
**Stærð: 128 fm**


## Laxatunga 90-100


**OPÍÐ HÚS**

**Opið hús mánudag kl 19:30 - 20:00**  
 HÖGNI K. HJÁ RE/MAX PING KYNNIR: Fyrsta opna húsið. Raðhús að Leivogstungu 90-100 sem eru fokheld í dag og tilbúin til afhendingar.

**Verð: 29.900.000**  
**Herbergi: 4**  
**Stærð: 172,5 fm**

## Laxatunga 90-100


**OPÍÐ HÚS**

**Opið hús mánudag kl 19:30 - 20:00**  
 HÖGNI K. HJÁ RE/MAX PING KYNNIR: Fyrsta opna húsið. Raðhús sem skilast fullkláruð eftir 8 vikur á 39.900.000,- (án gólfefna). Öll skipti koma til greina!

**Verð: 39.900.000**  
**Herbergi: 4**  
**Stærð: 172,5 fm**

## Fannafold 97 - 112 RVK


**OPÍÐ HÚS**

**Opið hús þriðjudag kl 17:30 - 18:00**  
 HÖGNI K. HJÁ RE/MAX PING KYNNIR: Flott einbýlishús á besta stað í Grafarvoginum. Með glæsilegum nýjum pall og sólstofu.

**Verð: 59.900.000**  
**Herbergi: 6**  
**Stærð: 210 fm**

## Vallarhús 37 - 112 RVK


**OPÍÐ HÚS**

**Opið hús þriðjudag kl 18:30 - 19:00**  
 Fallegt og vel skipulagt 126,8 fm. endaraðhús. Húsið er staðsett í botnlanga. Garðurinn er stór, gróinn og skjólgóður, vel afgirtur og með stórum palli.

**Verð: 36.500.000**  
**Herbergi: 4**  
**Stærð: 127 fm**

## Laugalind 3 - 201 KÓP


**OPÍÐ HÚS**

**Opið hús þriðjudag kl 19:30 - 20:00**  
 HÖGNI K. HJÁ RE/MAX PING KYNNIR: Skemmtilega skipulagða 100,8 fm 3ja herbergja íbúð m/26,4 fm bílskúr í lindunum í Kópavogi. Stutt í alla helstu þjónustu.

**Verð: 29.900.000**  
**Herbergi: 3**  
**Stærð: 127,2 fm**

**Bergur Steingrímsson**  
 Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali  
 bergurst@remax.is



**Högni Kjartan Þorkelsson**  
 Sölufultrúi  
 692 9532  
 hogni@remax.is



RE/MAX Ping - Háholti 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 520 9500 - www.remax.is

## ATVINNA

**VANTAR ÞIG**  
**SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN,**  
**MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.  
 Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000**

## TILKYNNINGAR



**primadonna**  
 hárgreiddi- og höfudnarstofa

**Hársnyrtistofan Primadonna**  
 býður Önnu Sögu velkomna til starfa aftur í sumar.

Gamlir og nýir viðskiptavinir velkomnir.

Með kveðju  
 Anna Sígga Lúdvíksdóttir  
 gsm: 697-7518 / vs: 588-5566


**Morgunstund**  
**gefur gull í mund**

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)



Pósthúsið ehf., Suðurhraun 1,  
 210 Garðabær, s: 585 8300

Venjulegur dagur byrjar klukkan átta. Zúúber góður dagur byrjar klukkan sjö!

1000 DRAUMARÁÐNINGAR  
 MICHAEL POWELL

**Zumber**

67% landsmanna undir fertugu hlusta á FM957

Capacent

**FM957**



# Flugvöllurinn fari með hraði

## UMRÆÐAN

Örn Sigurðsson skrifar um Reykjavíkflugvöll



ÖRN SIGURÐSSON

Hjörleifur Sveinbjörns-son, eiginmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur formanns Samfylkingarinnar og einn helsti pólitíski ráðgjafi hennar, skrifar undarlega grein í Fréttablaðið 2. júní sl. um flugvallarmálið.

Þar leggur hann til minnkaðan og tilfluttan Reykjavíkflugvöll innan Vatnsmýrarsvæðisins til að leysa þá stórstyrjöld, sem hann telur geysa um flugvallarmálið. En það sem Hjörleifur Sveinbjörns-son nefnir ekki en hlýtur þó að vita um er að gerð var skýrsla um þetta flugvallarmál á vegum fyrrverandi samgönguráðherra og birtist hún vorið 2007. Í þessari faglegu skýrslu er komist að því að það kostar þjóðarþúið a.m.k. 3,5 milljarða kr. á ári að hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýri og tæknilega og fjárhagslega boðlegir kostir þjóðast í staðinn á Hólmsheiði og í Keflavík.

Vegna andstöðu landsbyggðarfólks við Keflavík blasir Hólmsheiði við sem pólitískt ásættanleg staðsetning. En hvað skeður þá? Samgönguráðherra Samfylkingarinnar dregur lappirnar við að ljúka veðurathugunum á Hólmsheiði með því að vilja ekki láta fara fram

tölvuhermun á veðrinu þar, sem kostar um 6 milljónir kr og tekur um 6 vikur, til þess að geta borið því formsatriði við að ekki sé unnt að ákveða hvort mögulegt sé að flytja Reykjavíkflugvöll upp á Hólmsheiði vegna þess að veðurathugunum þar sé ekki lokið!

Þetta er formsatriði vegna þess

að samkvæmt núverandi þekkingu á veðri er lendandi á Hólmsheiði í a.m.k. 96% tilvika. Allar frekari veðurathuganir þarna eru í raun einungis til að finna út hvar á bilinu 96-98% af árinu sé lendandi á þessum stað og 95% nýting telst viðunandi lágmark.

Éger hér með tillögu að aðgerðar-áætlun fyrir Hjörleif Sveinbjörns-son, sem greinilega vill láta til sín taka á þessu sviði: Undirritaður leggur til að hann taki málið upp við formanninn sinn og biðji hann um að hnippa í Kristján L. Möller samgönguráðherra í því skyni að hann láti fara fram tölvuhermun á veðrinu á Hólmsheiði og liggi þá fyrir innan nokkurra mánuða að veðrið þar er í góðu lagi.

Þegar Hjörleifur Sveinbjörns-

son, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kristján L. Möller hafa afrekað þetta er ekkert því til fyrirstöðu að flytja Reykjavíkflugvöll upp á Hólmsheiði og uppfylla þannig niðurstöðu almennra kosninga frá árinu 2001, sem formaður Samfylkingarinnar hefur hingað til talið pólitískt og siðferilega bindandi niðurstöðu.

Tal Hjörleifs Sveinbjörns-sonar um flugvöll í Torontó vekur furðu. Toronto City Centre Airport liggur á eyjum og uppfyllingum í Ontaríovatni, nokkur hundruð metra frá landi, beint undan miðborginni. Hann er í eigu alríkisstjórnarinnar og hafnaryfirvalda í Toronto, sem vilja stækka hann og margfalda flugumferð en mikil andstaða er

meðal borgarbúa, sem vilja að flugvöllurinn verði lagður niður.

Hjörleifur ætti að þekkja íslenskar aðstæður ögn betur. Reykjavíkflugvöllur var byggður í seinna stríði í óþökk Reykvíkinga á kjörlandinu, sem þeir fengu 1. janúar 1932 til að stækka bæinn. Þar hefur ríkisvaldið viðhaldið honum æ síðan gegn vilja og hagsmunum borgarbúa með hóflausri misbeitingu illa fengins valds, með misvægi atkvæðanna.

Höfundur er arkitekt og stjórnar- maður í Samtökum um betri byggð.

## Aðgát skal höfð

### UMRÆÐAN

Guðný Jóhannesdóttir svarar Bakþönkum Þórhildar Elínar Elínardóttur

Kæra Þórhildur, ég heiti Guðný Jóhannesdóttir og er ritstjóri héraðsfréttablaðsins Feykis sem gefið er út á

Norðurlandi vestra. Mín kæra Þórhildur, ég er líka móðir þriggja barna sem hafa gaman af því að leika sér í náttúrunni í kringum heimili okkar á Sauðárkróki. Börnin mín hafa hvorki lágt enni né langa handleggi og gengur vel í skóla. Börnunum mínum og börnum annarra Skagfirðinga stóð ögn af ísbirninum sem um daginn villtist svo sorglega af leið og dvaldi við bakgarðinn heima. Kæra Þórhildur, hvernig hefði þér liðið vitandi af ísbirni í Öskjuhlíðinni, nú eða Heiðmörk?



GUÐNÝ JÓHANNESSDÓTTIR

Kæra Þórhildur Elín, ég er mjög stolt af lögreglunni sem stjórnaði vettvangi bæði á Þverárfjalli og eins úti á Hrauni þann 17. júní sl. Lögreglan tók erfiðar ákvarðanir með öryggi íbúanna í huga. Kæra Þórhildur, ef þú telur að þú hefðir getað stýrt aðgerðum betur þá óska ég fyrir hönd okkar Skagfirðinga eftir því að þú sendir okkur þínar hugleiðingar. Heimamann dreymdi nefnilega þrjá birni og samkvæmt því á einn eftir að koma á land.

Kæra Þórhildur, þú gætir kannski varið okkur fyrir þeim þriðja? En að lokum mín kæra Þórhildur, aðgát skal höfð í nærveru sálar, við erum kannski ekki lattedrekkandi íbúar 101 Reykjavík og fötin okkar eru yfirleitt samstæð en við erum líka fólk og höfum hvorki lágt enni né langa handleggi.

Kæra Þórhildur, þetta er nú þegar orðið of langt hjá mér en mig langar að benda þér á að hugsa þig um tvisvar og jafnvel þrisvar áður en þú skrifar næstu bakþanka. Að mínu mati var ekkert að dómgreind þeirrar vösku sveitar er gætir hagsmuna okkar íbúa. Sá eini sem í þessu máli, hér okkar á milli mín kæra Þórhildur, sýndi dómgreindarrest varst þú sjálf er þú kastaðir af þínum háa stali aur yfir íbúa landsbyggðarinnar.

Kæra Þórhildur, börnin mín lásu þessa bakþanka og þau eru særð. Þú særðir þau.

Höfundur er ritstjóri héraðsfréttablaðsins Feykis.

**Tilbúin í ferðalagið**

**DECUBAL**  
Húðvörur  
– Fyrir þurra og viðkvæma húð

**Íbúfen®**

**Paratabs®**

**Lóritín®**

**Paraghurt®**  
Mjólkursýrugerlar  
Við breytingum á parmaflóru

Að ýmsu ber að hyggja þegar haldið er í ferðalag.  
Kannaðu hvað apótekið þitt hefur upp á að bjóða.

**LYFJA**

**actavis**  
hagur í heilsu

STÆRDFRÆÐINGURINN OG RÖKFRÆÐINGURINN ALAN TURING FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1912.

„Við getum aðeins séð stutt fram í tímann en við sjáum margt þar sem þarf að gera.“

Alan Turing er þekktastur fyrir að finna upp svokallaða Turing-vél sem gat reiknað allt sem reiknirit er til fyrir og reyndist mikilvæg fyrir framþróun tölvu og tölvunarfræði.



PETTA GERÐIST 23. JÚNÍ 1983

## Lech Walesa á fund páfans

Pennan dag árið 1983 hélt Jóhannes Páll páfi II. einkafund með Lech Walesa, leiðtoga Samstöðu, sjálfstæðrar verkalyðshreyfingar í Póllandi sem hafði verið bönnuð árið 1981 þegar herlög voru sett í landinu. Páfinn og Walesa funduðu í Tatrafjöllum í suðurhluta landsins við lok heimsóknar páfans.

Talið er að páfinn hafi ráðlagt Walesa að treysta á ráð kaþólsku kirkjunnar í stað þess að skipuleggja mótmæli á götum úti, til þess að koma til leiðar umbótum í pólitísku landslagi Póllands. Þá er talið að páfinn hafi fært Walesa þær fregnir að líklegt væri að herlögnum yrði



aflett með haustinu. Þetta var önnur heimsókn páfans í heimaland sitt síðan hann tók við embætti.

Lech Walesa var trúfastur kaþólikki og frami hans varð nokkuð samhliða því að Jóhannes Páll settist í páfastól. Herlögum var aflett aðeins mánuði eftir heimsókn páfans og fengu pólitískir fangar sakaruppgjöf. Árið 1983 hlaut Lech Walesa friðarverðlaun Nóbels og á næstu árum voru lögð drög að lýðræði í Póllandi.

Árið 1989 vann Samstaða, flokkur Walesas, mikinn sigur í kosningum og tók þátt í meirihlutastjórn. Árið eftir var Walesa kosinn forseti Póllands og tók hann til við markaðsvæðingu hagkerfis landsins.

MERKISATBURÐIR

- 1926 Jón Magnússon forsætisráðherra andast í för um Norðurland og Austfirði með dönsku konungshjónunum.
- 1926 Varðskipið Óðinn, fyrsta landvarnarskip Íslands, kemur til hafnar í Reykjavík.
- 1940 Hitler skoðar merka staði í París í fyrstu og einu heimsókn sinni þangað.
- 1967 Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Pýskalands, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- 1977 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal formlega opnaður.
- 1984 Uppboð er haldið á eignum Johns Lennon, sem lést fjórum árum fyrr.
- 1995 Björgunarþryllan Líf kemur til landsins.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á nokkrar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Á vef Kvennasögusafnsins, www.kvennasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm er hægt að skoða allar myndirnar. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is.

Kvennasögusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm er hægt að skoða allar myndirnar. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is.



AFMÆLI



SIGRÍÐUR Á. SNÆVARR sendiherra er fimmtíu og sex ára í dag.



GÍSLI B. BJÖRNSSON grafiskur hönnuður er sjötugur í dag.



BRAUTRYÐJANDI ÍSLENSKRAR HÖGGMYNDALISTAR Listasafn Einars Jónssonar á Skólavörðuholtinu um það leyti sem það var opnað. Einar kaus að safninu yrði fundinn staður efst á Skólavörðuholtinu. Reyndist hann sannspár um þróun svæðisins sem framtíðarsvæði menningarstofnana.

MYND/LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR: ÁTTATÍU OG FIMM ÁRA

## Fyrsta listasafnið sem opnað var almenningi hér á landi

Tímamót urðu í íslenskri myndlist hinn 23. júní árið 1923 því þann dag lukust upp dyrnar að safnbyggingu Einars Jónssonar myndhöggvara efst á Skólavörðuhæð. Þar með var fyrsta listasafnið opnað almenningi hér á landi. Opnunina bar upp á brúðkaupsafmæli Einars og Önnu Jörgensen, sem giftu sig þennan dag árið 1917.

Einar var fyrsti íslenski myndhöggvarinn. Hann lærði við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn á árunum 1896-1899 og fyrsta verkið sem hann sýndi opinberlega var Útlagar. Það var á vörðunum í Kaupmannahöfn árið 1901 og þar má segja að Einar hafi lagt grunninn að íslenskri höggmyndalist.

Júlíana Gottskálksdóttir, listfræðingur og safnvörður í Listasafni Einars Jónssonar, er fród um söguna og henni segist svo frá:

„Einar hafði boðið þjóðinni verk sín að gjöf árið 1909 með þeim skilyrðum að þau yrðu flutt hingað til lands og að yfir þau yrði byggt á landsins kostnað. Árið 1914 var samþykkt á Alþingi að veita gjöfinni viðtöku með fyrrnefndum skilyrðum og um haustið sama ár sigldi Einar ásamt unnustu sinni frá Kaupmannahöfn hingað til lands og hófst handa við undirbúning safnsins.“

Í fyrstu var Einari boðin lóð undir

húsið við Hverfisgötu þar sem Þjóðleikhúsið var reist síðar en að sögn Júlíönu var hann ekki ánægður með lóðina. „Eins og búast mátti við af myndhöggvara sem var vanur að hugsa í þrívídd sá hann að þröngt yrði um safnið við Hverfisgötuna og afþakkaði boðið.“ segir hún.



„Þess í stað kaus hann að því yrði fundinn staður efst á Skólavörðuholtinu, sem þá var í útjaðri bæjarins. Hann sá holtið fyrir sér sem framtíðarsvæði ýmissa menningarstofnana og gerði sér grein fyrir þeim möguleikum sem þessi hæsti sjónarhóll bæjarins bauð upp á.“

Til að gera uppdrátt að safnbyggingu leitaði Einar í fyrstu til Guðjóns Samúelssonar, sem stundað hafði nám í byggingarlist í Kaupmannahöfn.

Upp úr því samstarfi slitnaði og fékk Einar nafna sinn, Einar Erlendsson arkitekt, til samstarfs. Saman undirrituðu þeir uppdrætti sem lágu til grundvallar byggingu sem reist var á holtiinu sumarið 1916 og hornsteinn var lagður að í október sama ár. Því má segja að safnhúsið sé stærsti skúlptúr Einars.

Sumarið 1917 segir Júlíana Einar hafa verið kallaðan til Bandaríkjanna

til að gera tillögu að höggmynd af Þorfinni karlsefni í fyrirhugaðan höggmyndagarð í Fíladelfíu í Pennsylvaníu. „Hinn 23. júní, daginn áður en þau Anna sigldu vestur um haf, fóru þau til prestsins í Landakoti og létu gefa sig saman. Vigsludag safnsins árið 1923 bar því upp á brúðkaupsvígsludag þeirra sjálfra og það var varla tilviljun.“

Einar var brautryðjandi íslenskrar höggmyndalistar og áhrif hans á íslenska myndlist voru veruleg þó að enginn gengi í smíðju hans. Hann fluttist alkominn til Íslands árið 1920, þá 46 ára gamall. Í fyrstu hósti safnbyggingin vinnustofu hans, sýningarsal og íbúð þeirra Önnu. Með árunum fjölgaði verkunum og byggt var við húsið, fyrst við austurgöf og síðar vesturgöf. Nú eru sýningar salir í öllu húsinu með helstu verkum listamannsins og höggmyndagarður við Freyjugötuna, auk þess sem turníbúð þeirra hjóna er varðveitt óbreytt frá þeirra tíð og er til sýnis. Þar er fábrotið listamannsheimili sem þó ber yfirbragð heimborgara og er búið fágætum húsgögnum og listaverkum.

Safnið er opið frá 14 til 17 alla daga nema mánudaga yfir sumaríð og er aðgangur ókeypis á sunnudögum. Þar er safnbúð með afsteypum af höggmyndinni Alda aldanna og lágmyndinni Nótt, auk korta og veggspjalda. Höggmyndagarðurinn við Freyjugötu er alltaf opin yfir sumartímann.

gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Otti Sæmundsson**

til heimilis að Kleppsvægi 62, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítala Háskólasjúkrahúss við Hringbraut laugardaginn 7. júní sl. Verður jarðsönginn frá Áskirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 15.00.

Guðríður Ottadóttir  
Anna Ottadóttir  
Auður Ottadóttir  
Eyrún Ottadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Lúðvík Eiddsson  
Hilmar Smith  
Ágúst Bjarnason  
Erik Jonsson

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði  
Sími: 565-2566  
www.englasteinar.is



## Blaðberinn minn hjálpar mér að hjálpa umhverfinu

Blaðberanum verður dreift um helgina í  
Kringlunni, Smáralind, Hagkaupum Eiðistorgi,  
Bónus Holtagörðum og Fiskislóð.  
Föstudagur: 16.30–19.00  
Laugardagur: 11.00–18.00  
Hægt verður að nálgast töskurnar í  
Skaftahlíð 24 virka daga frá 08.00–17.00

### Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# GÍTARINN

HLJÓDFÆRAVERSLUN

## Stagg

### Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,  
Auka Strengjasett,  
eMedia geisladiskur.

# Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:  
Viðarlitaður,  
Sunburst,  
Svartur,  
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125  
www.gitarinn.is



## STUÐ MILLI STRÍÐA Árstíð búrkunnar

VIÐDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FORÐAST SÓLINA



Nýverið bárust fréttir af því að framtaks-samir tiskufrömuðir úti í heimi hefðu sett á markað sundfatnað fyrir heittrúaðar íslamskar konur. Herlegheitin kallast búrkíní og hylja búk, útlími og höfuð þess sem þeim klæðaðst. Íslendingar botna fæstir nokkuð í því að klæðast slíkum skjólfatnaði á sólarströnd enda vitum við upp til hópa fátt betra en að láta hlýja sólargeisla leika við skjannhvíta húðina. Sólarýrkun er afar rótgróin í íslensku þjóðarsálinni, líkast til vegna þess að við sjáum svo sjaldan til þessa funheita eldhnattar. Það er líkast til af sömu ástæðu

sem við kunnum okkur ekki hof þegar sólin lætur loks sjá sig; við smyrjum á okkur olíu og steikjumst hægt og rólega þar til við lítum út eins og kjúklinganaggar.

Þó er til einn og einn Íslendingur sem ekki elskar sólina. Þessar furðuverur halda sig að mestu innandyra yfir hásumarið og taka sumarfríð sitt út á haustin til að sleppa við sólskinið. Ef þær þurfa að hætta sér út úr húsi um miðjan dag í júní maka þær á sig sólarvörn og setja upp bardastóran hatt. Hvað stýrir þessari hegðun?

Sumt þessa sólarfælna fólks er ef til vill hrætt um unglega ásjónu sína og vill í lengstu lög forðast sólarskemmdir og hrukkur. Skyldi engan undra; í samfélagi þar sem

æskudýrkun gegnsýrir alla menningu og viðhorf er hrukkótt húðtæplega eftirsóknarverð. Svo er til fólk sem þolir illa sól og brennur eða fær kláðaútbrot af geislum hennar. Hvað svo sem Vesturlandabúum kann að þykja um þann sið afgangskra kvenna að klæðast bláu búrku-tjaldi á almannaþæri er það deginum ljósara að það mundi klárlega létta sólarfælum einstaklingum lífið ef búrkan yrði tekin upp sem ásættanlegur íslenskur sumarfatnaður. Engar hrukkur, enginn bruni og engin kláðaútbrot. Að auki sér enginn ef hárið á manni er skelfilegt þann daginn eða ef maður er með tómatósublett á fötunum.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




www.gras.is

ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM  
FOTBOLTA

**Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!**  
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

## Lucas er skilinn

Grínleikarinn Matt Lucas, sem hefur gert garðinn frægan í þáttunum Little Britain ásamt David Walliams, er skilinn við manninn sinn. Lucas og Kevin McGee voru saman í tæp fimm ár, en þeir giftu sig fyrir einu og hálfu ári. Í tilkynningu frá lögmanni parsins segir að ákvörðunin um að binda enda á sambandið hafi verið sameiginleg. „Þeir biðja fjölmiðla um að virða einkalíf þeirra og sýna höfsemi í fréttáflutningi sínum af sambandslitunum,“ segir í tilkynningunni.

Lucas og McGee hafa fengið lögfræðistofuna Mischon de Reya til að sjá um skilnaðinn, og feta þannig í fótspor bæði Heather Mills og Díónu prinsessu.

Samkvæmt heimildum The Sun var það slaukið vinnuálag Lucas sem varð til þess að parinu tókst ekki að halda sambandinu gang-



**SKILINN VIÐ MANNINN** Matt Lucas, hér í hlutverki „eina hommans í þorpinu“ í Little Britain, er skilinn við manninn sinn.

andi. Hann dvelst nú í Los Angeles, við tókur á bandarískri útgáfu á Little Britain.

## Hemmi hefur áhyggjur af safninu á Hrafnsseyri

**Hermann Gunnarsson, Hemmi Gunn, hefur áhyggjur af fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Hrafnsseyri. En 200 afmæli Jóns er rétt handan við hornið.**

„Safnið á Hrafnsseyri er barn síns tíma,“ segir Hermann Gunnarsson – Hemmi Gunn. Senn líður að 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar og hefur Hemmi áhyggjur af því að safnið á fæðingarstað Jóns, Hrafnsseyri, verði ekki í nægilega góðu ástandi þegar afmælið gengur í garð hinn 17. júní 2011. „Það hefur alltaf staðið til að gera þetta upp. Davíð Oddsson var ákafur um að þetta yrði gert þegar hann var forsætisráðaherra. Síðan var skipuð nefnd og hún á að skila hugmyndum fyrir árslok. Ég bið bara spenntur að sjá hvað kemur út úr því,“ segir Hemmi.


Hemmi bindur miklar taugar til safnsins á Hrafnsseyri enda Vestfirðingur. „Ég var safnsstjóri þarna í tvö sumur. Þar komst ég að því að útlendingar vita meira um Jón Sigurðsson en Íslendingar,“ segir Hemmi og telur það afar sorglegt. „Mér er mjög umhugað um að Íslendingar kynnist þessari frelsishetju okkar, sem var mikill heimsmaður og stórhuga.“

Hemmi segir að Íslendingar eigi að vera stoltir af Jóni og þess vegna búa minningu hans almennilegt safn. „Síðan hafa Rússar skáhallt á móti áform um að að reisa olíuhreinsunarstöð. Ég held að það væri betra að líta okkur aðeins nær. Það er náttúrufegurðin sem dregur alla til Vestfjarða og auk þess eigum við að gera Jóni hátt undir höfði. Ég verð ekki í rónni fyrir,“ segir Hemmi.

Hallgrímur Sveinsson var staðarhaldari á Hrafnsseyri í fjörutíu ár. Hann lét af störfum árið 2005. Valdimar Halldórsson tók við af honum og gegnir meðal annars starfi staðarhaldara og safnvarðar. Valdimar er á Hrafnsseyri frá maí fram í október en Hemmi telur nauðsynlegt að manna safnið allan ársins hring og lyfta því á hærri stall. Ekki dugi að halda minningu Jóns einungis á lofti með mynd á fimmhundraðkróna seðlinum. „Sem hríðfellur og fellur,“ segir Hemmi og hlær sínum vinalaga hlátri.



**HEMMI GUNN** Vill að Jóni Sigurðssyni sé sýnd tilhlýðileg virðing.



**JÓN SIGURÐSSON** Á sér dyggan bandamann í Hemma Gunn, sem segir fimmhundraðkróna seðlinum ekki nógu merki- legan minnisvarða.

## Smekkleysa hættir við að hætta

Plötubúðin Smekkleysa er hætt við að hætta. Verslunin mun flytja sig um set og verður ný og betri búð



**SMEKKLEYSA** Plötubúðin flytur sig nú um set í þriðja sinn.

opnuð við Laugaveg 35. „Við ætlum að halda starfsemi áfram því okkur finnst við verða að gera það. Við verðum í nýja húsnæðinu þar til 1. september en þá verður húsið rífið. Eftir það flytjum við vonandi í endanlegt húsnæði,“ segir Kristján Kristjánsson, verslunarstjóri Smekkleysu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem verslunin flytur því áður var hún til húsa bæði í Kjörgarði og við Klapparstíg. Nýja búðin verður opnuð formlega á mánudaginn klukkan 11 og verða ýmis tilboð í gangi ásamt öðrum skemmtilegum uppákomum.

- sm

solli@frettabladid.is

25. - 28. JÚNÍ 2008

**LARRY CARLTON**

**BEADY BELLE**

**LAURIE WHEELER**

**BLÁIR SKUGGAR**

**BLOODGROUP**

**1988 - 2008**

**20 ÁRA**

**AFMÆLI**

JAZZHÁTÍÐ

EGILSSTAÐA Á AUSTURLANDI

ÍSLENSKA SÍMA ALIC 1241 06.2008

Alcoa Fjarðaál styrkir hátíðina

Nánari upplýsingar á [www.jea.is](http://www.jea.is) og í síma 861 1894

# Vilja hafa Wesley í varðhaldi

Bandaríski leikarinn Wesley Snipes er eftirlýstur í Bandaríkjunum. Ríkissaksóknari hefur fyrirskipað honum að gefa sig fram við lögreglu til varðhalds. Snipes var fundinn sekur um að vanrækja greiðslu skatta í mörg ár fyrir á árinu, og skuldar enn milljónir dollara. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi í Flórída, en dómarnir þar sleppti honum gegn tryggingu á meðan Snipes undirbýr áfrýjun málsins. Þótti dómarnum ekki mikil hætta á að hann myndi flýja, og því óhætt að leyfa Snipes að leika lausum hala þar til að áfrýjun kemur.

Skrifstofa ríkissaksóknara virðist hins vegar vera ósammála

þessum úrskurði, og hefur lýst eftir Snipes. „Við viljum hafa hann í varðhaldi,“ segir Steve Cole, talsmaður skrifstofu ríkissaksóknara. „Hann hefur verið fundinn sekur af kvíðdómi. Það er búið að dæma hann í þriggja ára fangelsisvist og hann ætti að vera í varðhaldi,“ segir Cole.

Réttarhöldin yfir Snipes vöktu gríðarlega athygli ytra. Hann er helst þekktur fyrir hlutverk sín í myndum á borð við Blade og White Men Can't Jump. Á meðal þeirra sem skrifuðu dómarnum í málinu bréf þar sem beðist var vægðar fyrir hönd Snipes voru Hollywood-leikararnir Woody Harrelson og Denzel Washington.



**EFTIRLÝSTUR** Ríkissaksóknari hefur fyrirskipað Wesley Snipes að gefa sig fram við lögreglu og sæta varðhaldi, en hann var fundinn sekur um skattsvik fyrir á árinu.

**ROYAL SCANDAL OF THE CENTURY**  
**THE BANK JOB**

Hörkupennandi mynd byggð á sannsögulegu bankaráni þar sem breski húmorinn er ávallt nærri.

**ALFABAKKA**

CHRONICLES OF NARNIA 2	kl. 5D - 8D - 11D	7
CHRONICLES OF NARNIA 2	kl. 5 - 8 - 11	VIP
THE BANK JOB	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
INCREDIBLE HULK	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
INDIANA JONES 4	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SPEED RACER	kl. 5	L
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 8 SÍÐ. SÝN.	12
IRON MAN	kl. 10:30 SÍÐ. SÝN.	12

**KRINGLUNNI**

CHRONICLES OF NARNIA 2	kl. 3D - 6D - 9D	7
THE BANK JOB	kl. 6 - 9	16
SEX AND THE CITY	kl. 3 - 6 - 9	14
SPEED RACER	kl. 3D	L

**SELFLOSS**

NARNIA 2	kl. 8 - 10:50	7
INCREDIBLE HULK	kl. 10:20	12
ZOHAN	kl. 8	10

**AKUREYRI**

CHRONICLES OF NARNIA 2	kl. 8 - 10	7
PROM NIGHT	kl. 5:40	16

**KEFLAVÍK**

CHRONICLES OF NARNIA 2	kl. 8	7
HAROLD & KUMAR	kl. 8	L
NEVER BACK DOWN	kl. 10:10	14

# Amy með lungnaþembu

Það er óðum að skýrast hvað amar að söngkonunni Amy Winehouse, sem hefur nú dvalist á sjúkrahúsi í heila viku. Læknar óttuðust á tímabili að hún væri með berkla, en nú virðist sem lungnaþemba hrjái hana.



**ÞARF AÐ HÆTTA STRAX** Læknar hafa tjáð Amy að haldi hún áfram að reykja bæði tóbak og eiturlyf sé voðinn vis.

Amy Winehouse var flutt á sjúkrahús fyrir viku, eftir að hafa fallið í yfirlíð á heimili sínu. Vegna mikils og blóðugs hósta, máttleysis og lystarleysis óttuðust læknar á tímabili að hún væri með berkla, en nú virðist sem ástæða veikindanna sé fundin. Mitch Winehouse, faðir söngkonunnar, greindi fjölmiðlum frá því á sunnudag að hún væri með lungnaþembu.

Læknar hafa sagt söngkonunni að hætta hún ekki að reykja eiturlyf sé voðinn vis og hún muni látast langt fyrir aldur fram. „Læknarnir hafa sagt henni að ef hún haldi áfram að reykja eiturlyf muni það ekki bara eyðileggja röddina hennar, heldur drepa hana,“ segir Mitch. „Þeir segja að ef hún hefði haldið áfram á þessari braut hefði hún getað orðið örkumla – hún hefði ekki getað andað. Hún er með lungnaþembu. Hún er ekki orðin mjög alvarleg, en hefði þetta haldið áfram í mánuð til viðbótar lýstu þeir því mjög skýrt að hún hefði setið eins og gamalmenni með súrefnisgrímu og barist við að draga andann,“ segir Mitch.

Ástæðna lungnaþembunnar er ekki langt að leita, en þar eru reykingar bæði tóbaks og eiturlyfja helsti skaðvaldurinn. „Hún er með sjötíu prósentu lungnavirkni,“ segir Mitch, sem vonast til þess að dóttir hans snúi nú við blaðinu. „Ef hún heldur sig frá

lyfjunum gæti hún átt dásamlegt líf. Við biðjum þess öll að það sé það sem hún vill. Hún virðist ákveðin,“ segir Mitch.

Hann sér ekki ástæðu til þess að Amy hætta við fyrirhugaða tónleika sína á Glastonbury-hátíðinni næstu helgi, þar sem hann telur að

vinnan haldi henni frá neyslu. „Ef hún hefði ekki verið með tónleika í Moskvu og Portúgal núna nýlega gæti hún verið dain núna. Hún hættir eða dregur úr neyslunni þegar hún á að syngja á tónleikum,“ segir hann.

**NÝTT Í BIÓ!**

PEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVOLEFT, ÞÁ MÁ ALLTAF BÆTA SIG.

AARON ECHART FER Á KOSTUM Í FRABÆRRI GAMANMYND... MED HJARTA.

MYND Í ANNA AMERICAN BEAUTY SEM ÞÚ VILT EKKI MISSA AF!

**NÝTT Í BIÓ!**

SAGAN FERNAR VIÐ Í KVIKMYND EINS ÖÐRER GERAST „BESTAR.“ LEONARD MALTIN, ET

**LÚXUS**

UNNIN AF NATMI. TÓNLISTIN FRABÆR OG UNDIRSTRÍKAR FIRRINGUNA, OFSÖKNARÆÐIÐ OG ÖTTANN VIÐ ÞÁÐ ÖPEKKA“ -S.V., MBL

“ÞAD FYNDASTA SEM SANDLER HEFUR GERT Í ROMAN ÁRATUG.“ TONN, KJÓNDISVIRKI

“STUNDIÐ ÁSTR, ENKILSTRÍÐ“ -S.V., MBL

“...BEINLÍNS SVÍNVIKAR“ -S.V., MBL

“...BEINLÍNS SVÍNVIKAR“ -S.V., MBL

**SMÁRA BIÓ** Sími 564 0000

CHRONICLES OF NARNIA 2	kl. 4D - 7D - 10D	7
CHRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS	kl. 4D - 7D - 10D	7
THE INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	12
THE HAPPENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
ZOHAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
HORTON	kl. 4 ISLENSK TAL	

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **650 kr.**

**SUMARTILBOÐ**

MEET BILL	kl. 5:50 - 8-10:10	7
FLAWLESS	kl. 8	
ZOHAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
INDIANA JONES 4	kl. 10:20	12
BRÚÐGUMINN	kl. 6 ENSKUR TEXTI	7

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

**HÁSKÓLA BIÓ** Sími 530 1919

MEET BILL	kl. 5:50 - 8-10:10	7
THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16
KJÓTBORG	kl. 5 - 6 - 7 ENSKUR TEXTI	
ZOHAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
SEX AND THE CITY	kl. 8 - 11	14
INDIANA JONES	kl. 5:30	12

**BORGAR BIÓ** Sími 462 3500

THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16
THE INCREDIBLE HULK	kl. 8 - 10:15	12
ZOHAN	kl. 5:40	10
SEX AND THE CITY	kl. 5:20	14

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIDANN Á **mid.is** FERD 5% ENDURGREIÐT EF ÞÚ BORGAR BIÓMIDANN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

# Bardagar og góðar brellur

Fjórmenningarnir ungu úr síðustu Narníu-myndinni eru mættir aftur til töfralandsins Narníu, þar sem þrettán hundruð ár hafa liðið frá síðustu heimsókn þeirra. Í millitíðinni hefur ættbálkur manna sem kalla sig Telmarína hrífsað völdin og gert allar töfraverurnar útlægjar. Eina von Narníu er að krakkarnir sláist í lið við Kaspían prins, réttborinn erfingja krúnunnar og einnig útlaga, til að berjast við hlíð furðuveranna gegn illgjörnum konunginum.

Tæp þrjú ár eru nú liðin frá síðasta Narníu-ævintýrinu, myndinni The Lion, The Witch and The Wardrobe, sem reyndist að mörgu leyti ánægjuleg og flott fantasía fyrir alla fjölskylduna. Sami leikstjóri, Andrew Adamson, snýr hér loks aftur með aðra mynd byggða á hinum sigilda bókaflökki The Chronicles of Narnia eftir C. S. Lewis, sem leit dagsins ljós á sjötta áratugnum. Nýja myndin hefur þó nokkuð breyttar áherslur.

Á meðan fyrri myndin gat verið helst til barnaleg fer Prince Caspian í það að minna á The Lord of the Rings: The Two Towers, með því að

dekkja viðfangsefnið svo um munar. Prince Caspian er í raun uppfull af bardögum og óvenju ofbeldisfull miðað við sinn unga markhóp. Fyrir vikið er myndin hins vegar áhugaverðari fyrir eldri áhorfendur og slagsmálin eru yfirleitt vel gerð. Það er alvörufegnari tónn yfir myndinni og yfirhöfuð líkaði mér betur við þetta annað innslag.

Prince Caspian er einnig vel leikin af unga hópnum og nýliðinn Ben Barnes stendur sig vel í titilhlutverkinu. Ungmenninn leika mest á móti tölvuteiknuðum verum, sem meðal annars eru talsettar af Liam Neeson, sem ljónið Aslan, og Eddie Izzard. Tæknibrellur eru annars uzzard af mikilli kostgæfni og útlit er til fyrirmyndar.

Með Prince Caspian sannar Narnia-báلكurinn sig í því að vera á uppleið, en stritast enn örliðið við að hasla sér völl. Prince Caspian skortir helst dýpri og þýðingarmeiri sögu og er vonin að þriðja myndin, The Voyage of the Dawn Treader, komi boltanum almennilega í mark.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is.



**KVIKMYNDIR**  
**The Chronicles of Narnia: Prince Caspian**  
Leikstjóri: Andrew Adamson  
Aðalhlutverk: Ben Barnes, Georgie Henley, Skandar Keynes

★★★  
Dekkri og áhugaverðari en fyrsta myndin í flokknum. Tæknibrellur vel unnar og leikurinn góður, en myndina skortir dýpri og þýðingarmeiri söguþráð.

**Nýtt í bió** Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWER SÝNING KL. 10:15 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ

24 STUNDIR - K.H., DV.

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

NARNIA 2 - DIGITAL	kl. 5 og 8	7
THE INCREDIBLE HULK - POWER	kl. 5, 8 og 10:45(P)	12
SEX AND THE CITY	kl. 6, 9 og 10:30	14

# Slúður beint í æð

Slúðurkóngurinn Perez Hilton virðist ætla að nýta allar hugsanlegar leiðir til að koma slúðrinu um fræga fólkið á framfæri. Perez, sem hefur haldið úti einni vinsælustu slúðursíðu heims um nokkurt skeið, býður nú upp á símaþjónustu þar sem slúðurþyrstir einstaklingar geta fengið nýjustu fréttir af fræga fólkinu beint í æð.

Á heimasíðunni perezhilton.com býður hann fólki að skrá sig í þjónustuna sem hann kallar „gossip on the go“ gegn tæplega fimm dollara greiðslu á mánuði. Viðkomandi mun svo fá símhringingu nánast daglega með slúðurfréttum áður en þær birtast á heimasíðu Perez.

Þjónustan er þó einungis í boði fyrir Bandaríkja-menn og Kanadabúa enn sem komið er.

**PEREZ HILTON** Heldur úti einni vinsælustu slúðursíðu heims, perezhilton.com og býður nú upp á símaþjónustu fyrir slúðurþyrsta einstaklinga.



# Fullur í Níkaragva

Matthew McConaughey vakti athygli fyrir nokkuð djærfa hegðun þegar hann fór út á lífið í Níkaragva fyrr í mánuðinum. Leikarinn skildi kærustu sína, fyrirsætuna Camilu Alves, eftir heima, en hún er nú kasólétt, von er á fyrsta barni þarsins hvað úr hverju. McConaughey ku hafa skemmt sér afburða vel, drukkið óhemju mikið og reynt við hóp kvenna.

„Hann hegðaði sér eins og stjórnlaus átján ára strákur. Hann kom einn og virtist þá þegar vera drukinn og hann versnaði bara þegar á leið,“ segir gestur sem var á barnum sem McConaughey lagði leið sína á. „Hann reyndi við hverja einustu konu sem á vegi hans varð, tók utan um dómurnar



**OFURÖLVI MCCONAUGHEY** Leikarinn Matthew McConaughey vakti athygli í Níkaragva á dögnum fyrir heldur óstýri-láta hegðun á bar þar í landi.

og reyndi að kyssa þær,“ segir sjónarvotturinn, sem fannst ekki mikið til hegðunar leikarans koma.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Naomi Campbell** játaði fyrir rétti í vikunni að hafa misst stjórn á skapi sínu við starfsmenn LAX-flugvallarins og British Airways. Eftir rifrildi um farangur fyrirsætunnar réðst hún að lögreglumönnum og lét öllum illum látum við starfsfólk með þeim afleiðingum að henni var meinaður aðgangur að fluginu. Campbell bar því við fyrir rétti að lyf sem hún hefði tekið á þessum tíma hefðu haft áhrif á skap hennar. Verði hún sakfelld gæti hún átt yfir höfði sér allt að sex mánaða fangelsi eða fimm þúsund punda sekt.



Vinurinn **Matthew Perry** snýr væntanlega aftur á sjónvarpsskjáinn í The End of Steve, þar sem hann leikur spjallþáttastjórnanda í gamanþætti með dekkri húmor en Friends voru þekktir fyrir. Sony Pictures Television framleiðir fyrsta þáttinn fyrir sjónvarpstöðina Showtime, en ekki hefur enn verið gefið grænt ljós á framleiðslu heillar þáttaraðar. Perry kemur sjálfur að framleiðslu

þáttanna, ásamt **Peter Tolan**, sem er annar skapari hinna vinsælu Rescue Me.

**Janet Jackson** verður stjarnan í nýjum veruleikaþætti á MTV. Hún mun veita hópi vongóðra söngvara og dansara handleiðslu, en leitað verður að nýrri Janet, **Justin Timberlake** eða **Usher** í hópi þeirra, að sögn framleiðanda. Leitinn mun fara fram á heldur óvenjulegum stöðum því Janet mun sækja heim kirkjur, félagsheimili og kristleg ungmenningarfélög. Sigurvegarinn fær mögulega að koma fram á tónleikaferðalagi Janet um heiminn, en það hefst í september.

Félagarnir **Tom Cruise**, **Will Smith** og **David Beckham** hafa fundið sér nýtt áhugamál – skýlmíngar. Cruise hefur látið byggja sérstakt skýlmíngaherbergi í húsi sínu, sem þeir Will og David heim-sækja reglulega. „Við höfum aldrei góðan tíma til að hanga saman, við strákarnir, svo þetta er góð leið til þess að verja tíma saman og tengjast,“ segir Will Smith. „Þetta er stórskemmtilegt.“

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**

...ég sá það á visir.is



ISLENSKA STAÐIS FLE 40917 06.2008

## Sumarfríð hefst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færðu allt sem þú þarft fyrir ferðalagið: Sólarvörn, myndavél, strandtösku, sólgleraugu, stuttbuxur, i-Pod, tímarit og ekki má gleyma gjaldryrinum. Njóttu þess að gera góð kaup í upphafi ferðarinnar og vertu klár á ströndina um leið og þú lendir á áfangastað.



ferð til fjár

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

www.airport.is

## > Eiður á sölulistanum?

Eiður Smári Guðjohnsen var í spænskum fjölmiðlum í gær sagður vera kominn á sölulista Joseps Guardiola, nýráðnum stjóra Barcelona. Þar eru fyrir Ronaldinho, Deco og Samuel Eto'o. Bæði West Ham og Portsmouth eru enn sterklega orðuð við íslenska landsliðsfyrirliðann sem er hér á landi í frí sem stendur. Hann fer aftur til Spánar í byrjun júlí, að öllu óbreyttu.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR: NÁÐI ÓLYMPIULÁGMARKI Í SPJÓTKASTI EFTIR ÓTRÚLEGA ERFIÐ MEIÐSLI

# Verð aldrei starfsmaður mánaðarins í sumar

„Tilfinningin var rosaalega góð,“ sagði spjót-kastarinn Ásdís Hjálmsdóttir, sem kepptir fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Pek- ing í sumar. Ásdís náði lágmarkinu á móti með landsliðinu í Eistlandi þar sem hún setti einnig Íslands- met. Hún kastaði 57,49 metra.

Ásdís hefur lengi stefnt að því að komast á Ólympíu- leika. „Ég hef stefnt að þessu frá því ég byrjaði í frjálsum íþróttum. Ég var að æfa badminton á veturna og að leika mér í frjálsum á sumrin en ég byrjaði í frjálsum á fullu árið 2001,“ sagði Ásdís.



Hún lenti í erfiðum meiðslum á síðasta ári. Ásdís gekkst undir aðgerð í nóvember og var óvíst hvort hún gæti yfir höfuð kastað spjóti aftur. „Það kom rífa í sin í olnbog- um á mér. Sársaukinn var mikill og ég gat ekki byrjað að kasta aftur fyrr en í febrúar. Það var bara ekki möguleiki að byrja fyrr. Undirbúningstímabilið var því heldur stutt,“ sagði Ásdís, sem lagði ótrúlega mikið á sig til að ná upp fyrri styrk.

„Heldur betur, ég hef lagt gríðarlega mikið á mig. Þetta lágmark er því enn sætara fyrir vikið. Þegar ég eyddi tveimur klukkutímum á dag í endurhæfingu fyrir utan æfinguna sjálfa hugsaði ég hverja einustu mínútu að ég ætlaði mér á Ólympíuleikana, þess vegna væri ég að þessu.“

Ásdís er þó hvergi nærri hætt. „Það er ekki nóg að koma á Ólympíuleika

bara með lágmarkið. Stefnan er hiklaust á að kasta yfir sextu metrana í sumar. Ég er ekkert orðin södd,“ sagði Ásdís en með 59 metra kasti kæmist hún inn á HM á næsta ári, sem er næsta takmark hennar.

Fyrir utan það að kasta spjóti og æfa frjálsar íþróttir leggur Ásdís stund á nám í lyfjafræði. Hún vinnur í apóteki í sumar, sem er hluti af náminu. „Það kemur sér ekki vel að þurfa að vinna, ég verð aldrei starfsmaður mánaðarins,“ sagði Ásdís glaðbeitt. „Ég þarf að vinna í þrjá mánuði og það er enginn möguleiki fyrir mig að gera það samfleytt. Ég tek þetta því yfir tvö sumur,“ sagði Ásdís Hjálmsdóttir Ólympíu- iufari.

Evróþubikarkeppni landsliða lauk í gær. Kvinnaliðið varð í 6. sæti og karllaliðið í 7. sæti. Ísland keppti í A-riðli 2. deildar.

1. deild karla í knattspyrnu í gær:

## Fyrsta tap ÍBV í sumar

**FÓTBOLTI** ÍBV tapaði sínum fyrsta leik í 1. deild karla í knattspyrnu í gær. Eyjamenn heimsóttu þá Hauka, sem skoruðu tvö mörk gegn engu marki gestanna. „Við vorum lengi í gang á gervigrasinu eins og við mátti búast. Við erum ekki góðir á því af þeirri einföldu ástæðu að við eigum ekkert slíkt,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV.

Staðan í hálfleik var markalaus en í upphafi seinni hálfleiks fékk Ingi Rafn Ingibergsson rautt spjald og Haukar skoruðu svo tvö mörk. Þau gerðu Goran Lukic og Ásgeir Þór Ingólfsson.

„Mér fannst rauða spjaldið mjög strangur dómur og ég var ekki sáttur með dómurinn í þessum leik. Hann er samt sem áður góður

dómari og hefur oft dæmt vel hjá okkur en hann á sína slæmu daga eins og leikmenn. Í dag var einn slíkur,“ sagði Heimir.

ÍBV tapaði þar með sínum fyrstu stigum í sumar en liðið er enn á toppnum með þremur stigum meira en Selfoss, sem vann Víking Ólafsvík 4-0. „Við viss- um að það kæmi að fyrsta tap- inu. Við höfðum spilað ein- hverja 16-17 leiki án þess að tapa. En ég tek ofan fyrir mínum mönnum, þeir börðust vel og voru að mínu mati betri aðilinn í síðari hálfleik þrátt fyrir að vera manni færri,“ sagði Heimir.

KA niðurlægði Leikni 6-0 í gær, Víkingur vann Þór 2-1, og KS/Leiftur vann góðan sigur á Njarðvík, 2-3.

- hph

# Ólöf og Þórður stálu sigri

Það þurfti bráðabana til að knýja fram sigurvegara í karlaflokki á Kaupþings- mótariðinni í gær sem Þórður Rafn Gissurarson vann. Ólöf María Jónsdóttir sig- raði í kvennaflokki á fyrsta móti sínu í Íslandi í þrjú ár og líklega því eina í sumar.

**GOLF** Þórður Rafn Gissurarson úr GR og Magnús Lárusson úr GKJ þurftu að fara í bráðabana þar sem þeir urðu efstir og jafnir á þriðja móti í Kaupþingsmótariðinni á Akranesi um helgina. Báðir léku þeir á pari vallarins á hringjunum tveimur en í bráðabana léku þeir 18. holuna. Þórður vann á fyrstu holu, hann fékk þar en Magnús skolla.

Einar Páll Long úr GR var þriðji á fimm höggum yfir pari, Hlynur Geir Hjartarson úr GK og Sig- mundur Einar Másson úr GKG urðu svo jafnir í fjórða sæti á sjö höggum yfir pari. Sigmundur var í forystunni ásamt Magnúsi eftir fyrri daginn.

Þórður kom því og stal sigri líkt og Ólöf María Jónsdóttir sem stalst nánast til að spila í gær. Hún vann í kvennaflokki en þetta er hennar fyrsta mót á Íslandi í þrjú ár og lík- lega það eina í sumar. Ólöf lék á níu höggum yfir pari.

Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR varð önnur á tíu höggum yfir pari og Helena Árnadóttir, einnig úr GR, varð þriðja á ellefu höggum yfir pari. Það var því mikil spennna á toppnum en Ólöf lék á þremur fleiri höggum en Ragnheiður í gær og tveimur fleiri en Helena.

„Ég tók reyndar ekkert eftir því að þetta væri svona jafnt þar sem



**VÍGREIF MÆÐGIN** Ólöf María með syni sínum, Gústafi Andra. Bæði virðast eðli- lega vera í skýjunum með sigur Ólafar.



**GÖBUR** Þórður slær hér eitt af 144 höggum sínum á móti um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

ég gat ekki fylgst með stöðunni. Ég einbeitti mér bara að mínum leik. En þetta var örugglega spennandi fyrir þá sem voru að fylgjast með,“ sagði Ólöf glaðbeitt.

„Ég var að spila ágætlega. Ein- beitinguna vantaði í nokkur högg og ég þúttaði ekki vel en það var margt jákvætt. Ég get farið sátt út úr helginni þrátt fyrir að skorið hafi ekki verið það sem ég var að vonast eftir,“ sagði Ólöf sem segir að það sé ólíku saman að jafna því að spila erlendis og hér heima.

„Þetta er allt annað sport hérna, það er varla hægt að bera þetta saman. Það þarf að lenda boltanum fyrir framan flatirnar hér, sandur- inn í glompunum og grasið er öðru- vísi. Það er eiginlega flest sem er öðruvísi úti en hérna,“ sagði Ólöf María. Hún lék hringina tvo á 74 og 79 höggum

hjalti@frettabladid.is



**SIGURVEGARAR** Þórður og Ólöf stilla sér upp eftir sigurinn.

### ÚRSLIT Í KARLAFLOKKI:

1. Þórður Rafn Gissurarson (GR)\* 144, P
2. Magnús Lárusson (GKJ) 144, P
3. Einar Páll Long (GR) 149, +5
- 4-5. Hlynur Geir Hjartarson (GK) 151, +7
- 4-5. Sigmundur E. Másson (GKG) 151, +7

\* vann eftir bráðabana

### ÚRSLIT Í KVENNAFLOKKI:

1. Ólöf M. Jónsdóttir (GK) 153 högg, +9
2. Ragnhildur Sigurðard. (GR) 154, +10
3. Helena Árnadóttir (GR) 155, +11
4. Nína Björk Geirsdóttir (GKJ) 157, +13
5. Þórdís Geirsdóttir (GK) 158, +14

Iker Casillas vann einvígi bestu markmanna heims í vítaspyrnukeppninni í gær:

# Spánverjar afléttu álögunum

**EM 2008** Spánverjar mæta Rússum í undanúrslitum EM eftir sigur á Ítölum í vítaspyrnukeppni í gær. Í henni mættust tveir bestu mark- menn heims að flestra mati, Gian- luigi Buffon og Iker Casillas. Sá síðarnefndi varði tvær spyrnur í vítaspyrnukeppninni en Buffon eina og Spánverjar slógu heims- meistarana þar með út úr kepp- inni.

### VÍTASPYRNUKEPPNIN:

- 1-0 David Villa skorar fyrir Spán
- 1-1 Fabio Grosso skorar fyrir Ítali
- 2-1 Santi Cazorla skorar fyrir Spán
- 2-1 Casillas ver frá Daniele De Rossi
- 3-1 Marcus Senna skorar fyrir Spán
- 3-2 Mauro Camoranesi skorar fyrir Ítali
- 3-2 Buffon ver frá Daniel Guiza
- 3-2 Casillas ver frá Antonio Di Natale
- 4-2 Cesc Fabregas skorar fyrir Spán

Spánverjar höfðu fyrir leikinn í þrígang tapað í vítaspyrnukeppni á stórmóti þennan dag, 22. júní. Fyrst töpuðu þeir fyrir Belgum á HM í Mexíkó 1986, síðan fyrir Englendingum á EM tíu árum síðar, 1996, og loks fyrir Suður- Kóreu á HM 2002. Ofan á það datt Spánn út úr riðlakeppninni á EM 2004 og árið 1988 tapaði liðið fyrir Sovétríkjunum þennan sama dag.

Leikurinn fer seint í sögubæk- urnar fyrir skemmtanagildi. Reyndar aldrei. Bæði lið voru ákaflega varfærin og þorðu lítið sem ekkert að sækja. Mikið var í húfi en fátt var um fína drætti. Ítalir vörðust af sinni alkunnu sníll á meðan Spánverjar reyndu að spila góðan og skemmtilegan sóknarbolta, án árangurs.

Leikurinn var markalaus fram í vítaspyrnukeppnina þar sem



**VARIÐ** Casillas ver hér spyrnu De Rossi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

Spánverjar skoruðu úr fjórum spyrnum af fimm og Casillas varð tvær spyrnur ítala.

- hph

## Lífið er leikur

Mesta úrval landsins af fjórhjólum  
Leiktæki og ferðahjól, - þú finnur fjórhjólíð hjá Mótormax

can-am



## Sea-Doo hraðbátar og sæpotur

Magnaður kraftur og glæsileg hönnun.

Einnig margar gerðir af bátum og utanborðsmótorum.

Mótormax er á kafi í vatnasportinu!

SEA-DOO



**MotorMax**  
- lífið er leikur

Mótormax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400  
Mótormax Akureyri - Sími 470-5080 / 470-5070  
Mótormax Egilsyrri - Sími 460-6060

[www.motormax.is](http://www.motormax.is)





**MARKI FAGNAÐ** Katrín Ómarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir fagna með markaskoraranum Margréti Láru Viðarsdóttur á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Dóra Stefánsdóttir:

## Óvíst hvort hún spilar í vikunni

**FÓTBOLTI** Dóra Stefánsdóttir, leikmaður Kristianstad, gat ekki leikið með Íslandi gegn Slóveníu í undankeppni EM kvennalandsliða í gær. Alls óvíst er hvort hún getur spilað með gegn Grikkjum á fimmtudag. Dóra hefur átt við meiðsli að stríða en Katrín Ómarsdóttir tók hennar sæti í liðinu, skoraði og spilaði vel.

„Dóra hefur tekið framförum, við þurfum að skoða hvernig hún verður á mánudaginn. Það jákvæða er að hún er að lagast frá degi til dags en það verður að ráðast hvort hún geti spilað með gegn Grikkjum,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. - hph

Sigrún setti annað Íslandsmet:

## Sigrún í stuði

**SUND** Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni setti sitt annað Íslandsmet um helgina í gær. Á laugardag bætti hún metið í 100 m bringusundi og í gær synti hún 200 m skriðsund á 2.01,55 mínútum. Þar bætti hún eigið Íslandsmet frá því í nóvember á síðasta ári um þrjú sekúndubrot. - hph



**VANDRÆÐI** Tyrkir eru án nýu leikmanna af 23 manna hópnum fyrir leikinn gegn Þjóðverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tyrkir ná varla í lið:

## Markmaður í framlínunni?

**EM 2008** Alls nýu leikmenn í leikmannahópi Tyrkja verða fjárrí góðu gamni í undanúrslitaleiknum gegn Þjóðverjum á miðvikudag. Tolgan Zengin markmaður gæti spilað úti í leiknum. „Hann gæti komið inn sem varamaður í vörnina eða framlínuna. Við höfum ekki þann lúxus að geta valið úr fullum mannskap,“ sagði Fatih Terim þjálfari.

Tyrkir voru án sex leikmanna í sigrinum á Króötum. Þar fóru þrír leikmenn; Tuncay Sanli, Arda Turan og Emre Asik, í leikbann og framherjinn Nihat Kahveci meiddist og er farinn heim. UEFA meinadi Tyrkjum að kalla leikmenn inn í staðinn fyrir þá

Paul Ince tekur við Blackburn:

## Sá þriðji svarti í ensku deildinni

**FÓTBOLTI** Paul Ince var ráðinn stjóri Blackburn í gær. Hann verður þar með þriðji blökkumaðurinn til að stýra liði í ensku úrvalsdeildinni og fyrsti svarti Englendingurinn. Hinir voru Jean Tigana og Ruud Gullit. Ince náði góðum árangri með MK Dons, kom þeim meðal annars upp um deild. Ince lék meðal annars með Manchester United, Inter og Liverpool á ferli sínum sem leikmaður. - hph

Jakob Örn Sigurðarson er samningslaus og í leit að nýju félagi:

## Ef samningar nást ekki við félög í Evrópu gæti hann komið í KR

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson, landsliðsmaður í körfubolta, er í leit að nýju félagi. Faðir hans og umboðsmaður, Sigurður Hjörleifsson, sagði við Fréttablaðið í gær að fjöldamargar fyrirspurnir hefðu borist um Jakob, sem er á förum frá ungverska félaginu Univer KSE. Allt væri þó á byrjunarstigi.

Þrjú félög hafa sýnt mestan áhuga. Þar af eru tvö félög í Sviss; Bankort sem Helgi Már Magnússon lék með, og Sion Hérens Basket. Það fyrrnefnda kemur ekki til greina. Síðasta félagið er svo CB Tarragona 2016 sem leikur í þriðju deild á Spáni.

„Hann vill komast til Spánar, þar leið honum best,“ segir Sigurður en Jakob lék þar með Gestibérica Vigo. Sigurður sagði jafnframt að ákveðið heimahljóð væri komið í son sinn, sem hefur verið erlendis í átta ár. Því kæmi vel til greina að hann kæmi heim.

„Annaðhvort náum við alvöru samningi eða þá að hann kemur bara heim. Þá er aðeins eitt félag sem kemur til greina,“ sagði Sigurður, sem á við KR þar sem Jakob er uppalinn. Samningar á milli Jakobs og KR náðust ekki á síðasta ári en Sigurður útlokaði ekki að viðræður færu aftur af stað í sumar. - hph



**AFTUR Í KR?** Jakob í leik með KR árið 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Formúla 1 í gær:

## Ferrari-fákarnir í sérflokki

**FORMÚLA 1** Felipe Massa stóð uppi sem sigurvegari í Formúlu 1-keppninni í Frakklandi í gær. Hann græddi á því að liðsfélagi sinn Kimi Räikkönen var í vandræðum með þústkerfi sitt en Finninn náði þó öðru sæti. Jarno Trulli tók þriðja sætið eftir góðan akstur þar sem hann var undir mikilli pressu.

„Þetta var frábært, ég bjóst alls ekki við sigri hér. Stundum þarf maður á smá heppni að halda og ég fékk hana með vandræði Kimis. Við sýndum virkilega hvað í okkur býr hérna,“ sagði Massa, sem er þar með kominn í forystu í keppni ökuþóra. Robert Kubica á Sauber er annar og Räikkönen þriðji. - hph



Hefur gæðin

## HYUNDAI *i10* Lítill og sætur Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

**Hyundai i10**  
5 dyra, bensín og beinskíptur.  
**1.740.000**

### LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólk, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. Littu við hjá okkur í kaffi og kleinur og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.



Með bíllinn handa þér

**HYUNDAI** [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - [www.bl.is](http://www.bl.is)  
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524



**LANGHÆSTUR** Scott Ramsay er í sér-flokki hjá Grindavík FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BESTIR Í LIÐUNUM**

Hér á eftir fer listi yfir hvaða leikmenn stóðu sig best hjá hverju liði í 1. til 7. umferð Landsbankadeildar karla. Liðunum er raðað eftir hæstu meðaleinkunn allra leikmanna.

<b>1. Keflavík</b>	<b>6,40</b>
Hólmar Örn Rúnarsson	7,00
Guðjón Árni Antoníusson	6,86
Guðmundur Steinarsson	6,86
<b>2. FH</b>	<b>6,14</b>
Dennis Michael Siim	6,71
Tryggvi Guðmundsson	6,71
Freyr Bjarnason	6,57
<b>3. Þróttur</b>	<b>6,11</b>
Hjörtur Júlíus Hjartarson	6,71
Michael David Jackson	6,57
Pórður Steinar Hreiðarsson	6,43
Dennis Danry	6,43
<b>4. Fram</b>	<b>6,10</b>
Hannes Þór Halldórsson	6,57
Auðun Helgason	6,57
Ingvar Þór Ólason	6,50
<b>5. KR</b>	<b>5,76</b>
Guðjón Baldvinsson	6,57
Skúli Jón Friðgeirsson	6,25
Guðmundur Reynir Gunnarsson	6,17
<b>6. ÍA</b>	<b>5,72</b>
Dario Cingel	6,43
Esben Madsen	6,29
Árni Thor Guðmundsson	6,29
Bjarni Eggerts Guðjónsson	6,29
<b>7. Fjölnir</b>	<b>5,63</b>
Gunnar Már Guðmundsson	6,29
Óli Stefán Flóventsson	6,00
Magnús Ingi Einarsson	5,80
<b>8. Breiðablik</b>	<b>5,58</b>
Prince Rajcomar	6,50
Nenad Petrovic	6,00
Srdjan Gasic	5,86
Jóhann Berg Guðmundsson	5,86
Amar Grétarsson	5,86
<b>9. Grindavík</b>	<b>5,55</b>
Scott McKenna Ramsay	6,83
Orrí Freyr Hjaltalín	5,86
Tomasz Stolpa	5,86
<b>10. HK</b>	<b>5,49</b>
Gunnleifur Vignir Gunnleifsson	6,67
Aaron Palomares	6,50
Hólmar Örn Eyjólfsson	5,83
<b>11. Fylkir</b>	<b>5,49</b>
Fjalar Þorgeirsson	6,57
Pórir Hannesson	6,40
Andrés Már Jóhannesson	6,00
<b>12. Valur</b>	<b>5,41</b>
Kjartan Sturluson	6,00
Pálmi Rafn Pálmason	6,00
Birkir Már Sævarsson	5,71
Bjarni Ólafur Eiríksson	5,71



**MARKSÆKNASTUR** Tryggvi Guðmundsson í FH. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÖLFRÆÐI MANNA**

<b>Markahæstur</b>	
Björgólfur Takefusa, KR	6
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	6
Atli Víðar Björnsson, FH	5
Prince Rajcomar, Breiðablik	5
Pálmi Rafn Pálmason, Val	4
Tryggvi Guðmundsson, FH	4
Iddi Alkhag, HK	4
<b>Flestar stóðsendingar:</b>	
Tryggvi Guðmundsson, FH	5
Atli Guðnason, FH	3
Aaron Palomares, HK	3
Scott Ramsey, Grindavík	3
Hörður Sveinsson, Keflavík	3
Rafn Andri Haraldsson, Þrótti	3
<b>Markaðskastur (þáttur í mörkum):</b>	
Tryggvi Guðmundsson, FH	10
(4 mörk + 6 mörk undirbúin)	
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	9
(6 mörk + 3 mörk undirbúin)	
Prince Rajcomar, Breiðablik	7
(5 mörk + 2 mörk undirbúin)	
Atli Víðar Björnsson, FH	6
(5 mörk + 1 mörk undirbúin)	
Hjörtur Hjartarson, Þrótti	6
(3 mörk + 3 mörk undirbúin)	
Björgólfur Takefusa, KR	6
(6 mörk + 0 mörk undirbúin)	

**Það er gaman að vera á toppnum**

Keflvíkingar eiga fjóra bestu leikmenn fyrstu sjö umferða Landsbankadeildar karla samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins en sá besti er miðjumaðurinn Hólmar Örn Rúnarsson, sem kom til liðsins rétt fyrir mót.

**FÓTBOLTI** Hólmar Örn Rúnarsson er besti leikmaður fyrstu sjö umferða Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu en endurkoma þessa snjalla miðjumanns í Keflavík hefur gengið eins og í sögu. Keflvíkingar eru líka mjög áberandi meðal efstu manna í einkunnagjöfinni því þeir Guðmundur Steinarsson og Guðjón Árni Antoníusarson eru jafnir í 2. sætinu og í 4. sætinu er síðan Guðmundur Viðar Mete.

Það þarf því ekki að koma á óvart að Keflvíkingar eru í efsta sætinu í Landsbankadeildinni sama hvort titið er á unnin stig, skorud mörk eða bestu meðaleinkunn. Fyrstu sjö umferðirnar hafa svo sannarlega verið þeirra.

**Framar öllum væntingum**

„Þetta er búið að vera framar væntingum þótt við höfum alveg gert okkur grein fyrir því að við værum með ágætis lið. Við höfum líka verið að vinna þessa leiki þar sem við höfum ekki spilað vel og það er breyting frá síðustu árum,“ segir Hólmar og bætir við:

„Þegar við höfum spilað illa undanfarin ár höfum við ekki náð í nein stig en núna höfum við verið að krækja í þrjú stig þrátt fyrir að spila ekki neitt svakalega vel. Það er mikið styrkleika-merki,“ segir Hólmar Örn, sem er einnig sáttur við eigin frammi-stöðu.

**Þekkir vel til í Keflavík**

„Ég hef komið nokkuð sterkur inn og fallið vel inn í þetta. Maður þekkir vel til þarna. Það eru samt margir búnir að spila vel hjá okkur í sumar og það er því erfitt að taka einhvern út að mínu mati,“ segir Hólmar.

Keflvíkingar hafa oft byrjað vel en ekki náð að halda út tímabilið, en Hólmar greinir breytingu á hugsunarhættinum í liðinu í ár.

„Það hefur loðað við liðið að byrja vel en ná ekki að halda út en mér finnst annar bragur á liðinu núna. Ég held að við séum með meiri breidd og getum því spilað á fleiri mönnum. Liðið er líka á fínum aldri og menn eru reynslunni ríkari. Það er góður kjarni í liðinu sem er búinn að vera lengi saman, Kristján

**OFTAST Í LIÐI UMFERÐ-ANNA Í 1. TIL 7. UMFERÐ**

Amar Grétarsson, Breiðablik	3
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	3
Hólmar Örn Rúnarsson, Keflavík	3
Scott Ramsay, Grindavík	3
Tommy Nielsen, FH	3
Tryggvi Guðmundsson, FH	3



**Í LEIK GEGN HK** Hólmar Örn Rúnarsson fékk sjö í meðaleinkunn fyrir þá fimm leiki sem hann hefur spilað með Keflavíkurlíðinu til þessa í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þjálfari er á fjórða tímabilinu með liðið og við erum því allir farnir að þekkja vel inn á hver annan,“ segir Hólmar.

**Kyntist helling af mótlæti**

Hólmar Örn kom til Keflavíkur rétt fyrir mót eftir að hafa spilað með danska liðinu Silkeborg frá ágúst 2006.

„Ég er reynslunni ríkari frá því að hafa spilað í Danmörku en það er erfitt að segja hvort ég sé eitt-hvað breyttur leikmaður. Ég spilaði reglulega þar og fékk að kynnast helling af mótlæti. Maður kom sterkari til baka eftir það,“ segir Hólmar, sem á síðustu vikum hefur þurft að vinna sig í gegnum það að meiðast og missa af leikjum. Hann er búinn að missa af þremur síðustu leikjum Keflavíkur, þeim fyrsta vegna leikbanns.

„Ég verð vonandi klár fyrir mánudaginn. Ég hef átt við meiðsli að stríða aftan í læri sem hafa verið að angra mig. Ég ætlaði að vera með á móti Grindavík en hætti við í upphitun þar sem ég fann að þetta var ekki alveg að gera sig. Það eru því komnar þrjár vikur síðan ég spilaði síðast. Það er hundleiðinlegt að þurfa að sitja uppi í stúku og horfa á peyjana en þeim er búið að ganga rosalega vel þannig að

maður getur ekkert kvartað yfir neinu,“ segir Hólmar.

Keflavík hefur ekki orðið Íslandsmeistari í 35 ár; síðan árið 1973. „Þetta er orðið langur tími enda enginn í liðinu fæddur þá nema kannski Stjáni Þjálfari. Ég held að við eigum helling inni og getum bætt okkar leik. Við höfum verið að reyna að styrkja okkur varnarlega og laga varnarleikinn því við höfum fengið of mikið af mörkum á okkur. Við höldum þó hreinu í síðasta deildarleik og það er að koma ágætis jafnvægi í liðið,“ segir Hólmar en hann gefur ekki upp markmið liðsins.

**Markmiðinu er haldið leyndu**

„Við höfum haldið okkar markmiði út af fyrir okkur og vitum líka að mótið er rétt að byrja. Það er gaman að vera á toppnum og við njótum augnabliksins en vitum jafnframt að þetta gæti verið fljótt að fara. Við ætlum bara að hugsa um næsta leik og vitum manna best að við lifum ekki á þessum leikjum sem við erum búnir að vinna. Þetta lítur allt vel út, ég vona að við höldum dampi og hef sjálfur mikla trú á því að við gerum það,“ sagði Hólmar að lokum en Keflavík fær nýliða Fjölnis í heimsókn á Sparisjóðsvöllinn í Keflavík í kvöld.

ooj@frettabladid.is

**BESTI MAÐURINN**

**Efstu menn í einkunnagjöf Fréttablaðsins í 1. til 7. umferð**

1. Hólmar Örn Rúnarss., Keflavík	7,00
2. Guðjón Árni Antoníusss., Keflavík	6,86
2. Guðmundur Steinarss., Keflavík	6,86
4. Guðm. Viðar Mete, Keflavík	6,83
4. Scott Ramsay, Grindavík	6,83
6. Dennis Michael Siim, FH	6,71
6. Tryggvi Guðmundsson, FH	6,71
6. Hjörtur Hjartarson, Þrótti	6,71
9. Gunnleifur Gunnleifsson, HK	6,67
10. Freyr Bjarnason, FH	6,57
10. Hannes Þór Halldórss., Fram	6,57
10. Fjalar Þorgeirsson, Fylkir	6,57
10. Kenneth Gustafsson, Keflavík	6,57
10. Hallgrímur Jónsson, Keflavík	6,57
10. Guðjón Baldvinsson, KR	6,57
10. Michael Jackson, Þrótti	6,57
10. Auðun Helgason, Fram	6,57
18. Ingvar Þór Ólason, Fram	6,50
18. Aaron Palomares, HK	6,50
18. Prince Rajcomar, Breiðablik	6,50
21. Tommy Nielsen, FH	6,43
21. Dario Cingel, ÍA	6,43
21. Símun Samuelsen, Keflavík	6,43
21. Pórður Hreiðarsson, Þrótti	6,43
21. Dennis Danry, Þrótti	6,43
26. Pórir Hannesson, Fylki	6,40
26. Óðinn Árnason, Fram	6,40
28. Davíð Þór Víðarsson, FH	6,33
29. Gunnar Már Guðm., Fjölni	6,29
29. Esben Madsen, ÍA	6,29
29. Árni Thor Guðmundsson, ÍA	6,29
29. Bjarni Guðjónsson, ÍA	6,29
29. Bjarki Freyr Guðm. Þrótti	6,29
29. Rafn Andri Haraldss., Þrótti	6,29
29. Samuel Lee Tillen, Fram	6,29

Fréttablaðið skoðar tölfraedi leikvallanna ellefu sem spilað var á í 1. til 7. umferð Landsbankadeildar karla:

**Flest mörk skoruð á Keflavíkurvöllum**

**FÓTBOLTI** Það hefur verið mikið fjör á heimaleikjum toppliðs Keflavíkur í sumar því alls hefur verið skorað 21 mark í fjórum leikjum eða 5,25 að meðaltali í leik. Þetta er markahæsti völlum fyrstu sjö umferða Landsbankadeildarinnar.

Keflavíkurlíðið hefur unnið alla leiki sína á Sparisjóðsvöllum í Keflavík, fyrst 5-3 sigur á Íslandsmeisturum Vals, þá 2-1 sigur á Fylki, 3-1 sigur á ÍA og loks 4-2 sigur á KR-ingum í síðasta leik.

Það er einnig mikið skorað á Valbjarnarvelli (4,75 mörk í leik) og Kópavogsvelli (4,14) en minnst er skorað á Þjóðar-leikvanginum í Laugardal (1,75) og í Grindavík þar sem aðeins 5 mörk hafa titið dagsins ljós í þremur leikjum eða aðeins 1,67 að meðaltali í leik.

Mest er brotið á Fjölnisvelli (34,0 aukaspyrnur dæmdu í leik) og á Akranesvelli (33,0) en



**EITT AF MÖRGUM** Hólmar Örn Rúnarsson skoraði eitt af 21 marki sem hafa verið skoruð á Sparisjóðsvöllum í Keflavík. Markið skoraði hann beint úr hornspyrnu og hér er boltinn farinn inn fyrir línuna. VÍKURFRÉTTIR

minnst er brotið á Valbjarnarvelli (24,5) og Kópavogsvelli (23,7). Flest gul spjöld hafa að meðaltali farið á loft á Vodafonevöllum að Hlíðarenda og Laugardalsvelli (5,0 í leik á hvorum

stað) en fæst eru gulu spjöldin á Kaplakrikkavelli; 2,33 að meðaltali í leik.

Leikmenn hafa spilað best á Valbjarnarvelli og Grindavíkuvelli ef marka má einkunnagjöf Fréttablaðsins en leikmenn á báðum þessum völlum eru með 6,00 í meðaleinkunn.

Lægsta meðaleinkunn leikmanna er aftur á móti á Vodafonevöllum (5,63) og Fjölnisvöllum (5,59).

Besta áhorfendaáðsóknin í þessum sjö umferðum var á KR-völlum, eða 1.898 manns að meðaltali, en fæstir mættu á Valbjarnarvöllum; aðeins 804 að meðaltali á fjóra fyrstu heimaleiki Þróttara í sumar.

- óaj

**MÉDALMARKASKOR Á VÖLLUM Í 1. TIL 7. UMFERÐ**

Keflavíkuvöllur (21 mörk/4)	5,25
Valbjarnarvöllur (19/4 leikir)	4,75
Kópavogsvöllur (29/7)	4,14
Fylkisvöllur (13/4)	3,25
KR-völlur (12/4)	3,00
Vodafone-völlur (4/2)	2,00
Kaplakrikkavöllur (6/3)	2,00
Akranesvöllur (8/4)	2,00
Fjölnisvöllur (8/4)	2,00
Laugardalsvöllur (7/4)	1,75
Grindavíkuvöllur (5/3)	1,67

Blikar berjast við tvær grýlur í Laugardalnum í kvöld:

# Unnu síðast tvo leiki í röð í júlí 2006

**FÓTBOLTI** Breiðablik sækir í kvöld Framara heim í 8. umferð Landsbankadeildar karla en leikið er í Laugardalnum þar sem Breiðablikslíðið hefur ekki unnið leik í efstu deild í 27 ár. Kópavogslíðið þarf einnig að sýna að það geti komið sér aftur niður á jörðina eftir sigurleik því liðirnir eru rúmir 23 mánuðir síðan liðið vann tvo leiki í röð í deildinni.

Breiðablik hefur nú leikið 27 leiki í röð í Laugardalnum án þess að vinna. Síðasti sigur liðsins í Dalnum var á KR á Valbjarnarvelli 4. júní 1981 en Breiðablik hefur náð í eitt stig í 16 af þessum 27 leikjum. Síðasti sigur Blika á sjálfum aðalleikvanginum þar sem leikurinn fer fram í kvöld var 14. ágúst 1977; fyrir að verða 31 ári síðan. Blikar unnu þá sannfærandi 4-1 sigur á Fram. Frá þeim tíma hefur liðið tapað 9 af 17 leikjum á þjóðarleikvanginum en náð í stig út úr hinum átta leikjum. Breiðablikslíðið lék tvo deildarleiki á Laugardalsvelli í fyrria, tapaði fyrri leiknum 0-1 fyrir Fram en gerði svo 2-2 jafntefli við Valsmenn.



Auk vandræðanna í Laugardalnum hafa Blikar ekki náð að sýna mikinn stöðugleika undanfarið eitt og hálf tímabil því á þeim tíma hefur liðinu aldrei tekist að vinna tvo deildarleiki í röð. Blikar unnu frábæran sigur á FH-ingum, 4-1, í síðasta leik og urðu þar með fyrstir til þess að leggja Hafnfirðingana að velli í sumar. Blikar höfðu fyrir FH-leikinn unnið sjö leiki í þessum 25 umferðum (2007 og 2008) en hafa síðan gert 3 jafntefli og tapað fjórum leikjum í næstu leikjum eftir sigur. Breiðablikslíðið vann síðast tvo leiki í röð í öðrum og þriðja leik sínum eftir að Ólafur Kristjánsson tók við í júlí 2006. Blikar unnu þá 1-0 sigra á ÍBV á útivelli og Víkingi á heimavelli.

Þetta gæti orðið langþráð kvöld fyrir Blika, miðað við gengi og tölfræði liðsins væri það gott veganesti í framhaldið að leggja tvær grýlur að velli í Laugardalnum í kvöld.

**HETJAN 2006** Marel Baldvínsson skoraði sigurmarkið í báðum sigurleikjum Blika í júlí 2006.

## GENGI Í LAUGARDALNUM (frá 4. júní 1981)

Leikir	27
Sigrar	0
Jafntefli	16
Tapleikir	11
Markatala	22-37
Stig í húsi	16 af 70 (23%)
Stigahlutfall	23%

## GENGI EFTIR SIGURLEIK (Sumrin 2007 og 2008)

Leikir	7
Sigrar	0
Jafntefli	3
Tapleikir	4
Markatala	8-13
Stig í húsi	3 af 21 (14%)



**NÝTT LIÐ** Hjörtur Hjartarson lék með ÍA þegar Þróttarar spiluðu síðast uppi á Skaga. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR KRISTÓFERSSON

## Þróttarar geta sett félagsmet: Söguleg stund á Skaganum?

**FÓTBOLTI** Þróttarar heimsækja Skagamenn á Akranesi í 8. umferð Landsbankadeildar karla í kvöld og þar geta þeir afrekað tvennt sem engu öðru Þróttaraliði hefur tekist; að vinna deildarleik á Skaganum og að vinna sinn fjórða leik í röð í efstu deild.

Þróttur hefur unnið þrjá síðustu leiki sína í deildinni og hefur aðeins náð því tvisvar áður í efstu deild. Þróttarar unnu þrjá leiki í röð í tvígang í fyrri umferð sumarið 2003 en þá enduðu sigurgöngurnar á tapi í Grindavík í fyrria skiptið og á tapi á KR-velli í síðara skiptið.

Þróttarar hafa alls leikið þrettán leiki í efstu deild á Skaganum og aðeins náð í eitt stig í þeim, í 2-2 jafntefli 20. september 1998. Þróttarar lentu þá 2-0 undir eftir 19 mínútur en náðu að jafna leikinn fyrir hlé. Markatala Þróttaraliðsins í þessum leikjum er 8-33, Skagamönnum í hag.

Síðasti leikur liðsins uppi á Akranesi tapaðist 1-0 16. maí 2005 en það var einmitt Hjörtur Júlíus Hjartarson, núverandi leikmaður Þróttar, sem skoraði sigurmark Skagamanna í þessum leik.

AÐEINS VÍKA EFTIR

# Nafnspjöld á 50% afslætti í júní

Veldu nafnspjöld sem henta þér...

GÓÐ BETRI

Glansandi RÚNNUÐ

NÝTT!

250stk verð frá **5.322kr** með vsk

Frosti litaklessa  
markaðsgæru Prentun.com

**REYKJAVÍK**  
Sími 5276500

**REYKJANESBÆ**  
Sími 4210001

**KÓPAVOGI**  
Sími 5522930

**HORNAFIRÐI**  
Sími 4782052

EINFALT OG ÁRANGURSRIKT

# VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

8. umferð	Landsbankadeild karla		
mán. 23. júní	Keflavík	19:15	Fjölnir
mán. 23. júní	ÍA	19:15	Þróttur R.
mán. 23. júní	HK	19:15	KR
mán. 23. júní	Fram	20:00	Breiðablik
þri. 24. júní	Valur	20:00	FH
mið. 25. júní	Fylkir	21:00	Grindavík

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn. Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

## > Jessica Alba

„Það er ekki nóg að hafa rétta útlitið fyrir hlutverk, maður þarf líka að geta leikið það,“ segir Jessica Alba en hún leikur í kvikmyndinni The Eye sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** OG MAÐUR MÓTSINS

# Settu nú eitt helvítis kvikindi

Fyrir fáum árum síðan gekk orðið kvikindi í endurnýjun lífdaga. Í þúsund ár hefur orðið verið alþýðu manna tamt og óspart notað til aðgreiningar og áherslu. Ég hef persónulega aldrei notað þetta orð til að sundurgreina hunda og ketti frá öðrum búfénaði en það gerðu bændur áður fyrr. Sjómenn notuðu orðið yfir smáfisk og lítill lömb þegar í land var komið. Allar stéttir hafa notað orðið yfir rætna og niska menn eða hvern þann sem var svívirðilegur í þeirra augum. Þeir sem áttu eitthvað undir sér töluðu um „allra sveita kvikindi“, þegar einstaklingur gerðist svo djarfur að flakka um sveitir landsins. Laxness svaraði fyrir flökkulýðinn að vissu leyti í Heimskringlu þegar hann lagði sögupersónu sinni þau orð í munn að ekkert kvikindi sem skríður á jörðinni sé eins auvirðilegt og viðbjóðslegt og auðgur maður með samvisku. Svo kom Þorsteinn Joð til sögunnar og breytti skilningi og notkun okkar á orðinu góða. Hann sneið í raun

nýrði úr þessu aldagamla orði og vikkaði það út, okkur til heilla um alla framtíð. Ég held að það hafi verið í uppgjörsþætti Þorsteins í kringum heimsmeistaramótíð í fótbolta í Frakklandi árið 2002 sem hann fyrst kynnti listasmíð sína til leiks. Þorsteinn notaði orðið yfir mörk keppninnar og þá gjarnan til áherslu þegar honum þótti vel gert. Úr varð hrósróði. Ástæður þess að hann kaus að nota orðið í þessum skilningi eru mér ókunnar en mig rennir í grun að rekja megi upphafið til þess tíma sem hann spilaði stöðu bakvarðar, fyrir einhverjum árum síðan. Hvaða orðasamsetning kemur fyrst upp í huga varnarmanns þegar andstæðingurinn skorar? Gæti verið að kvikindi leiki þar hlutverk? Ég held að þetta sé fjórða stórmótíð sem Þorsteinn kemur að með óhefðbundinni þáttagerð af einhverju tagi. Og ef kvikindi er hrósróði þá vil ég segja þetta: Þorsteinn Joð! Þú ert helvítis kvikindi!



## EKKI MISSA AF



▶ **18.30 American Dad** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45 Fram - Breiðablik** Landsbankad. beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.35 Hey Paula** NÝTT SKJÁREINN



▶ **21.10 Lífsháski (Lost)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45 Missing** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leidarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Ungar ofurhetjur (Teen Titans)
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Gurra grís
- 18.06 Lítil prinsessa
- 18.17 Herra menn (8:52)
- 18.30 Út og suður Endursýndir þættir frá 2005.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Eyjarnar á Eystrasalti Þýsk heimildamynd um eyjarnar Rügen, Vilm og Hiddensee á Eystrasalti.
- 20.45 Vínir í raun (In Case of Emergency)(2:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólasystkini sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins ólgusjú.
- ▶21.10 Lífsháski (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið Farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.
- 22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives)(9:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð.
- 23.30 Soprano-fjölskyldan (The Sopranos VI) (20:21) (e)
- 00.20 Kastljós (e)
- 00.45 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 06.00 Everybody's Doing It
- 08.00 Fjölskyldubíó-Shark Tale
- 10.00 Hot Shots!
- 12.00 You, Me and Dupree
- 14.00 Fjölskyldubíó-Shark Tale
- 16.00 Hot Shots!
- 18.00 You, Me and Dupree
- 20.00 Everybody's Doing It
- 22.00 The Eye Hrollvekjandi spennu- mynd með Jessica Alba í aðahlutverki um blinda stúlku sem fær hræðilegar sýnir eftir að hafa farið í augnaðgerð.
- 00.00 The Wool Cap
- 02.00 Pieces of April
- 04.00 The Eye

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Camp Lazlo, Rannsóknarstofa Dexters og Kalli kanína og félagar.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella
- 10.15 Til Death (11:22)
- 10.40 My Name Is Earl (5:22)
- 11.10 Homefront (10:18) (e)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbors
- 13.10 Bride & Prejudice
- 15.10 Numbers (19:24)
- 15.55 Háheimar
- 16.18 Leðurblökumaðurinn
- 16.43 Skjaldbökurnar
- 17.08 Tracey McBean
- 17.18 Louie
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbors
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.30 The Simpsons (5:22)
- 19.55 Friends
- 20.20 So you Think you Can Dance 4
- ▶21.45 Missing (8:19) Þriðja þáttaröð spennu myndaflokks um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastri- ni er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður. Nicole Scott er félagi hennar og hörkulögga sem veigrar sér ekki við að beygja reglurnar til þess að leysa glæpi.
- 22.30 It's Always Sunny In Philadelphia (1:10) Önnur þáttaröð gamanþáttaröð af fjóra félaga sem reka saman bar en eru of sjálmuglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árákstrar á milli þeirra.
- 22.55 Kuffs George Kuffs hefur gefist upp á flestu í lífinu og þegar kærastan hans sem er enn í háskóla verður ólétt, ákveður hann að láta sig hverfa.
- 00.35 Midnight Mass
- 02.10 Bride & Prejudice
- 04.00 Missing (8:19)
- 04.45 The Simpsons (5:22)
- 05.10 It's Always Sunny In Philadelphia (1:10)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag
- 06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

## SPORT

besta sætið

- 17.30 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttapáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.
- 18.00 Augusta Masters Official Film Vandaðir þættir um eftirminnleg Masters-mót sem er eitt af fjórum risamótum í golfi. Ávallt er keppt um græna jakkann og mótíð fer fram á Augusta National vellinum. Í gegnum tíðina hafa þeir Tiger Woods, Jack Nicklaus og Arnold Palmer verið sigursæl- astir á mótinu. Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1997 en þá sigraði Tiger í fyrsta sinn.
- 18.55 Landsbankamörkin 2008 Allir leik- imir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferð- inni skoðuð.
- ▶19.45 Landsbankadeildin 2008 Bein útsending frá leik Fram og Breiðabliks í Landsbankadeildinni.
- 22.00 Landsbankamörkin 2008
- 23.00 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál lið- andi keppni og þau krufin til mergjar.
- 23.40 Landsbankadeildin 2008 Útsend- ing frá leik Fram og Breiðabliks í Lands- bankadeildinni.

## SPORT 2

- 17.20 EM 4 4 2 Íþróttafréttamaður Stöð- var 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.
- 17.50 Premier League World Nýr þátt- ur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir og gömlu stjórnumar leitaðar upp.
- 18.20 Season Highlights 1999/2000 Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 19.15 Bestu leikirnir Man. Útd. - Chelsea
- 21.00 Oliver Kahn - A Legend's Last Year Heimildarmyndarþáttur um einn besta markvörð heims, Oliver Kahn. Í þessum þætti verður ferill hans skoðaður og hægt verður að kynna Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.
- 22.30 Champions of the World Fjallað um knattspymuna í Kólumbíu. Frá Kólumbíu hafa komið skemmtilegir knattspymenn en jafnframt hafa ýmis leiðindaatvik komið slæmu orði á knattspymuna í landinu. Er skemmt að minnast morðsins á landsliðs- mannum Escobar eftir HM 1994.
- 23.25 Bestu leikirnir Newcastle - Tot- tenham

## SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Dynasty (e)
- 09.30 Vörutorg
- 10.30 Óstöðvandi tónlist
- 14.40 Vörutorg
- 15.40 Life is Wild (e)
- 16.30 Girlfriends Gamanþáttur um vin- konur í blíðu og stríðu.
- 17.00 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar.
- 19.20 Jay Leno (e)
- 20.10 Kimora. Life in the Fab Lane Ki- mora vakti fyrst athygli sem fyrirsæta þegar hún var 14 ára og í miklu upphaldi hjá Karl Lagerfeld. Eftir farsælan feril í mód- elbransanum snéri hún sér að fatahönn- un og stofnaði fatalíuna Baby Phat. Í þess- ari þáttaröð hleypir hún áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt.
- ▶20.35 Hey Paula - NÝTT Söngdíván og dansdrottningin Paula Abdul sýnir áhorfend- um hvernig stjórnuhlíf er í raun og veru. Auk þess að vera dómari í American Idol er Paula að þróa snyrtivörur, skartgrip og fata- línu sem bera nafn hennar. Eins og stjór- num sæmir er hún með heilan her af að- stöðarfólki.
- 21.00 Eureka (6.13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndar- mál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.
- 21.50 C.S.I. - Lokapáttur Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti.
- 23.30 Girlfriends (e)
- 00.00 Vörutorg
- 01.00 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Þrjár góðar ástæður til að vakna klukkan sjö á morgnana...

www.fm957.is

Svalli, Gassi og Slótt á FM957

**Zurber**

67% landsmanna undir fertugu hlusta á FM957

Capacent

FM957

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 20.20

## So You Think You Can Dance

Sjónvarpsviðburður sumarsins hefst í kvöld. Frá framleiðendum American Idol kemur fjórða þáttaröðin af So You Think You Can Dance og hefur þátturinn aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tókum á nýrri danstækni í hverri viku en að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

## CSI - Lokabáttur

## Skjareinn kl. 21.50

Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas-borgar. Í lokabætti áttundu þáttaraðar má búast við mikilli dramatík. Warrick er sakaður um morð á mafiósa og hann veit ekki sjálfur fyrir vist hvort hann sé sekur eða saklaus.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
10.13 Látún	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Litla flugan rifjar upp Eurovision
12.02 Hádegisútvarp	21.10 Framtíð lýðræðis
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.15 Kvöldsagan: Svartfugl
13.00 Vítt og breitt	22.45 Kvöldtónar
14.03 Út um víðan völl	23.30 Lostafulli listræninginn
15.03 Útvarpsagan: Múrin í Kína	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

## 16.00 Hollyoaks

## 16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (15:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

17.30 Entourage (12:20) Verðlaunabættir sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni. Raunalegt framapöt Vincents og félagi í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn er bæði skrykkjótt og brött. Á slíki þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það skemmt fyrir.

18.00 Comedy Inc. (21:22) Ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

▶ 18.30 American Dad (15:19) Fjórða serían um Stan Smith og fjölskyldu hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.

## 19.00 Hollyoaks

## 19.30 Hollyoaks

## 20.00 Seinfeld (15:22)

## 20.30 Entourage (12:20)

## 21.00 Comedy Inc. (21:22)

## 21.30 American Dad (15:19)

## 22.00 Women's Murder Club (2:13)

## 22.45 The Riches (3:7)

## 23.40 Wire (1:13)

## 00.40 Sjáðu

## 01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Guðrún Bergmann, Elísabet Jökulsdóttir, Guðmundur B. Jónasson, Guðjón Bergmann.

21.00 Mæður og dætur Umsjón: Steinunn Gunnlaugsdóttir. Gestir: Margrét Ákadóttir, Helga Arnardóttir og Íris Ingvarsdóttir.

21.30 Ármann á Alþingi Umsjón: Ármann Kr. Ólafsson Gestur: Gestur Pétursson, stjórnarformaður Heilsuverndarstöðvanna.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Vagn på floden 11.30 Søren Ryge præsenterer 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 En lille reminder 14.05 Last Exile 14.30 Den lyserøde panter 14.35 Naruto 15.00 Robotboy 15.15 Robotboy 15.30 Mine venner Tigerdyret og Plys 15.55 Manda 16.00 Sommertid 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Sommervejret på DR1 17.05 Hercule Poirot 18.00 Tæt på en dronning 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Sankt Hans aften 20.00 For Love of the Game 22.10 Seinfeld

## NKT1

10.00 Naboer 10.25 Med hjertet på rette staden 11.10 Med hjertet på rette staden 12.00 Wimbledon direkte 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Smaken av Danmark 18.00 Norsk attraksjon 18.30 'Allo, 'Allo! 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Tudors 20.30 Det siste bålet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Nachspiel Wimbledon 21.35 Den mistenkte 23.15 20 spørsmål 23.40 Sport Jukeboks

## SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Fotbollsakademin 10.35 Sportspegeln 11.20 Grön glädje 12.30 Kattoma 14.00 Rapport 14.05 Gomorrön Sverige 15.00 Himlen över Danmark 15.30 Strömsö 16.00 Hannas hjälplinje 16.10 Ebb och Flo 16.15 Rorri Racerbil 16.25 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.50 Det femte väderstreck 17.00 Blue water high 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Sommartorpet 18.30 Packat & klart sommar 19.00 Foyle's war 20.35 Guds barn 21.45 Rapport 21.55 Kören - killar sjunger inte 22.55 Brottskod: Försvunnen 23.40 Sändningar från SVT24

skemmtilegri

Kristall plus GÓÐUR OG SVALANDI

KFC

SO YOU THINK YOU CAN DANCE – HEFST Í KVÖLD KL. 20:20

# SJÓNVARPSVIÐBURÐUR SUMARSINS

ALDREI BETRI DANSARAR – OG ALDREI VERRI

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er að hlusta á Megas núna, en yfirleitt er það Rás 2 þegar ég er með útvarpið í gangi. Annars fer það allt eftir því hvað ég er að gera og hvernig stemningin er hverju sinni hvaða disk ég set í spilarann.“

Víkingur Kristjánsson leikari

# Íslenskir vertar íhuga München-leiðina

Íslenskir vertar hafa átt í vandræðum með að aðlaga staði sína að reykingarbanninu síðan það tók gildi hér á landi fyrir ári síðan. Algjört reykingarbann hefur þýtt að hávaði og sóðaskapur hefur í miklum mæli færst út á götur borgarinnar. Kormákur Geirharðsson, eigandi Ölstofunnar, telur að ekki sé ólíklegt að gerðar verði einhverjar breytingar á rekstrarformi veitingastaða. „Það hefur verið í umræðunni að breyta skemmtistöðum í einkaklúbba. Þessi hugmynd er þó aðeins á byrjunarstigi og hefur ekki verið könnuð ofan í kjölinn enn sem komið er,“ segir Kormákur.



Gallann við einkaklúbba segir Kormákur vera þann að íslensk vinnuverndarlöggjöf bannar reykingar og því væri ólöglegt að ráða afgreiðslufólk til starfa. „Einkaklúbbar eru fyrirbæri sem gætu vel poppað upp í framtíðinni ef lögin í kringum reykingabannið breytast ekki. Ég veit að margir eru tilbúnir til að greiða félagsgjöld til þess eins að fá að sitja í friði og reykja,“ segir Kormákur. Annar eigandi Boston á Laugarvegi taldi að

## ÚTILOKA EKKI ÞÝSKU LEIÐINA

Kormákur Geirharðsson og aðrir vertar í Reykjavík útiloka ekki að taka upp þýsku leiðina.

auðveldasta lausnin væri að hafa sérstök reykerbergi á skemmtistöðum en sagði jafnframt að ef ekkert breyttist í þessum málum væri þetta lausn sem vert sé að íhuga. Og þetta á sér fyrirmynd. Vertar í München hafa fundið smugu til þess að komast hjá reykingarbanninu sem þar ríkir. Þeir vertar sem ekki vilja hlýða banninu hafa nefnilega tekið upp á því að breyta veitingastað sínum í einkaklubb þar sem gestir gerast meðlimir og fá inngöngu á staðinn með því að framvísa sérstöku skírteini. Menn þurfa þó ekki að borga félagsgjöld til þess að gerast meðlimir heldur er það þeim að kostnaðarlausu að kveikja sér í einni innandyra. Síðan í janúar hefur um fimmtíu veitingastöðum í München verið breytt í einkaklúbba.

- sm

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2. glansa, 6. frá, 8. mælieining, 9. rá, 11. tveir eins, 12. land í Asíu, 14. kryddblanda, 16. í röð, 17. væl, 18. ennþá, 20. dreifa, 21. velta.

### LÓÐRÉTT

1. umrót, 3. 950, 4. planta, 5. fiskur, 7. margbrotinn, 10. púka, 13. mælieining, 15. skál, 16. húðpoki, 19. nudd.

### LAUSN

16. hes, 19. nú.

LÓÐRÉTT: 1. rask, 3. ím, 4. jólarós, 5. gól, 18. enn, 20. sá, 21. snúa.

LÁRÉTT: 2. gljá, 6. af, 8. mól, 9. slá, 11. lí, 12. kóræna, 14. karr, 16. h, 17.

### VEISTU SVARID

svör við spurningum á síðu 8

- 1 Í Hrauninu við Kúagerði.
- 2 Póra B. Helgadóttir.
- 3 Björgvin ekur um á vespu.

**Auglýsingasími**

**512**

**5050**

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

STEFÁN KARL: LOKSINS KOMINN MEÐ GRÆNA KORTIÐ

## Framtíð Glanna glæps óráðin

„Framlagi mínu til Latabæjar er lokið í bili og framhaldið er algjörlega óráðið. Sem stendur er ekki til neinn samningur milli mín og Latabæjar og því er þetta ekki í mínum höndum heldur fyrirtækisins,“ segir Stefán Karl Stefánsson, sem er nýbúinn að leika Glanna glæp í nýjustu Latabæjarseríunni. Upphaflega stóð ekki til að framhald yrði á sjónvarpsþáttunum eftir síðustu þáttaröð en vegna mikillar eftirspurnar erlendis var ákveðið að ráðast í gerð nýrrar þáttaröð, sem verður þó ekki með hefðbundnu Latabæjar-sniði. „Nei, þarna er meira gert út á að ná til neytandans, þættirnir eiga að stuðla að virkari þátttöku áhorfenda.“ Stefán Karl útilokar ekki að þetta hafi verið í síðasta sinn sem hann skellir hinni risavöxnu höku á sig. „Það er bara ekki í mínum höndum að ákveða það,“ segir Stefán Karl.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir nokkru var Stefán Karl fenginn til að leika The Grinch í ansi stórríki leiksýningu í Bandaríkjunum. Þá stóð til að hún yrði sett upp á Broadway en að sögn Stefáns hefur verið fallið frá því í bili. Nú sé verið að skoða Baltimore og Boston og jafnvel Los Angeles á næsta ári. Enn sem fyrr segir Stefán að þetta sé ekki hans að ákveða, framhaldið sé í höndunum á umboðsmanni hans og lögfræðingi.

Stóri sigurinn vannst hins vegar fyrir nokkru en þá fengu þau Stefán Karl og Steinunn Ólína, eiginkona hans, græna kortið. Þau hafa hingað til verið með bráðabirgðaleyfi en græna kortið gefur þeim mun meira frelsi. „Núna getur maður kannski fyrst farið að njóta þess að vera hérna úti og skoðað aðeins hvað það er sem maður vill virkilega gera hérna,“ útskýrir Stefán en hann segir umsóknarferlið hafa tekið þrjú ár og verið frekar strembið. „Þetta var naflaskoðun. Maður er spurður hvaða pólitísku skoðanir maður hefur, um trúarskoðanir og svo framvegis og svo framvegis. Ég er bara feginn að þessu sé loksins lokið,“ segir Stefán.



VARÐ VITNI AÐ SÖGULEGU ATVIKI Stefán Karl var meðal áhorfenda á Torrey Pines-vellinum þegar Tiger Woods setti niður fugl á Opna bandaríska og tryggði sér bráðabana sem hann vann síðan.

MUND/AMA

Leikarinn fékk reyndar draum sinn uppfylltan í vikunni þegar hann var viðstaddur US Open-golfmótið en golfbakterían hefur náð öllum tókum á honum. „Ég stóð fimmtán metra fyrir aftan Tiger Woods þegar hann náði fugla-púttinu á átjándu á sunnudeginum og tryggði sér sæti í

bráðabana. Ég nennti ekki alveg að fara á mánudeginum og fylgjast með bráðabananum því mér skildist að tæplega þrjátíu þúsund áhorfendur ætluðu að fylgja þeim,“ segir Stefán en þessu atviki á Torrey Pines hefur verið lýst sem einu af fimm mögnuðustu atvikum í golfsögunni. -fgg

### FRÉTTIR AF FÓLKI

**Samúel Jón Samúelsson** er umsvifamikill tónlistarmaður, en einnig er hann útgefandi. Hjá útgefendum er gjarnan gott að vera í góðu sambandi við skjólstaðinga sína til að samstarf listamanns og útgefanda gangi sem smurt. Þetta veit Samúel en árið 2005 gaf hann út plötuna



Melodia með **Sólveigu Samúelsdóttur** sem er systir hans. Nú gengur hann skrefi lengra því væntanleg er fyrsta breiðskífa **Kristínar Bergsdóttur** í haust, sem Samúel gefur einnig út. Kristín er kærasta Samúels og því er samband listamanns og útgefanda eins gott og á verður kosið.

Níu íbúar við Vegamótastíg, Grettisgötu og Klapparstíg hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem ummælum **Kormáks Geirharðssonar** í Fréttablaðinu, þess efnis að hann teldi kvartanir vegna hávaða frá Ölstofunni vera mest komnar frá einu símanúmeri, er mótmælt. Í yfirlýsingu kemur fram að umræddir íbúar verði fyrir ómældu ónæði á kvöldin og um helgar vegna kráa í nágrenninu og er þess krafist að lögreglustjóri og borgaryfirvöld stytta afgreiðslutíma Ölstofu, Vegamóta, Ólivers og 22. Hins vegar kemur ekkert fram í yfirlýsingu þess efnis að kvartanir hafi borist úr mörgum fleiri símanúmerum en einu.

Enn bættist í hóp vespueigenda á landinu, enda farskjóttinn hinn ákjósanlegasti hvað rekstrarkostnað og annað varðar. **Sigurjón M. Egilsson**, ritstjóri Mannlífs, hefur nýverið fest kaup á vespu hjá leikaranum **Gunnari Hanssyni**, sem flytur þær inn ásamt bróður sínum, og mun hann því sjást geysast um göturnar á ítölsku tryllitæki í sumar. Sigurjón bættist í þar með í fríðan flokk viðskiptavina Gunnars, en Geirfuglinn **Stefán Már Magnússon** og **Björgvin Halldórsson** sjálfur hafa þegar fest kaup á vespum hjá leikaranum.



## Gæsir hrifnar af kjöltudanssi

Súludans, eða Pole Fitness, hefur verið vinsælt innslag í líkamsræktinni undanfarið. Vinsældir hans fara síð dvinandi, að sögn Josy Zareen, danskennara og eiganda Magadanshússins, sem er meðal þeirra sem bjóða upp á námskeið í súludansi. „Hann er ennþá vinsæll en ég held að fólk sé samt enn dálítið hrætt við hann út af nafninu,“ segir Josy. Súludansinn hefur hins vegar slegið í gegn í gæsapartíum, þar sem þátttakendur virðast lausir við alla feimni.

„Einhleypu stelpurnar eru dálítið feimnar, en þessar giftu eru alveg villtar, sem er mjög fyndið,“ segir hún og hlær við. „Eg er bókuð frá morgni til kvölds fram í september í gæsapartíum. Allra vinsælastur í

gæsapartíunum er hins vegar kjöltudansinn, þær vilja meira af honum,“ segir Josy. Hún hefur ekki haldið skipulagt námskeið í kjöltudansi hingað til, en stefnir á að kenna hann í júlí. „Við erum að byrja með námskeið þá sem heitir Desperate Housewives. Það verður í fjórar vikur, og eina vikuna ætlum við að kenna konunum að vera svolítið munúðarfullar, þá förum við í kjöltudansinn,“ segir Josy.

Hún tekur einnig á móti steggjapartíum í Magadanshúsinu, þó að gæsirnar séu í meirihluta. „Já, já, strákarnir koma líka. Þeir missa sig alveg á súlunum, og þeir eru svo stórir að ég er yfirleitt hálfhrædd um að þær brotni,“ segir Josy hlæjandi.

- sun



**BRJÁLAD AÐ GERA** Svo mikil aðsókn er í súludans í gæsapartíum í sumar að Josy Zareen, danskennari og eigandi Magadanshússins, er bókuð frá morgni til kvölds fram í september.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**FISKBÚÐIN HAFBERG**

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Glæný línuýsa, lax, lúða, skötuselurgellur, sigin grásleppa.

**Úrval fiskrétta á grillið**



opið

mán-fös 10-18:15  
og lau 11-14:00

18. - 24. júní

# Stjörnuvika

allir 12 tommu bátar á...

**SUBWAY**

**6000** kr.



**SUBWAY**

*í fínu formi*

Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi  
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Fitjum Njarðvík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi  
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ

BAKÞANKAR  
Práins  
Bertelssonar


## Vér alvöru- kapítalistar!

Alvörukápitalisti lítur á samkeppni sem óhjákvæmilegan hlut. Ekki sérlega geðslegan en óumflýjanlegan. Ef maður stendur sig betur en keppinautarnir þá er það gott. Ef ekki þá á maður ekkert erindi í samkeppnisgrein- ar, ekki fremur en öllum er gefið að hafa áhuga eða taka þátt í keppnisþróttum. Alvörukápitalisti gefur dauðann og djöfulinn í fyrirgreiðslu frá ríkinu og framleiðir eitthvað sem almenningur vill kaupa. Rétt er að taka það fram að lífið sjálft kenndi mér kápitálisma – mér hefur aldrei dottið í hug að réttlætið eigi lögheimili á markaðstorginu.

**PILSFALDAKAPÍTALISTINN** er hins vegar hugleysingi sem talar digurbarkalega til að leyna því að hann óttast samkeppni. Hann reiðir sig á fyrirgreiðslu frá ríkinu gegnum pólitísk tengsl, skyldleika, tengdir eða undirlægjuhátt (samanber tárivotar blaðagreinar um að ekki megi láta skyldleika barna valdapólitíkusa við foreldra sína verða afkvæmunum fjötur um fót á teppalagðri framabraut hjá hinu opinbera).

**RÍKI** er í eðli sínu fjöldasamtök og eðli og tilgangur fjöldasamtaka er að hugsa um hagsmuni heildarinnar – en ekki að koma sér upp dekurdyrum sem þykjast vera að keppa við hvert annað á dúnmjúkum markaði með ríkisábyrgð sam- anbrotna undir flösusjampóinu og rakspíra með Boss- eða Beckhamslykt.

**VÉR** alvörukápitalar erum eins og flær sem lifa á hundi. Hundurinn er þjóðin og ríkisstjórn og Alþingi eru hundahirðar og hunda- hreinsunarmenn. Við ætlumst ekki til annars en hundurinn haldi áfram að tóra svo að við getum haldið áfram að sjúga úr honum okkar næringu samkvæmt lög- málum náttúrunnar. Pilsfaldaliðið vill láta ríkið geyma hundinn í búri til að sjúga úr honum blóðið til að vökva sérvaldar flær af hægri síðunni svo að þær þurfi ekkert að hafa fyrir lífinu. Alvöru- kápitalar eins og Warren Buffett (og ég) teljum hins vegar að flærnar eigi að bjarga sér sjálf- ar og best sé að hundurinn hlaupi um frjáls svo lengi sem hann bitur engan. Líka að hann ráði því sjálf- ur hvort eða hvenær hann klórar af sér þær flærnar sem bita sár- ast.

  
**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 23. júní,  
176. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	2.56	13.30
Akureyri	1.31	13.15

Heimild: Almanak Háskólans

# VINSÆLIR JEPPLINGAR FRÁ NISSAN

Komið og kynnið ykkur sérkjör  
sem verða á nokkrum bílum!



VERÐ FRÁ:  
**3.140.000 kr.**

### Nissan Qashqai

Þetta er einn mest seldi fjórhjóladrifni  
bíllinn á Íslandi. Rúmgóður bíll með  
öllu sem hugurinn gjrnist.



VERÐ FRÁ:  
**3.770.000 kr.**

### Nissan X-Trail

Nissan X-trail er mitt á milli hefðbundinna jeppa og  
jepplinga í stærð. Hann er sem sagt stærri en hinir  
og þegar þú ekur honum finnst þér hann vera  
meiri jeppi en þú bjóst við.



### VIÐ KOMUM TIL ÞÍN!

Við hjá Ingvari Helgasyni höldum uppteknum hætti og bjóðum  
upp á rjúkandi grillpilsuveislu í hádeginu, en að þessu sinni  
komum við til þín í vinnuna með grillið og bíla til reynsluaksturs á  
höfuðborgarsvæðinu. Öðruvísi og skemmtileg þjónusta fyrir þig.

PANTAÐU HEIMSÓKN Í FYRIRTÆKID ÞITT  
í síma 525 8000 eða tölvupóst: ihadeginu@ih.is

Reykjavík, Sævarhóla 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940  
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON